



**16,75%**  
TILBOÐS  
VENTIR!  
S24  
...og þú hagnaðist

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. september 2007 – 245. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR

### Einkarekið líkhús

Hjónin Kristinn Jóséppson og Margrét Guðný Sólva-  
dóttir reka líkhús  
og útfara-  
þjónustu.

FRÉTTIR 12



### Slær í gegn í Bandaríkjunum

Eyrún Eyleifsdóttir verðlaunuð í  
Hollywood.

FÓLK 30

### Íslenskur Dan Brown

Nýrri bók Óttars  
Norðfjörð er líkt við  
Da Vinci-lykilinn.  
Höfundurinn gengst  
fyllilega við  
þeirri samlík-  
ingu.

FÓLK 30

### Sumarið hennar Nínu

Nína Björk Geirs-  
dóttir, kylfingur  
úr Kili, vann þrjá  
stærstu titla golf-  
sumarsins 2007.

ÍPRÓTTIR 26




### VEÐRIÐ Í DAG



**HVASSVIÐRI** Með morgninum  
verður allhvöss og sums staðar  
hvöss sunnan- og síðar suðvestanátt  
vestan til á landinu. Hvessir norðan  
til síðar í dag. Rigning eða skúrir um  
mest allt land síð þó norðaustan og  
austan til. Hiti 9-15 stig. **VEÐUR 4**

### Mánudagur

Lestur meðal 18-49 ára  
á höfuðborgarsvæðinu



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í júlí 2007



**ALPJÓÐLEG BÓKMENNTAHÁTIÐ SETT** Fjölmenni var við setningu bókmenntahátíðar í glerskalanum við Norræna húsið í gær. Meðal gesta voru Thor Vilhjálmsson rithöfundur (til vinstri), Nóbelsverðlaunahafinn J. M. Coetzee, Rúnar Helgi Vignisson rithöfundur og þýðandi Coetzee, Guðrún Guðmundsdóttir, eiginkona Rúnars, og Sigurður G. Valgeirsson, einn skipuleggenda hátíðarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

## Fyrirtæki hafa áhuga á leikskólarekstri

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir segir að áhugi fyrirtækja á því að sjá um rekstur leikskóla verði kannaður. Fyrirkomulag gæti haft í för með sér meiri sveigjanleika sem hentað gæti foreldrum, fyrirtækjum og starfsmönnum leikskóla.

**MENNTUN** „Mér þykir alveg sjálf-sagt að þetta verði athugað. Við höfum reynt að reka fyrirtæki með mjög fjölskylduvæna stefnu og þetta gæti vel orðið hluti af því,“ segir Anna Guðný Aradóttir, markaðs stjóri Samskipa, um hugmyndir Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, formanns leikskólaráðs Reykjavíkur, um að fyrirtæki og félagsamtök geti séð um rekstur leikskóla í framtíðinni.

Þorbjörg segist vilja fá aukna umræðu um leikskólamála og velta upp fleiri möguleikum á rekstrarformi leikskóla. Ekki síst til að reyna að ráða bót á þrálátri mann-eklu. Ekki séu miklir möguleikar fyrir hendi til að hækka laun leikskólakennara eins og staðan sé nú.

Það gæti þó breyst ef fyrirtæki kæmu að rekstrinum í meiri mæli og haft þau áhrif að kerfið þróaðist frekar í takt við markaðinn.

Þorbjörg ítrekar að ekki sé um að ræða einkavæðingu leikskóla heldur einkarekstur. Fyrirtæki gætu valið það rekstrarform sem myndi henta starfsmönnum þeirra, til að mynda haft sveigjanlegri opnunartíma heldur en gerist á leikskólum borgarinnar. Sveitarfélagið myndi þó áfram greiða með hverju barni óháð vali foreldranna á leikskóla.

Slíkt fyrirkomulag segir Þorbjörg tíðkast víða erlendis, til dæmis í Bandaríkjunum. Með þessum hugmyndum sé ekki verið að lasta störf borgarinnar heldur

benda á að fleiri möguleikar séu fyrir hendi en að reksturinn sé hjá sveitarfélögum „Það ættu margir að sjá sér hag í sveigjanlegra fyrirkomulagi,“ segir Þorbjörg en hún segir að til standi að kanna áhuga fyrirtækja á þessum hugmyndum innan skamms.

Vitað er að nokkur fyrirtæki hafa sýnt málinu áhuga.

Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn, segir hugmyndirnar um breytt rekstrarform skólanna einkennast af metnaðarleysi. Unnið hafi verið að því að breyta leikskólum úr félagslegu úrræði yfir í fyrsta skólastigið. Sjálfstæðismenn gefist upp eftir ár við völd og varpi ábyrgð yfir á einkaaðila. **-kdk**

## Ísland heiðursland í Frankfurt: Einstakt tækifæri fyrir Ísland

**MENNING** Óskað verður eftir því að Ísland verði heiðursland bókakaupstefnunar í Frankfurt árið 2011. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skýrði frá þessu við setningu alþjóðlegrar bókmenntahátíðar í gær.

Hún sagði forsvarsmenn bókakaupstefnunar hafa viðröð bennan möguleika við íslensk stjórnvöld. Eftir gaumgæfilega athugun hafi ríkisstjórnin ákveðið að óska eftir þessu, og það muni skýrast á næstu dögum hvort af verði.

„Ef sú verður raunin mun Ísland verða fyrst Norðurlandanna til að takast á við þetta mikla verkefni. Hér væri um að ræða einstakt tækifæri fyrir Íslendinga til að kynna sögu og sjálfsmynd okkar, menningu og bókmenntir fyrir árvökulum augum umheimsins,“ sagði Þorgerður Katrín. **-bj**

## REI ræður stjórnarformann: Rætt við Bjarna Ármannsson

**VIÐSKIPTI** Reykjavík Energy Invest (REI) mun á næstu dögum ráða stjórnarformann. Guðmundur Þorodds-son, forstjóri fyrirtækisins, staðfestir að meðal þeirra sem rætt hafi verið við sé Bjarni Ármannsson, fyrrverandi bankastjóri Glitnis.



BJARNI ÁRMANNSSON

Bjarni hætti störfum hjá Glitni 30. apríl síðastliðinn.

REI er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur, og mun félagið væntanlega veita fyrirtækinu Geysi Green Energy samkeppni á markaði. Glitnir á rúmlega 16 prósent hlut í Geysi. Ekki náðist í Bjarna Ármannsson vegna málsins í gær. **-bj**

Um 50 manns voru handteknir um helgina vegna brota á lögreglusamþykkt:

## Ánægja með afrakstur helgarinnar

**LÖGREGLUMÁL** Almenn ánægja er með afrakstur aukins eftirlits í miðborginni um helgina.

Samtals voru um áttatíu manns handteknir aðfaranótt laugardags og sunnudags vegna mála, þar af fimmtíu vegna brota á lögreglusamþykkt borgarinnar.

Geir Jón Þórisson yfirlöggluþjónn segir brýnt að taka á slíkum brotum vilji menn bæta bráttinn í miðborginni og á það var lögð sérstök áhersla um helgina. Til samanburðar voru aðeins sextíu handteknir vegna brota á lögreglusamþykkt allt árið í fyrra. Þótt lögreglan hafi verið sýni-



**Á VAKTINI** Æðstu menn innan lögreglunnar sinntu eftirliti í miðborginni um helgina. Stefán Eiríksson lögreglustjóri, Jón H. B. Snorrason og Hörður Jóhannesson aðstoðarlögreglustjórar stóðu vaktina. **FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR**

legri en áður getur hún ekki verið alls staðar og komu upp þrjú líkamsárásarmál í fyrrinótt þar sem enginn var handtekinn. Þrír veittust að manni á Stórhöfða í Reykjavík og veittu honum áverka. Maðurinn þekkti árársmennina en hugdist ekki leggja fram kær. Fimm menn veittust að manni við Vínbarinn og var hann fluttur á slysadeild en árársmennirnir voru á bak og burt þegar lögregla kom á staðinn. Þá óskaði maður eftir aðstoð lögreglu í Lækjargötu en sá hafði verið laminn í höfuðið. **-þo / sjá síðu 4**

lesum → skilum  
endurvinnnum

**Taktu þátt**  
Skilaðu blaðinu  
að lestri loknum  
til endurvinnslu  
í gám merktan  
dagblöð

## SPURNING DAGSINS



Geir Jón, mega menn ekki vera migandi fullir lengur?

„Ekki fyrir framan okkur hina.“

Um fimmtíu manns voru handteknir í miðborginni um helgina fyrir brot á lögglusamþykkt. Fjölmargin gerðust sekir um að miga á almanna færi. Geir Jón Þórisson er yfirlögglupjónn.

Hjörleifur Guttormsson krefst umhverfismats vegna Fjarðarvirkjunar:

## Of seint segir bæjarstjórinn

**SKIPULAGSMÁL** „Mér finnst þetta fátíðlegt og hef ekki trú á að þetta hafi nokkur áhrif á framkvæmdina,“ segir Ólafur H. Sigurðsson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, um þá ákvörðun Hjörleifs Guttormssonar, fyrrverandi alþingismanns, að krefjast umhverfismats á virkjun í Fjarðará. Hjörleifur hefur ritað Skipulagsstofnun bréf þar sem hann krefst þess að yfirstandandi framkvæmdir vegna Fjarðarvirkjunar (Gúls- og Bjólsvirkjunar) verði stöðvaðar meðan umhverfisáhrif virkjunarinnar verði metin.

Skipulagsstofnun úrskurðaði árið 2005 að virkjun Fjarðarar skyldi ekki háð mati á umhverfis-

áhrifum. Þá ákvörðun kærði Hjörleifur til umhverfisráðherra sem staðfesti niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Nú krefst Hjörleifur umhverfismats á ný þar sem hann telur þær forsendur sem lágu til grundvallar úrskurði skipulagsstofnunar árið 2005 gjörbreyttar og virkjunin sé umfangsmeiri en ráðgert var í upphafi.

Ólafur hefur sjálfur furðað sig á því að ekki hafi verið gert umhverfismat vegna virkjunarinnar. Hann telur hins vegar fráleitt að stöðva framkvæmdina nú þegar hún er komin langt á veg.

Birkir Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar orku-



SEYÐISFJÓRÐUR Hjörleifur telur umhverfisáhrif Fjarðarvirkjunar meiri en lagt var upp með í upphafi.

virkjunar sem reisir Fjarðararvirkjun, vildi ekki tjá sig um málið þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær.

- þo

Slagsmál í austurborginni:

## Lúskraði á systurum sínum

**LÖGREGLUMÁL** Kona á fimmtugsaldri gisti fangageymslur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt eftir að hafa lúskrað á tveimur systurum sínum í samkvæmi í austurborginni.

Systurnar þrjár voru saman komnar ásamt mönnum sínum en eitthvað hafði slest upp á vinskapi og var lögregla að lokum kölluð á staðinn. Þá hafði elsta systirin veist að hinum yngri, slegið aðra í andlítið með barefli og tekið hina hálstaki. Var konan afar æst og hafðist ekki út nema í jarnum.

Konurnar eru allar á fertugs- og fimmtugsaldri en ekki liggur fyrir um hvað þær rifust.

- þo

## Ásgeir Elíasson er látinn

Ásgeir Elíasson knattspyrnuþjálfari varð bráðkvaddur á heimili sínu í

gærmorgun, 57 ára að aldri. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvo uppkomna syni.

Ásgeir lék á yngri árum knattspyrnu með Fram og

íslenska landsliðinu, og lék handknattleik með ÍR. Hann var virtur knattspyrnuþjálfari, og vann fjölda titla sem þjálfari Fram.

Ásgeir var landsliðsþjálfari frá 1991 til 1995. Hann þjálfaði einnig Prótt Reykjavík og ÍR, en hann var þjálfari ÍR fram í andlátinu. ÍR átti leik gegn Aftureldingu í gær en leiknum var frestað sökum andláts Ásgeirs.

## Mikill áhugi á Geysi Green: Goldman Sachs sýnir áhuga

**VÍÐSKIPTI** Mikill áhugi er á því að komast í hluthafahóp Geysi Green Energy, segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri fyrirtækisins. Hann staðfestir að eitt þeirra fyrirtækja sem sýnt hafi áhuga sé Goldman Sachs, einn stærsti fjárfestingarbanki heims.

Geysi Green var sýndur mikill áhugi á ráðstefnu Glitnis í New York í síðustu viku. „Við höfum átt viðræður við nokkra aðila, en meira get ég ekki sagt á þessu stigi,“ segir Ásgeir.

Hann segir stefnt að því að fá nýja aðila inn í félagið og auka hlutfé. Ekki hafi heyrst á neinum núverandi hluthafa að hugur standi til að selja í fyrirtækinu.

- bj



VERKAMENN VIÐ STÖRF Innanríkisráðherra Bretlands vill gera enskukunnáttu að skilyrði fyrir alla erlenda starfskrafta sem koma til Bretlands til starfa.

NORDICPHOTOS/AFP

# Innflytjendur læri að tala tungumálið

Bresk stjórnvöld hyggjast herða reglur um enskukunnáttu innflytjenda. Rúmur þriðjungur þeirra sem tóku enskuprof í fyrra féll á prófinu.

**LONDON, AP** Væntanlegir innflytjendur í Bretlandi munu þurfa að taka próf til að sýna fram á enskukunnáttu sína samkvæmt áætlunum breskra stjórnvalda.

Gordon Brown forsætisráðherra mun í dag tilkynna að fólk sem kemur frá löndum utan Evrópusambandsins og hyggst starfa í Bretlandi þurfi að sýna fram á kunnáttu í ensku áður en það getur hafið störf að því er skrifstofa forsætisráðuneytisins greindi frá í gær. Mun fólkið annaðhvort þurfa að sýna fram á að hafa staðist alþjóðlega viðurkennt enskuprof eða að hafa öðlast

háskólagráðu í námi kenndu á ensku.

Undir nýgildandi reglum skipta stjórnvöld erlendum starfskröftum sem koma frá löndum utan Evrópusambandsins í þrjá hópa eftir menntun þeirra. Eins og er þurfa aðeins þeir sem falla hóp þeirra með mestu menntunina að sýna fram á enskukunnáttu áður en þeir koma til Bretlands. Nú liggur fyrir að láta skilyrði um enskukunnáttu einnig ná yfir miðjuhópinu.

Jacqui Smith, innanríkisráðherra Bretlands, hefur lýst yfir vilja til að gera enskukunnáttu að

skilyrði fyrir alla þrjá hópana. „Þeir sem við bjóðum velkomna inn í Bretland til að vinna og setjast hér að þurfa að skilja okkar hefðir og finnst þeir vera hluti af sameiginlegri þjóðarmenningu okkar.“ Smith var spurð í sjónvarpsviðtali á BBC í gær hvort þessar fyrirætlanir væru liður í því að fækka innflytjendum en kom hún sér hjá því að svara spurningunni beint.

Af 96.000 faglærðum innflytjendum sem komu til Bretlands í fyrra féllu 35.000 á prófi í enskukunnáttu samkvæmt breska dagblaðinu The Sunday Telegraph. [sdg@frettabladid.is](mailto:sdg@frettabladid.is)



NORÐURLANDAMEISTARAR Sveit Laugalækjarskóla var sigursæl um helgina.

MYND/ÓTTAR FELIX HAUSSON

Norðurlandameistarar í skák:

## Laugalækjarskóli sigraði

**SKÁK** Sveit Laugalækjarskóla vann öruggan sigur á Norðurlandamóti grunnskólasveita í skák sem fram fór í Lavia í Finnlandi, en mótinu lauk í gær. Þetta er þriðja árið í röð sem sveit frá Laugalækjarskóla verður Norðurlandameistari.

Sveitin fékk 16,5 vinning af tuttugu mögulegum. Torfi Leósson, annar lióssstjóri hópsins, sagði að breidd og samheldni sveitarinnar hafi ráðið úrslitum.

Í sveitinni voru þeir Daði Ómarsson, Vilhjálmur Pálmason, Matthías Pétursson, Einar Sigurðsson og Aron Ellert Þorsteinsson.

- bj

Skothvellir við sumarþústaði:

## Hald lagt á haglabyssu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um skothvelli í sumarþústaðahverfi í Þingvallasveit á laugardagskvöld. Um óljósa ábendingu var að ræða og ekki unnt að greina hvaðan hvellirnir komu fyrir en önnur tilkynning barst síðar um kvöldið.

Lögregla fór á staðinn og fann skothylki við einn þústaðinn. Þar var fólk í samkvæmi og virtist sem það hefði gert sér að leik að skjóta úr haglabyssu upp í loftið.

Enginn veislugestanna var með byssuleyfi og því lagði lögreglan hald á byssuna.

- þo

Lögreglustjóri segir veitingamenn í miðborginni samvinnuþýða:

## Erfitt að hindra að fólk beri ílát út

**LÖGREGLUMÁL** „Mér þykir ansi hart að loka skemmtistöðum sem hleypa fólki út með drykkjarílát,“ segir Kormákur Geirharðsson, veitingamaður á Ölstofunni í Reykjavík, en eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur lögregla heimild til þess að loka stöðum sem brjóta áfengislög með þessum hætti.

Kormákur segir að veitingahúsaeygendur og dyra-verðir leggi sig fram við að hindra að fólk taki glös og flöskur með sér út af stöðunum. „Það er hagur okkar að þurfa ekki alltaf að vera að kaupa ný glös en við seljum bjór í gleri og getum ekki hindrað að einhverjir taki flöskurnar með sér út. Við reynum það vissulega en það er erfitt að koma alveg í veg fyrir slíkt,“ segir Kormákur.

Geir Jón Þórisson yfirlögglupjónn og Stefán Eiríksson lögreglustjóri voru á vakt í miðborginni um helgina. Þeir eru sammála um að útburður drykkjarílátá af skemmtistöðum sé mikið vandamál.

„Við höfum rætt við fjölmarga veitingamenn vegna þessa og bent þeim á atriði sem betur mega fara,“ segir Stefán og viðurkennir að það geti verið erfitt fyrir dyraverði að fylgjast með að enginn beri út drykkjarílát. Það eigi þó að vera mögulegt sé vilj- ing fyrir hendi. „Það er mitt mat að veitingamenn



MANNFJÖLDI Í MIÐBORGinni Sóðaskapur fylgir því þegar fólk ber drykkjarílát út af skemmtistöðunum. Það getur einnig skapað hættu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

séu almennt tilbúnir að axla þá miklu ábyrgð sem fylgir því að reka veitingastað í miðborginni. Við getum alls ekki kvartað undan viljaleysi hjá þeim,“ segir Stefán.

- þo

# -2kr.

Sæktu um ÖB-lykilinn á [www.ob.is](http://www.ob.is)

www.ob.is



# Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavinanna

## Viðskiptavinir Vodafone í fyrsta sæti

Við lítum ekki bara á það sem skyldu okkar að veita viðskiptavinum okkar bestu mögulegu þjónustu, okkur finnst hreinlega ekkert annað koma til greina. Þetta hefur líka skilað sér í því að viðskiptavinir Vodafone eru ánægðustu viðskiptavinir farsímafyrirtækja samkvæmt Íslensku ánægjuvuginni.

Hringdu í 1414 og vandamálið er úr sögunni.

**Gríptu augnablikið og lifðu núna**



vodafone

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	64,20	64,50
Sterlingspund	129,79	130,43
Evra	87,73	88,23
Dönsk króna	11,768	11,836
Norsk króna	11,104	11,170
Sænsk króna	9,362	9,416
Japanskt jen	0,5566	0,5598

SDR	98,47	99,05
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
119,182  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

## Yfirlögrelupjónn er ánægður með afrakstur herts eftirlits í miðborginni: Á fjórða tug handteknir í fyrrinótt

**LÖGREGLUMÁL** „Við erum mjög ánægð með hvernig til tókst,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögrelupjónn. Hann segir að aukinn sýnileiki lögreglunnar í miðborginni um helgina hafi haft góð áhrif en þetta var fyrsta helgi sem sérsvaitarmenn ríkislögrelustjóra aðstoðuðu við eftirlitið. Um 120 mál voru bókuð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í fyrrinótt. Fjórutíu manns voru handteknir, þar af 26 vegna brota á lögreglusamþykkt Reykjavíkurborgar. Þessar tvær nætur voru um fimmtíu manns handteknir vegna slíkra brota í miðborginni en allt árið í fyrra voru þeir sextíu.

Geir Jón segir að brot af þessu tagi séu í raun grunnurinn að ástandinu í miðborginni um helgar. „Fólk er að kasta af sér vatni, skemma hluti, brjóta flöskur og láta dólgsglega. Með því að taka á þessum brotum sendum við skýr skilaboð um að hegðun af þessu tagi sé ekki liðin,“ segir Geir Jón. Um venjulega helgi sinna um tólf til þrettán lögreglupjónar eftirliti í miðborginni en um liðna helgi voru þeir mun fleiri. Geir Jón segir þetta aukna eftirlit komið til að vera. „Við fylgjum þessu eftir þar til ástandið er komið í horf sem við getum sætt okkur við,“ segir Geir Jón. - þo



**ERILSÖM NÓTT** Geir Jón segir mikilvægt að taka á brotum gegn lögreglusamþykkt. Nú komast menn ekki lengur upp með að miga á gangstéttir og utan í húsveggi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Drukkin kona handtekin: Hárreitti lögreglukonu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók konu á fertugsaldri í gærmorgun en sú hafði ráðist á lögreglukonu. Lögreglan hafði upprunalega afskipti af konunni þar sem hún lá í áfengisdaða fyrir utan skemmtistað í miðborginni. Var henni ekið upp á stöð og var ekki til teljandi vandræða. Þegar senda átti konuna heim brást hún hins vegar illa við og réðist á lögreglukonuna sem ætlaði að benda henni á hvar hún gæti tekið leigubíl. Konan sneri lögreglukonuna niður í gólfið og hárreitti hana og var handtekin í kjölfarið. - þo



**MÆRIN** Stórveldistímá Inka í Suður-Ameríku varði frá árinu 1438 til 1532 þegar ríkið liðaðist í sundur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Fimnhundruð ára múmía: Mærin til sýnis í fyrsta skipti

**ARGENTÍNA, AP** Ótrúlega vel varðveitt fimnhundruð ára gömul múmía indíanastúlku af kynþætti Inka, „Mærin“ var í fyrsta skipti til sýnis fyrir almenning á safni í Argentínu á fimmtudaginn. Talið er að stúlkan hafi verið fimmtán ára gömul þegar henni, sex ára stúlku og sjö ára dreng var fórnað við athöfn sem markaði árlega kornuppskeru. Börnin voru spariklædd og fengu kornvín sem svæfði þau og síðan voru þau skilin eftir í Andesfjöllunum í 6.730 metra hæð þar sem þau frusu í hel. Börnin frá Llullaillaco fundust árið 1999. - sdg

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Slegist á réttarballi** Til átaka kom á réttardansleik í Viðihlíð í fyrrinótt og var lögreglan á Blönduósi kölluð á staðinn. Maður hafði veist að konu en eiginmaður konunnar kom henni til bjargar og veitti árásmanninum áverka. Enginn var handtekin vegna málsins.

# Byggja verslunarkjarna við Laugaveg

Byggingafélagið Strýtusel hyggst reisa hátt í fjögur þúsund fermetra verslunarkjarna við Laugaveg. Nýtt íbúðarhúsnæði verður byggt við Hverfisgötu sem tengist verslunarkjarnanum. Vantar stærra verslunarkjarna.

**REYKJAVÍK** Hugmyndir eru uppi um að reisa 3.500 til 4.000 þúsund fermetra verslunarkjarna frá horni Laugavegs og Klapparstígs niður að Hverfisgötu. Þá eru einnig hugmyndir uppi um að reisa fimm til sex hæða íbúðarhúsnæði við Hverfisgötu, með þjónustu og verslunarkjarna á neðstu hæð sem tengist verslunarkjarnanum. Það er byggingafyrirtækið Strýtusel ehf. með Þorsteini Pálsson í fararbroddi sem stendur að framkvæmdunum. „Það hefur vantað stærra verslunarkjarna í miðborgina og við horfum til þess að hægt verði að bjóða upp á slíkt pláss,“ segir Þorsteinn.

Fyrir liggur að húsið við Laugaveg 23, sem nú hýsir Kling og Bang, verði rífið sem og tvö bakhús. Húsið við Hverfisgötu 42 verður einnig rífið en nýtt og stærra hús byggt í staðinn. Þá verður húsið við Hverfisgötu 44 flutt á lóðina á Bergstaðastræti 16. Að sögn Þorsteins mun verslunarkjarninn teygja sig frá horni Laugavegs og Klapparstígs niður að Hverfisgötu. Á því horni stendur hús sem var byggt af Guðjóni Samúelssyni. „Við viljum reyna að færa hús Guðjóns nær upprunalegri mynd,“ segir Þorsteinn. „Húsið á að fá að njóta sín enn betur en það gerir í dag.“

Unnið er við að teikna verslunarkjarnann og má búast við að teikningarnar líti dagsins ljós innan nokkurra vikna.

kristjan@frettabladid.is




**HVERFISGATA 44** Húsið verður flutt á lóð við Bergstaðastræti 16. Búið er að steypa grunninn fyrir húsið. MYND/ROSA



**BERGSTAÐASTRÆTI 16, LÓÐIN**

**VERSLUNARKJARNINN** Strýtusel, sem Þorsteinn Pálsson er í forsvari fyrir, á húsin sem eru merkt með gulum lit. Verslunarkjarninn á að teygja sig frá horni Laugavegs og Klapparstígs og að húsum við Hverfisgötu 40-44.



## Minnast Pavarotti á Íslandi: Sálumessa í Landakotskirkju

**ANLÁT** Sérstök sálumessa verður sungin í Dómkirkju Krists konungs í Landakoti til minningar um Luciano Pavarotti í dag klukkan 18. Athöfnin hefst þó klukkan 17.30 þegar ítalskir og íslenskir tónlistarmenn flytja lög úr ítölskum óperum. Þeir sem vilja votta Pavarotti virðingu sína geta ritað nafn sitt í sérstaka minningabók sem liggja mun frammi í kirkjunni við athöfnina. Einnig verður hægt að rita í bókina á aðalræðis-skrifstofu Ítalíu, Laugavegi 71, næstu daga að því er fram kemur í tilkynningu. - bj



LUCIANO PAVAROTTI

## Einsdæmi í sögu Ísraelsríkis: Árásir nýnasista á gyðinga í Ísrael

**JERÚSALEM, AP** Lögreglan í Ísrael fletti ofan af hóp ísraelskra nýnasista sem stóð fyrir árásum á trúaða gyðinga, erlenda verkamenn, samkynhneigða og eiturlyfjaneytendur. Er þetta í fyrsta sinn sem vart verður við jafn umfangsmikla skipulagða starfsemi nýnasista í Ísrael. Átta innflytjendur frá Sovétríkjunum fyrrverandi hafa verið handteknir og einn náði að flýja land að sögn talsmanns lögreglu, Mickys Rosenfeld. Allir eru þeir ísraelskir ríkisborgarar. Rosenfeld segir þetta einsdæmi í sögu Ísraelsríkis sem var stofnað fyrir tæpum 60 árum sem skjól fyrir gyðinga í kjölfar helfararinnar. - sdg

# 長城飯店

## Kínamúrinn

**Hádegisverðarhlaðborð**  
Mánudag til föstudags frá kl. 11:30 - 14:00  
12 ólíkir réttir kr 1,450.-kr

Öll kvöld vikunnar er opið frá kl. 18:00 - 23:30  
Getum tekið á móti stórum hópum

**Kínamúrinn**  
Vesturgötu 6-8. Sími 552-1900  
www.greatwall.is

## VEÐURSPÁ

**RIGNINGARTÍÐ MED VINDI**  
Enn eitt úrkombeltið gengur nú yfir landið. Má búast við rigningu eða skúrum um mest allt land. Úrkomuminnst verður austan Vatnajökuls og einnig verður að líkindum fremur úrkomulítið á Norðaustur- og Austurlandi. Þessu veðri fylgir allhvað eða hvass vindur, sist suðaustan til á landinu.

**REYKJAVÍK Í DAG**  
Með morgninum verður allhvöss suðaustan átt en heldur hægari suðvestan átt um og eftir hádegi. Rigning og sjóar skúrir. Hiti 9-12 stig.

**um hádegi »**

**» á morgun**

10-15 m/s við norðausturströndina annars mun hægari.  
» **mánudagur**

8-13 m/s norðvestan til annars hægari.

Kaupmannahöfn	16°C rigning	London	21°C hálfskýjað	Friedrichshafen	18°C skýjað
Billund	17°C rigning	Paris	22°C alskýjað	Basel	18°C léttskýjað
Oslo	13°C rigning	Amsterdam	18°C skúrir	Alicante	27°C heiðskirt
Stokkhólmur	14°C skúrir	Frankfurt	20°C rigning	Róm	25°C skýjað
Gautaborg	16°C rigning	Berlin	18°C rigning	Las Palmas	23°C léttskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

## Að breyta gangi sögunnar með 3G

3G þjónusta Símans á höfuðborgarsvæðinu opnar þér aðgang að:

- Sjónvarpsdagskránni á símaskjánum
- Samtölum undir fjögur augu með myndsímtali
- Þráðlausu netsambandi í fartölvunni með 3G netkort
- Háhraðaneti í símanum

Kynntu þér möguleika 3G í næstu verslun Símans eða á [siminn.is](http://siminn.is)

800 7000 • [www.siminn.is](http://www.siminn.is)

Það er Síminn 




Sími



Netið



Sjónvarp



# 3G

SONY ERICSSON K810i

**3.900** kr.

Léttkaupsútborgun

3.000 kr. á mánuði í 12 mánuði  
Verð aðeins 39.900 kr.

## KJÖRKASSINN



Finnst þér of lítil samkeppni á fiskmarkaðnum?

Já 84,6%  
Neið 15,4%

## SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú hlynt(ur) aukinni löggæslu í miðbæ Reykjavíkur um helgar?

visir

## Ellefu fluttir á sjúkrahús: Flugvél nauðlenti í Álaborg

**DANMÖRK. AP** Ellefu manns voru fluttir lítið slasaðir á sjúkrahús eftir að flugvél frá SAS nauðlenti á flugvelli í Álaborg í Danmörku í gær. Búið var að flytja alla 69 farþegana og áhöfnina frá borði þegar eldur braust út í hreyfli flugvélarinnar.

Flugmaðurinn ákvað að nauðlenda flugvélinni eftir að hann varð var við bilun í lendingarvæðingunni. Rétt eftir að vélin hafði nauðlent valt hún á hægri hliðina með þeim afleiðingum að vængurinn og hægri hreyfillinn lentu á flugbrautinni. Flugvélin var á leið frá Kaupmannahöfn.



**EFTIR NAUÐLENDINGU** Flugmaður vélarinnar hafði látið stjórnstöð á jörðu niðri vita um bilunina og voru slökkviliðsbílar tilbúnir á vettvangi.

## Söfnun persónuupplýsinga: Er lögfræðilegt álitafni

**LÖGREGLUMÁL** Gagnrýni hæstaréttarlögmanns á reglugerðir dómsmálaráðuneytis er lögfræðilegt álitafni og rétt að ræða það sem slíkt, segir Björn Bjarnason dómsmálaráðgjafi. Hann vildi ekki svara gagnrýninni efnislega í gær.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir aðstoðarríkislögrelustjóri vildi ekki svara spurningum um málið í gær, en sagði sennilega von á yfirlýsingu frá embætti ríkislögrelustjóra vegna málsins í dag.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson hæstaréttarlögmaður sagði í Fréttablaðinu á sunnudag að heimildir greiningardeildar ríkislögrelustjóra brjóti gegn stjórnarskrá. - bj

## LÖGREGLUFRETTIR

### Fullir undir stýri um miðjan dag

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði tvo ökumenn innanbæjar í Keflavík eftir hádegi í gær sem grunaðir eru um ölvun við akstur. Þrjú gistu fangaklefa lögreglunnar í fyrinótt, tveir sökum ölvunar en einn vegna fíkniefnamáls.

## BANDARÍKIN

### Nakinn smiður

Bandarískur dómstóll sýknaði smið af ákæru fyrir brot á velsæmi eftir að fólk sem réði hann til að smíða skápa á heimili sínu kom að honum allsnöktum við vinnu sína. Smiðurinn, sem er 51 árs, segist vilja vinna nakinn því það sé þægilegra auk þess sem þá óhreinast fötin hans ekki.

## Sofnuðu út frá eldamennsku: Reykskynjarar sanna gildi sitt

**SLÖKKVILIÐIÐ** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu sinnti tveimur útköllum í austurborginni snemma í gærmorgun. Í báðum tilfellum var slökkviliðið kallað að íbúðum þar sem húsráðendur höfðu sofnað út frá eldamennsku.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu á höfuðborgarsvæðinu er algengt að fólk komi heim af skemmtanalífínu undir morgun, byrji að elda sér mat en sofni síðan. Í báðum tilfellum í gærmorgun vöknudóttir nágrannar við reykskynjara og höfðu samband við slökkviliðið. Reykræsta þurfti íbúðirnar en engar skemmdir urðu.

# Mannekla talin valda frekari flugtöfum

Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, segir kergju komna í flugmenn Icelandair. Flugmenn séu ekki lengur tilbúnir til að hlaupa sífelld undir bagga án þess að fyrirtækið komi til móts við þá.

**SAMGÖNGUR** „Ef að nægilega margir flugmenn væru að störfum hjá fyrirtækinu væri þessi staða ekki komin upp. Það eru engar aðgerðir í gangi hjá flugmönnum heldur eru menn bara að vinna það sem kjarasamningar þeirra kveða á um. Ábyrgðin liggur því algjörlega hjá stjórnendum Icelandair,“ segir Jóhannes Bjarni Guðmundsson, formaður Félags íslenskra atvinnuflugmanna, um flugtafir á áætlunarflugi vegna skorts á flugmönnum.

Millilandaflug Icelandair raskaðist í gær og eru líkur á að áætlunarflug raskist enn frekar ef ekki nást samningar milli flugmanna og stjórnenda Icelandair á næstu dögum.

Jóhannes ítrekar að ekki sé um eiginlega kjarabaráttu að ræða og engar aðgerðir séu meðal flugmanna aðrar en þær að þeir afþakka beiðni um aukavinnu séu þeir ekki á bakvakt. „Um mánadamótin hættu níu flugmenn sem höfðu verið að störfum yfir sumarið. Hins vegar urðu ekki miklar breytingar á áætlunarflugi þannig að það dró ekki úr þörf á starfsfólki. Það hefur svo verið það lítið af flugmönnum á bakvakt þannig að gert hefur verið út á að menn hlaupi sífelld undir bagga ef á þarf að halda. Það hefur verið gert hingað til en



**FLUGTAFIR OG MANNEKLA** Ekki hefði þurft að aflýsa flugi, eða flugtafir orðið, ef nægilega margir flugmenn hefðu verið á bakvakt að sögn formanns Félags íslenskra atvinnuflugmanna.

nú hefur myndast kergja í mannskapnum þar sem flugfélagið hefur ekki viljað koma til móts við okkur á nokkurn hátt í staðinn,“ segir hann. Félagsmenn séu þá einnig ósáttir við að Icelandair ráði til sín erlenda leiguverktaka á sama tíma og þeir segi upp fjölda flugmanna.

Fulltrúar Félags íslenskra atvinnuflugmanna og Icelandair ætla að hittast á fundi í dag til að reyna að leysa úr deilunni.

Í gær hafði þessi ákvörðun flugmanna áhrif á flug því aflýsa þurfti flugi til Stokkhólms um morguninn. Farþegar voru sendir

með vél til Ósló sem síðan hélt áfram til Stokkhólms. Þeir sem ekki komust með voru sendir með vél til Kaupmannahafnar í hádeginu. Síðdegis í gær var svo aflýst flugi til Minneapolis í Bandaríkjunum. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, sagði að búast mætti við frekari flugtöfum á næstu dögum.

Icelandair hefur hvatt FÍA til að leggja málið undir Félagsdóm en það hefur ekki verið gert. Jóhannes segir að flugmenn hafi einungis viljað ná samkomulagi við Icelandair án þess að þurfa að leita til Félagsdóms. karen@frettabladid.is



Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga stendur fyrir hádegisverðarfundum um:

## Niðurstöður kjarakönnunar FVH

Þriðjudaginn 11. september frá 12:00-13:30 á Grand Hótel – Sigtúni.

Nú stýttist í að kjarakönnun FVH verði dreift til félagsmanna. Í tengslum við það verður haldinn hádegisverðarfundur þar sem farið verður yfir helstu niðurstöður auk þess sem farið verður yfir hvernig félagsmenn geta bætt stöðu sína í kjaramálu.

## DAGSKRÁ

Kl. 11:45 Skráning

Kl. 12:00-12:20 Í upphafi skyldi endinn skoða Guðmundur Bjarni Harðarson, sérfræðingur á lífeyrissíði Kaupþings.

Kl. 12:20-12:40 Náðu betri samningi Aðalsteinn Leifsson, lektor og forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík.

Kl. 12:40-13:00 Helstu niðurstöður kjarakönnunar FVH 2007 Guðni Rafn Gunnarsson, formaður kjaranefndar FVH.

Kl. 13:00-13:30 Umræður að erindum loknum.

FUNDARSTJÓRI  
Þróstur Olaf Sigurjónsson, formaður FVH.

Gjaldfrjáls aðgangur fyrir félagsmenn FVH.

**Ath! Fundurinn er einungis opin fyrir félagsmönnum FVH.**

Skráning fyrir fram nauðsynleg!  
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is, eða í síma 551 1317.



**DRASL** Til stóð að þrifa eftir landsleik og tónleika í dag.

Plastglös í Laugardalnum:

## Rusl eftir landsleik og tónleika

**UMHVERFISMÁL** Talsvert rusl var í Laugardalnum í gær eftir landsleik og tónleika á laugardagskvöld. Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni Laugardalshallar var samið við fyrirtæki Hreinsitækni um þrif og stóð til að allt yrði komið í samt lag í dag, mánudag.



**HEIMKOMAN** Hjónin segjast ekki munu gefast upp í leitinni að dóttur sinni.

NORDICPHOTOS/AFP

## Hafa bæði stöðu grunaðra: Foreldrarnir komnir heim

**BRETLAND. AP** Foreldrar Madeleine McCann, stúlkunnar sem hvarf fyrir fjórum mánuðum í Portúgal, komu heim til Bretlands í gær ásamt tveggja ára tvíbörum sínum.

Við heimkomuna las Gerry McCann klökkur upp yfirlýsingu þar sem sagði að hann og kona hans, Kate, hefðu ekki átt neinn þátt í hvarfi dóttur sinnar en frá og með föstudeginum hafa þau bæði stöðu grunaðra í rannsókn portúgólsku lögreglunnar á hvarfi Maddie.

Heimferð hjónanna var með fullu samþykki portúgólsku lögreglunnar.

- sdg

# AURIS

www.toyota.is

## Nýtt upphaf



### Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

Bíll er miklu meira en farartæki. Bíll er tákni um karakter, tákni um hvert þú ætlar þér, hvað þú stendur fyrir.

Toyota kynnir nýjan bíl, nýja tegund: Auris. Bíl sem er hannaður utan um þig og þína tilveru. Finndu hljóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Verð frá: 1.880.000 kr.

### Dísil Auris

Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hljóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkt, auk þess sem D-4D dísilvélina er mun umhverfissvænni kostur en sambærileg bensínvél.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyna sér ekki.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi  
Nýbýlavogi 4  
Kópavogur  
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbær  
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
Selfoss  
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi  
Miðási 2  
Egilsstaðir  
Sími: 470-5070



1. Hvaða hæstaréttarlögmaður gagnrýmir söfnun persónuupp lýsinga hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra?
2. Hvaða hátíð var sett í Gler-skálanum við Norræna húsið í gær?
3. Hvaða þekkt leikkona hyggst snúa baki við sviðinu?

SVÖR Á Síðu 30

## Yfirlýsing leiðtoga APEC-ríkjanna um viðræður um alþjóðaviðskipti og loftslagsmál: Heita að liðka fyrir viðræðum

**SYDNEY, AP** Við lok ráðstefnu APEC-ríkjanna í Ástralíu hétu leiðtogar ríkjanna að beita sér fyrir því að blása lífi í viðræður um alþjóðlegt viðskiptasamkomulag, Doha-lot-una svonefndu. „Við heitum pólitískum vilja, sveigjanleika og metnaði til að tryggja að loka-áfangi Doha-lotuviðræðanna hefjist í ár,“ sagði í yfirlýsingu leiðtoga.

Einnig var ákveðið að kanna frekar möguleika á að stofna tollfrjálst svæði sem öll APEC-ríkin 21 myndu tilheyra sem annan valkost ef Doha-lotan siglir í strand. Leiðtogarnir gerðu með sér samkomulag sem miðar að því að

draga úr loftslagsbreytingum. Stefnt er að því að APEC-ríkin verði búin að draga úr orkunotkun sem þarf til að framleiða andvirði eins dollars af vergrí landsframleiðslu um 25 prósent fyrir árið 2030. Auka á skóglendi á svæðum APEC um að minnsta kosti 20 milljón hektara fyrir árið 2020. Þessi markmið eru þó ekki bindandi fyrir aðildarríkin.

Innan APEC eru þau fjögur ríki sem bera ábyrgð á mestum útblæstri gróðurhúsalofttegunda, Bandaríkin, Kína, Rússland og Japan. Því getur samkomulag APEC-ríkjanna haft mikil áhrif á fyrirhugaðar viðræður um nýja



**LEIÐTOGAR KOMNIR SAMAN** Leiðtogar allra aðildarríkja APEC komu fram saman í lokin þegar yfirlýsing ráðstefnunnar var lesin.

stefnumótun varðandi loftslagsbreytingar til að taka við af Kyoto-bókuninni sem rennur úr gildi árið 2012.

## Lögreglan stöðvar partí: Unglingapartí úr böndunum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í fyrri nótt afskipti af tveimur unglingspartíum sem þurfti að leysa upp.

Annar gleðskapurinn var í heimahúsi í Hafnarfirði en þar voru 40 til 50 ungmenni saman komin. Vel gekk að rýma húsið en skemmdir höfðu verið unnar á innanstokksmunum.

Þá voru eitt hundrað unglingar saman komnir í Nauthólsvík og var sá gleðskapur stöðvaður eftir að kvartað hafði verið undan ónæði. Að sögn lögreglu brugðust ungmennin ekki illa við heimsókn lögregluþjónanna.



**NÁLARNAR Á RÖNTGENMYND** Margar Adgerðir þarf til að fjarlægja nálarnar úr Luo.

## Amma og afi talin ábyrg: Kona með 26 nalar inni í sér

**KÍNA** Talið er að 26 nalam, sem lækna fundu í líkama 31 árs gamallar konu í Kína, Luo Cuifen, hafi verið stungin í hana þegar hún var smábarn. Afi hennar og amma voru mjög ósátt við að hún skyldi ekki hafa fæðst sem drengur og eru þau grunuð um verknáðinn. Ekki er þó hægt að staðfesta það þar sem þau eru látin.

Nálarnar fundust við röntgenmyndatöku en Luo hefur verið heilsuhaust alla ævi. Sumar nálanna hafa farið inn í líffæri eins og lungu, lifur og nýru. Ein nálin er í þremur hlutum inni í heila Luo.

## Ríkislögreglustjóri: Athugar upp-sagnir lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Ríkislögreglustjóri hefur ákveðið að gera ítarlega athugun á ástæðum fyrir brottfarvi lögreglumanna úr starfi á undanföllum fimm árum. Skortur er á faglærðum lögreglumönnum, eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu.

Rúmlega 830 lögreglumenn eru nú starfandi í landinu. Á síðustu fimm árum hefur þeim fjölgað um 29. Af þessum 832 starfandi lögreglumönnum eru 45 nemar, 38 afleysingamenn og 77 héraðslögreglumenn.

39 lögreglumenn hafa hætt á árinu.

## AKUREYRI

### Síðasta skip sumarsins

Síðasta skemmtiferðaskip sumarsins lagðist að bryggju á Akureyri í gær. Það var skipið Grand Princess sem er stærst þeirra skemmtiferðaskipa sem heimsótt hafa Akureyri. Alls lögðust skemmtiferðaskip 58 sinnum að bryggju á Akureyri í sumar.

# Iðandi mannlíf í Kolaportinu

Gestir í Kolaportinu tóku tal saman yfir harðfiskstöflum og innan um fataslár, á milli þess sem þeir virtu fyrir sér framboð sölumanna. Undirskriftalistar gegn lokun Kolaportsins lágu frammi á flestum básum.

**SKIPULAGSMÁL** Vinir Kolaportsins stóðu fyrir undirskriftasöfnun gegn breytingartillögum varðandi húsnæðið að Tryggvagötu 19 í Kolaportinu um helgina. Tillaga að breytingum á húsinu gerir ráð fyrir bílageymslu á annarri og þriðju hæð. Breytingarnar hefðu í för með sér að lofthæð Kolaportsins myndi minnka um helming og gólfplötur þess um 20 prósent. Því til viðbótar yrði nauðsynlegt að loka Kolaportinu í eitt og hálf ár á meðan breytingar stæðu yfir, ef bráðabirgðahúsnæði finnst ekki. Fréttablaðið leitaði álits sölufólks og gesta í Kolaportinu í gær.

sunna@frettabladid.is

**HLUTI AF BÆNUM** „Mér myndi finnast það mjög leiðinlegt ef Kolaportinu yrði lokað. Það er bara ekki hægt, það er svo mikið af fólki sem kemur hingað,“ sagði Ásta Lilja Sigurðardóttir, sem sækir Kolaportið aðallega til að finna efni til að sauma úr. Flutningur horfði ekki heldur vel við henni. „Ég held að þetta sé besti staðurinn. Þetta er bara hluti af miðbænum,“ sagði hún.



**SLÆM FRAMTÍÐARSÝN** Birkir Viðarsson leggur leið sína reglulega í Kolaportið. „Ég kem aðallega til að leita að plötum og kaupa kartöflur,“ útskýrði hann. Birkir var ekki hrifinn af hugmyndum um lokun Kolaportsins, þó tímabundin væri. „Ég held að það gæti átt erfitt uppdráttar ef því væri lokað í eitt og hálf ár,“ sagði Birkir, sem taldi Kolaportið ekki eiga heima í einhverju af úthverfum borgarinnar. „Mér fyndist það slæm framtíðarsýn að flytja það,“ sagði hann. „Vinir mínir erlendis frá koma allir hingað, og það er mikið af ungu ferðafólki sem kemur við í Kolaportinu. Ég held að þetta sé miklu mikilvægari staður en borgaryfirvöld gera sér grein fyrir,“ sagði Birkir.



**KOLAPORTIÐ MÖRGUM KÆRT** Þeir gestir Kolaportsins sem Fréttablaðið ræddi við í gær voru sammála um að mikill missir væri að markaðnum. Tillögur að breytingum á húsnæðinu hefðu í för með sér að markaðnum yrði lokað í 18 mánuði.



**FÁRÁNLEG HUGMYND** Hjónin Alma Lindqvist og Einar Runólfsson voru sammála um að tillagan væri út í hött. „Mér finnst það bara alveg fáránlegt að einhverjir embættismenn ætli að fara að parkera hér í búðinni okkar,“ sagði Einar. „Því geta þeir ekki lagt á götunni eins og við? Mér finnst þetta bara frekja,“ bætti Alma við. Einar og Alma hafa búið erlendis í fimmtíu ár, en leggja leið sína reglulega í Kolaportið þegar þau dveljast á landinu. „Í fyrsta skipti sem ég kom í Kolaportið var það þarna í bílageymslunni. Síðan hef ég komið nokkrum sinnum á ári. Það er alltaf gaman að koma og skoða, hitta fólk og fylgjast með,“ sagði Alma. „Það má sannarlega ekki loka því. Það er nóg af öðrum plássum handa þeim að leggja bílunum á,“ bætti hún við. „Þeir geta bara farið í bæinn og fundið sér stæði eins og við,“ sagði Einar, við góðar undirtektir Ölmu. „Þeir hafa gott af því að hreyfa sig svoltið,“ sagði hún.

**MARKAÐURINN ÓMISSANDI** Jóna Bjarkan hefur selt vörur í Kolaportinu í fjólða ára. Hún segir markaðinn algjörlega ómissandi.

„Svona markaður verður að vera, þetta er svo mikilvægt,“ sagði Jóna. „Það myndast mikið samfélag í kringum þetta, sem er alveg nauðsynlegt hverri borg.“ Jóna segist ekki efast um það að ef Kolaportinu yrði lokað myndi markaðnum skjóta upp annars staðar. Hún væri þó ekki hrifin af því að starfsemin flýttist aftur í bílakjallarann að Kalkofnsvegi. „Það var svo rosalega loftlaust þar og lágt til lofts,“ sagði hún.



**LOKUN LEIÐINLEG** „Það er mjög gaman að vera í Kolaportinu,“ sagði Zheng Ming Mi, sem hefur selt vörur í Kolaportinu í mörg ár. Virka daga rekur hún verslun á Lauga-vegi, en kemur í Kolaportið um helgar. „Það er miklu skemmtilegra að vera hér,“ sagði hún og hló við. „Hér er svo mikið af fólki og mikil stemning. Fólk kíkir hingað og verslar eða fær sér kaffi. Það hittist hérna og talar saman,“ sagði Zheng, sem var ekki hrifin af hugmyndinni um tímabundna flutninga. „Ég veit ekki á hvaða stað það ætti að vera,“ sagði hún.



sagði Zheng, sem var ekki hrifin af hugmyndinni um tímabundna flutninga. „Ég veit ekki á hvaða stað það ætti að vera,“ sagði hún.

## Vinnuföt fyrir iðnaðarmanninn



Buxur Stærðir 48-64



Vesti Stærðir M-XXL



Jakki Stærðir 48-64

Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901 • www.aw.is

Printmaker.is





# „Esjan mín“

## Teikni- og myndlistarsamkeppni fyrir fólk á öllum aldri

Í tilefni af 75 ára afmæli SPRON er efnt til samkeppni um bestu myndina af Esjunni.

Keppt er í fjórum aldurshópum: 0-5 ára, 6-11 ára, 12-15 ára, 16 ára og eldri.

Dómnefnd er skipuð listamönnum *Daða Guðbjörnssyni* og *Mariu Sif Danielsdóttur* ásamt fulltrúa frá SPRON. Þau munu velja 3 bestu verkin í hverjum flokki.

Verk vinningshafa ásamt völdum innsendum verkum verða til sýnis í útibúum SPRON.

Veglegir vinningar eru í boði í öllum flokkum.

**1. verðlaun:** Gjafabréf frá Litum og föndri og gjafakarfa frá Eymundsson.

**2.-3. verðlaun:** Gjafakarfa frá Eymundsson.

Gefðu sköpunargáfunni lausan tauminn og málaðu eða teiknaðu mynd af Esjunni út frá eigin brjósti.

**Skilafrestur er til 10. október.**

Skila skal verkunum í SPRON Ámúla 13a, 108 Reykjavík.

75 ára

 **spron**

Nánari upplýsingar í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

Beta

N1

# HANDVERKFAERI

Við bjóðum mikið úrval af gæða handverkfærum.  
Einnig eigum við úrval af rafmagns- og loftverkfærum.

N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200

WWW.N1.IS

## FYRIRLESTUR

### FÉLAGSVÍSINDAÐEILD 30 ÁRA – HÁTÍÐARFYRIRLESTUR

Háskóli í deiglu – Reflection on the development of the modern university.

Mánudagur 10. september kl. 16 - 18 í stofu 101 í Odda v. Sturlugötu.



Fyrirlesari: David F. Labaree, prófessor við menntavísindadeild Stanford háskóla, ræðir um þróun háskóla í Bandaríkjunum í fyrirlestri sem hann nefnir: Reflections on the development of the modern university. Í fyrirlestrinum dregur hann fram atriði sem verða grunnur umræðu á málstofu í framhaldi af fyrirlestrinum.

Páll Skúlason, prófessor, stýrir síðan almennri umræðu um þessa þróun og hvernig evrópsku háskólarnir og þeir íslensku, sérstaklega, spegla hana.

David F. Labaree hefur skrifað bæði bækur og greinar um þróun menntunar á háskólastigi, ekki síst starfsmenntunar almennt, en einnig kennaramenntunar sérstaklega, í umhverfi sem leggur ríka áherslu á rannsóknir og fræði.

Allir velkomnir.  
Nánari upplýsingar á [www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
[www.hi.is](http://www.hi.is)

## Auglýsingasími

# 512 50 50



– Mest lesið

Leigubýrila kemur í stað TF-SIFJAR:

## Áfram unnið að kaupum á björgunarþyrlum

**LÖGREGLUMÁL** Ríkisstjórnin ákvað á föstudag að leigja þyrlu af gerðinni Super Puma sem mun koma í stað þyrlu Landhelgisgæslunnar sem hrapaði í sjóinn skammt frá álverinu í Straumsvík 16. júlí síðastliðinn.

Leigð verður þyrla af norska fyrirtækinu Airlift, en sama vél kom hingað til lands árið 2006 til að leysa úr vanda vegna brotthvarfs þyrlu-sveitar varnarliðsins.

Fram kemur í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu að áfram sé unnið að undirbúningi fyrir kaup á nýjum langdrægum björgunarþyrlum fyrir Landhelgisgæsluna og miðað sé við afhendingu á árunum 2011-2014.



Í SJÓINN Björgunarþyrlan TF-SIF nauðlenti í sjónum undan álverinu í Straumsvík í júlí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

- bj



TAMARA SOUTOURINA Lögregla var kölluð til þegar framkvæmdir hófust við bílskúr í Fífuhvammi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## Saka Kópavogsbæ um valdniðslu

Bæjaryfirvöld í Kópavogi verða kærð fyrir útgáfu byggingarleyfis fyrir bílskúr í Fífuhvammi. Hjón í næsta húsi segja skúrinn skerða eign þeirra og framkvæmdir við hann gætu valdið tjóni á húsi þeirra.

**STJÓRNSYSLA** „Það er eins og það sé keyrt yfir okkur á trucki,“ segir Ólafur Magnússon, íbúi við Fífuhvammi í Kópavogi.

Ólafur og kona hans Tamara Soutourina segja nágranna þeirra í næsta húsi hafa, gegn eindregnum mótmælum þeirra hjóna, fengið samþykki skipulagsnefndar Kópavogs fyrir ríflega 60 fermetra bílskúr á mörkum lóða þeirra. Þótt leyfið hafi ekki verið staðfest í bæjarstjórn hafi nágranninn, Gylfi Sigurður Geirsson, þegar byrjað að grafa með skurðgröfu í garði sínum og á lóðamörkunum.

Gylfi segir hins vegar að byggingarleyfið sé þegar í höfn.

„Ég er með allt stimplað frá bænum. Þau kölluðu til lögreglu sem kom og fékk að sjá pappírana og sagði þá að ég væri í góðum málum,“ segir Gylfi og bætir því við að nágrannar hans ættu nú að láta gott heita eftir að hafa tafið framgang málsins í um tvö ár.

„Við mættum á fund þar sem átti að ná samkomulagi en þar var ekkert á okkur hlustað,“ segja Tamara og Ólafur sem óttast eignatjón og skerta nýtingarmöguleika lóðar sinnar þar sem nýi bílskúrinn muni tróna meira en þrjá og hálfan metra yfir garði þeirra. Í jaðri lóðar hjónanna eru afar stórar aspir sem þau telja í raun búið að gefa grænt ljós á að fella með því að leyfa bílskúrinn minna en hálfan metra frá lóðamörkum.

„Þegar grafið verður öðrum megin við trénn rótarkerfið



LÓÐAMÖRKIN Geysistórar aspir eru í jaðri lóðar Tamöru og Ólafs. Þau telja aspirnar dauðadæmdar með uppgrefti nágrannans og geta fallið á hús þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

og það myndast stór hætta á að við fáum aspirnar beint á húsið í einhverju suðvestan áhlaupinu,“ segir Ólafur.

Hjónin lögðu meðal annars til að bílskúrinn yrði aftar í lóðinni og að Gylfi myndi hætta við að hafa bílskýli framan við skúrinn. Skipulagsnefnd Kópavogs sagði teikningar Gylfa í samræmi við byggingar- og skipulagslög og samþykkti þær á grundvelli þess.

Tamara og Ólafur hafa falið lögmanni sínum að kæra byggingarleyfið til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál enda segjast þau ósammála því að bílskúrinn standist lög.

„Við höfum engan áhuga á að standa í stappi við nágranna okkar en það er verið að skerða eign okkar og setja húsið í hættu. Bílskúrinn verður örugglega risinn áður en niðurstaða fæst hjá úrskurðarnefndinni en hvað getum við gert?“

gar@frettabladid.is

Heildarmat á grunnskólum Reykjavíkurborgar:

## Styrkir sjálfsmat skólanna

**MENNTUN** „Við tölum um þetta sem heildarmat á skólastarfi,“ segir Birna Sigurjónsdóttir, verkefnastjóri á menntasviði Reykjavíkurborgar um heildarmat á grunnskólum Reykjavíkur sem nú er hafið.

Birna segir matið fara þannig fram að hópur starfsmanna á menntasviði fari í vettvangsathuganir í grunnskólana og inn í skólastofur með gátlista þar sem er merkt við ákveðna þætti og sem þar fara fram. Hún segir að einnig séu settir upp rýnihópar innan skólans með kennurum, starfsfólki, nemendum, foreldrum og stjórnendum. Matið fer fram á

viku eða tíu dögum og eru niðurstöður komnar eftir sex vikur.

Birna segir að út úr heildarmatinu komi mikið efni sem sé tekið saman í ítarlega skýrslu sem skólinn fær og þar komi fram greining á veikum og sterkum þáttum skólans. „Við ætlum að taka fyrir sex til sjö skóla í vetur en verkefnið er hugsað til þriggja ára. Tilgangur matsins er fyrst og fremst að styðja skólana og sjálfsmat þeirra. Við styrkjum þá með þessu og þeir fá betri innsýn inn í hvað gengur vel.“ Birna bendir einnig á að þeir skólar fái eftirfylgd sem þurfi á því að halda og ráðgjöf eftir að niðurstöður liggja fyrir. - lbb



**BIRNA SIGURJÓNSDÓTTIR** Heildarmat á grunnskólum Reykjavíkur er þriggja ára verkefni og er tilgangurinn að styrkja grunnskólana.

Sérlega hættuleg árás:

## Sparkaði í andlit og líkama

**DÓMSMÁL** Tæplega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að slá og sparka ítrekað í andlit og líkama einu sinni í andlit og líkama á fleiri en einum ákærðum. Árásin átti sér stað í Öskjuhlíð föstudagskvöldið 17. nóvember í fyrra. Árásarmaðurinn réðst á fórnarlambið inni í bíl og sló ítrekað hnefahöggum í andlit og líkama fórnarlambins. Auk þess sparkaði hann einu sinni í andlit og líkama einu sinni í andlit og líkama á fleiri en einum ákærðum. Fimm tennur brotnuðu í manningunni sem varð fyrir árásinni auk þess sem hann neftrotuði og hlaut mikið mar á augum og brjóstkaða. - mh



**GARÐAFEGURÐ** Gardurinn við Aðalbraut 12 á Árskógssandi var einn þeirra sem hlaut viðurkenningu.

Umhverfisverðlaun veitt:

## Fallegir garðar í Dalvíkurbyggð

**UMHVERFISMÁL** Þrjú garðar í Dalvíkurbyggð hlutu í gær umhverfisviðurkenningu sem voru veittar í annað sinn í sveitarfélaginu.

Garðarnir sem þóttu bera af öðrum eru við Aðalbraut 12 á Árskógssandi, Svarfaðarbraut 15 á Dalvík og Sökkur II í Svarfaðardal. Bjarni Jóhann Valdimarsson, formaður umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar, afhenti garðeigendum viðurkenningarskjöld og blóm fyrir hönd dómnefndar.

Garðarnir áttu það sameiginlegt að þykja snyrtilegir og með fallegan gróður. - s dg

Hvetur til umræðu um íslam:

## Gagnrýni er ekki árás á íslam

**TRÚARBRÖÐ** „Það er greinilegt að hér hefur lítið verið rætt um íslam. Úr því þarf að bæta. Íslendingar sem og aðrir eiga ekki á láta fæla sig frá heilbrigðri gagnrýni af ötta við að vera úthrópaðir rasistar og árásarmenn á múslíma,“ segir Maryam Namazie, stofnandi samtaka fyrrverandi múslíma í Bretlandi.



**MARYAM NAMAZIE**


Maryam hefur síðustu daga haldið fyrirlestra um pólitískt íslam hér á landi og hvatt til þess að Íslendingar læri af reynslu annarra þjóða. Salmann Tamimi, formaður Félags múslíma á Íslandi, greindi frá því í gær að honum þætti ummæli hennar árás á alla múslíma. Maryam segist von slíkum ásökunum. „Slíkar fullyrðingar eru öflugt vopn gegn þeim sem gagnrýna grimmdina í íslömskum lögum,“ segir Maryam. - kdk

### SVÍPJÓÐ

#### Nýr flokksformaður

Jan Björklund, sem er skólamálaráðherra í samsteypustjórn borgaraflokka í Svíþjóð, var á fimmtudaginn útnefndur nýr formaður Frjálslynda flokksins. Hann tekur við af Lars Leijonborg, sem boðaði í vor að hann myndi víkja úr formannsstölnum vegna þverrandi fylgis við flokkinn.

SUMIR ERU TRYGGÐIR, ÁN ÞESS AÐ VITA  
NÁKVÆMLEGA FYRIR HVERJU.




VERTU VISS

SJÓVÁ



Hvað er að fréttá?



3M gluggafilmur fyrir skóla, sjúkrahús, skrifstofur, verslanir og aðra vinnustaði  
Fagmenn frá RV sjá um uppsetningu

**Glerfínar gluggafilmur**  
– aukin vellíðan á vinnustaði



**Rekstrarvörur**

- vinna með þér

Réttarhúsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



**VERTU ÞÍN EIGIN  
AUGLÝSINGA-  
STOFA!**

Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / www.ntv.is

Auglýsingatækni NTV er flott nám fyrir þá sem vilja sjálfir hanna sínar auglýsingar, kynningarefni og bæklinga. Kennit er á þau forrit sem mest eru notuð við auglýsingagerð allt frá hugmynd að fullunni verki.

### **Auglýsingatækni**

- Adobe Illustrator • Adobe Photoshop • Adobe ImageReady
- Adobe InDesign • Mismunandi gerð kynningarefnis • Meðferð lita
- Letur og leturfærði • Skipulag, vistun og frágangur
- Samskipti við fjölmiðla og prentsmiðjur • Lokaverkefni

**156 stundir - Verð: 186.000.-**

Kvöldnámskeið byrjar 17. september

**ntv**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



FYLGD Hjónin Kristinn og Margrét sjá um að búa nær alla Sunnlendinga til hinu hvílu.

MYND/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ

# Fyrsta einkarekna líkhús Suðurlands

Útfararþjónustur hafa á síðustu árum mikið til færst frá ríki til einkaaðila, sem og líkhús. Á Suðurlandi hefur Kristinn Jósepson ásamt konu sinni annast flest það sem kemur að útförum um árabil. Nú síðast opnað sitt eigið líkhús.

**VIÐSKIPTI** „Við hjónin smíðum, saumum og sjáum um allt sem viðkemur líkþjónustu,“ segir Kristinn Jósepson, en hann hefur ásamt eiginkonu sinni, Margréti Guðnýju Sölvadóttur, opnað fyrsta einkarekna líkhúsið á Suðurlandi, en fyrir hafa þau rekið útfararþjónustuna Fylgd.

Kristinn segir mikinn létti fyrir starfsfólk sjúkrahússins á Selfossi að vinnan sem tengist líkþjónustunni hafi færst til einkaaðila. Þótt starfsfólkið hafi sinnt starfi sínu með þryði hafi mikið álag fylgt þjónustunni og húsnæði sjúkrahússins ekki verið nægilega stórt.

„Þetta byrjaði nú með því að ég fór að smíða líkkistur hér á Suðurlandi. Það hefur mælst svo vel fyrir að ég hef varla undan. Síðar fór sjúkrahúsið þess á leit við mig að ég tæki við fleiri þátt-

um og því hefur starfsemin undið upp á sig,“ segir Kristinn. Hann segir ánægjulegt að fást við sér-óskir viðskiptavina á Suðurlandi. Flestir Sunnlendingar séu nú grafnir í kistu frá sér en fólk í Reykjavík hvíli yfirleitt í innfluttum kistum.

„Þetta er alhliða þjónusta. Við reynum að koma til mótis við allar óskir viðskiptavina,“ segir Kristinn um starf þeirra hjóna við að búa fólk til hinu hvílu. „Það hefur sannað sig að einkaaðilar sinna útfararþjónustu jafn vel, ef ekki betur en hið opinbera gerir. Það hafa þó fáir gengið svo langt að koma sér upp sínu eigin líkhúsi,“ segir Sverrir Einarsson, útfararstjóri og eigandi Útfararþjónustu Íslands.

Sverrir var einn af fyrstu einkaaðilunum til að taka að sér útfararþjónustu. Síðan hann hóf störf hefur margt breyst og telur

hann í raun tímaskekkju að ríkisrekna útfararþjónustur, eins og Kirkjugarðar Reykjavíkur reka, séu að störfum.

„Þeir líta svo á að við séum í samkeppni við þá en sú er ekki raunin því við erum jú að borga til ríkisreknu fyrirtækjanna,“ segir Sverrir. Hann segist þó ekki sannfærður um að líkhús eigi að vera í einkaeigu. „Ég vil hafa kapellur við hliðina á líkhúsum, svona eins og í Fossvogi þar sem langstærsta líkhús landsins er. Þetta er samt allt að breytast og útfararþjónusturnar að verða miklu sjálfbærari.“

Mér finnst samt ekki hægt að bjóða fólki upp á það að lík ástvinna þeirra séu geymd í iðnaðarhverfum. Kannski kemur sú skoðun mín bara til af gamaldags viðhorfi, en ég lít þannig á málið ennþá,“ segir Sverrir.

karen@frettabladid.is

**NP NIPPARTS**

**N1**

**VARAHLUTIR**

Við bjóðum landsins mesta úrval af viðurkenndum varahlutum. Þriggja ára ábyrgð er á öllum bílvarahlutum frá N1.

**N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200**

**WWW.N1.IS**

Ákærður fyrir líkamsárás:  
**Tók mann háls-taki og lamdi**

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið ákærður fyrir líkamsárás sem átti sér stað 4. febrúar í heima-húsi í Hafnarfirði. Mál mannsins var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi. Maðurinn, sem er 24 ára, er ákærður fyrir að hafa tekið mann hálstaki og slegið hann mörgum hnefahöggum í andlit og höfuð. Fórnarlamb árásarinnar, sem var 38 ára karlmaður, hlaut áverka við eyra hægra megin, á kjálka-svæði og upp á kinnbein. Þá fann hann fyrir miklum eymslum á hnakkafestum hálsvöðva beggja vegna og niður hálsvöðva að aftanverðu. - mh

Könnun á viðhorfum Evrópu- og Bandaríkjamanna til Atlantshafssamstarfsins:

**Telja forsetaskipti breyta litlu**

**WASHINGTON, AP** Evrópumenn eru tortryggir á að tengslin yfir Atlantshafið batni svo nokkru nemi þótt forsetaskipti verði í Bandaríkjunum eftir rúmt ár. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar viðhorfskönnunar. Þrátt fyrir þetta telja flestir Evrópumenn að æskilegt sé að eiga samstarf við Bandaríkin við að fást við hnattrænar ógnir, að því er fram kemur í könnuninni sem gerð var á vegum þýska Marshall-sjóðsins og ítölsku rann-sóknastofnunarinnar Compagnia di San Paolo í Tórínó. Þótt fleiri en þremur af hverjum fjórum Evrópumönnum sé í



**SÚRNUÐ VINÁTTA** Margir rekja vaxandi vantraust í Atlantshafssamstarfinu til stjórnarháttá George W. Bush.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

nöp við stefnu George W. Bush Bandaríkjaforseta í heimsálum

segist aðeins rétt rúmlega þriðjungur trúður á að tengslin vestur yfir haf batni með nýjum forseta. Reyndar sagðist skýr meirihluti Evrópumanna, 58 prósent, telja yfirleitt óæskilegt að Bandaríkin gegndu forystuhlutverki í heims-málunum. Svarendur í könnuninni beggja vegna Atlantskála voru að miklu leyti sammála um ástæður vaxandi vantrausts. 38 prósent svar-enda, bæði austan- og vestanhafs, sögðu Íraksstríðið vega þyngst. 39 prósent Bandaríkjamanna og 34 prósent Evrópumanna sögðu Bush sjálfan vera höfuðástæðuna. - aa

Yfir tuttugu Kirgisar með smit:  
**Smituð af eyðni fyrir mistök**

**KIRGISTAN, AP** Sjö börn og tveir fullorðnir hafa greinst með eyðni í viðbót við þrettán aðra sem allir eru taldir hafa smitast vegna mistaka heilbrigðisstarfsmanna í Kirgistan. Heilbrigðisyfirvöld saka starfsfólkið um að hafa fyrir mistök sýkt fólk við blóðgjöf og hefur heilbrigðisráðherra rekið fjóra starfsmenn. Ekki hefur tekist að finna upptök sýkingarinnar. Hundruð barna og mæðra hafa verið skoðuð frá því fyrsta tilfellið kom upp í júní. 1.203 eru skráðir HIV-berar í Kirgistan. - sdg



**UMHVERFISFRÆÐINÁM Á SÓLHEIMUM** Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra ávarpaði gesti við setningu í Sesseljuhúsi á Sólheimum.

Nám í umhverfisfræðum:  
**Háskólanám á Sólheimum**

**SÓLHEIMAR** Nú í haust er að hefjast kennsla í umhverfisfræðum á Sólheimum. Námið ber heitið Sjálfbær þróun í sjálfbæru samfélagi og er á háskólastigi. Námið er afrakstur þróunar-vinnu Sesseljuhúss, umhverfis-seturs á Sólheimum, og banda-rísku menntasamtakanna CELL um hvernig best sé að standa að umhverfisfræðikennslu á Íslandi. Formleg setning námsleiðarinnar var í Sesseljuhúsi á Sólheimum á föstudag þar sem umhverfisráðherra ávarpaði gesti. Nú þegar eru komnir fimmtán nemendur sem munu búa á Sólheimum á meðan á náminu standur. - jar



**VÍK Í MÝRDAL** Veðurstofa mælir með því að formlegt hættumat verði unnið fyrir Vík.

Niðurstaða Veðurstofunnar:  
**Meta hættu á ofanflóði í Vík**

**ÖRYGGISMÁL** Hluti byggðar í Vík í Mýrdal þarfnast frekari skoðunar vegna hættu á ofanflóðum. Þetta kemur fram í greinargerð sem Veðurstofa Íslands hefur sent sveitarstjórninni í Mýrdals-hreppi. Veðurstofan mælir með því að formlegt hættumat verði unnið fyrir Vík. Slík vinna er að öllu leyti kostuð af Ofanflóða-sjóði. Sveitarstjórnin samþykkti í þessu ljósi að óska eftir því við umhverfisráðherra að skipuð yrði sérstök hættumatsnefnd fyrir sveitarfélagið. - gar

**DÓMSMÁL**

**Tennur brotnuðu** Karlmaður um títugt hefur verið ákærður fyrir að kyla 22 ára karlmann einu höggi í andlit. Atvikið átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Prikíð við Ingólfsstræti aðfaranótt 10. september í fyrra. Maðurinn sem var kýldur kjálkabrotnaði við höggið auk þess sem tvær tennur brotnuðu.

# Hugsaðu um heilsuna!

**Gamla góða Óskajógúrtin**  
– bara léttari

**Frískandi, hollur og léttur drykkur í dós**

**Svalandi, próteinríkur og fitulaus**


**Silkimjúkt, próteinríkt og fitulaust**

**Fitusnauðar og mildar ab-vörur**  
– dagleg neysla stuðlar að bættri heilsu og vellíðan

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

## Svona erum við

> Breytingar mánaðarlegrar launavísitölu frá fyrri mánuði fyrstu sjö mánuði ársins 2007



Heimild: Hagstofa Íslands

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: ÍSLENSKA FRÍÐARGÆSLAN

## Fríðargæslan hefur verið í átta löndum

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hefur ákveðið að kalla heim íslenskan fríðargæsluliða, sem hefur verið í Írak. Hún segir verkefni fríðargæslunnar í Írak ekki þess eðlis að það henti Íslendingum að taka þátt í þeim. Engu að síður verði áfram áhersla á að Íslendingar leggi sitt af mörkum til fríðargæslu þar sem ástandið leyfir.

## Hvar er íslensk fríðargæsla?

Íslenska fríðargæslan hefur undanfarin misseri starfað í átta löndum, nefnilega í Afganistan, Srí Lanka, Írak, Palestínu, Líbanon, Bosníu, Makedóníu og Serbíu. Nú fellur Írak út, þannig að sjö lönd verða eftir. Utanríkisráðuneytið telur æskilegt að ákveðnum stöðugleika hafi verið náð þar sem íslenskir fríðargæsluliðar starfa, en



ÍSLENSKA FRÍÐARGÆSLAN Í AFGANISTAN

hefur þó þann fyrirvara að gera verði ráð fyrir ótryggu ástandi þar sem fríðaragðerða er þörf.

## Hver eru verkefni fríðargæslunnar?

Verk íslenskra fríðargæsluliða eru unnin í samstarfi við alþjóðasamtök og alþjóðastofnanir og hafa verið margbreytileg. Lögð hefur verið áhersla á fjögur meginvið. Eitt er löggæsla og réttarfar, þar sem unnið er að uppbyggingu og eftirliti löggæslu og réttarfars í löndum þar sem stríð hefur geislað. Annað er flug- og flugvallarstjórnun, þar sem Íslendingar hafa gegnt mikilvægu hlutverki bæði í Kosovo og í Afganistan. Hið þriðja er upplýsingamál og fjölmiðlun, sem góð reynsla hefur verið af, en hið síðasta heilbrigði og heilsuvernd, sem lítil áhersla hefur reyndar verið lögð á hin seinni árin.

## SPURT &amp; SVARÐ

FINGRAFARASKANNAR

## Léttir ábyrgð barnanna

Tvö erindi hafa borist inn á borð Persónuverndar vegna fingrafaraskanna sem notaðir eru til að rúka fyrir mat í Setbergsskóla og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði. Elín Einarssdóttir er deildarstjóri skólamátu- neytis Sláturfélags Suðurlands.



ELÍN EINARSSDÓTTIR  
Deildarstjóri.

## Hvers vegna notist þið við fingrafaraskanna?

Það er til að auðvelda afgreiðslu matarins í matsalnum. Við höfum verið með fingrafaraskannana í tvö ár en erum bara með þá í þessum tveimur skólum sem stendur. Við notum líka skannana því krakkarnir eru að tyna kortunum og við viljum léttu ábyrgð þeirra.

## Þetta er umdeild aðferð, er engin önnur aðferð sem kemur til greina? Það hefur verið ýmislegt skoðað en þessi leið var ákveðin á sínum tíma. Hvernig verður brugðist við ef Persónuvernd úrskurðar að fingrafaraskannar séu ólöglegir?

Við verðum að hlýta því sem er úrskurðað í svona málum og verðum þá að leita annarra leiða. Við hljótum að skoða það ef Persónuvernd úrskurðar að þetta sé ekki löglegt.

## Vaxandi sundrung í Belgíu

Það sem lengi var aðeins baráttumál jaðarstjórn-málahreyinga er nú á allra vörum í Belgíu: Er hið 177 ára gamla konungsríki að sundrast?

Sjónvarpsþáttur sem sendur var út í Belgíu í fyrra, þannig gerður að það leit út fyrir að hann væri bein fréttáútsending, hristi rækilega upp í Belgum, enda var þar fullt af að hinn flæmskumælandi hluti landsins hefði lýst yfir sjálfstæði og konungshjónin flúið land.

Nú, innan við ári síðar, er svo komið að það sem lengi var aðeins hugarústur stjórnmalamanna á yzta jaðri stjórnmalanna er nú á allra vörum: Er Belgía að leysast upp?

## Viðvarandi stjórnarkreppa

Þegar þrjú mánuðir eru liðin frá þingkosningum hefur enn ekki tekið að mynda nýja ríkisstjórn, þrátt fyrir að borgaralegu flokkarnir hafi skýran meirihluta á sambandsþinginu í Brussel. Áskoranir Alberts II konungs um þjóðarsamtöðu hafa stjórnmalamenirnir látið sem vind um eyru þjóta. Það hefur grafið undan áhrifavaldi konungsembættisins, sem oft hefur verið nefnt límið sem heldur þjóðinni saman.

Viðræður borgaralegu systur-flokkanna úr flæmsku- og frönskumælandi hluta landsins um myndun nýrrar Belgíustjórnar eru sigldar svo rækilega í strand, að stjórnmalamenn úr helztu stjórnmalaflokkunum og leiðandi fjölmiðlar eru farnir að hafa umbúðalaust orð á því að ef til vill færi best á því að Flæmingjar og Vallónar færu hvorir sína leið.

„Ég vil ekki endalok Belgíu, en ég óttast að svo fari,“ hefur AP-fréttastofan eftir Gérard Deprez, fyrrverandi leiðtoga kristilegra demókrata í Vallóníu, hinum frönskumælandi syðri hluta Belgíu.

Elio di Rupo, leiðtogi frönskumælandi sósíalista, segir að hættan á upplausn Belgíu sé „meiri nú en 10. júní“, þegar þingkosningarnar fóru fram og hinar erfiðu stjórnarmyndunarviðræður hófust.

Í kosningunum fengu kristilegir demókratar og frjálslyndir samtals 81 sæti af 150 á sambandsþinginu og lýstu því yfir að þeir hygðust mynda stjórn saman. En myndun hennar hefur strandað á því að fulltrúar flæmsku flokkanna hafa krafizt þess að á kjörtímabiliinu verði enn fleiri málefni færð frá sambandsríkisstjórninni til landshluta-stjórnanna. Vallónar í öllum flokkum eru þessu andsnúnir; þeir telja að verði sambandsstjórnin rúin enn meiri af valdi sínu en orðið er verði hún nánast valdalaus. Ósætti er einnig um endurskoðun á kjördæmalandamærum á hinu tvítungda höfuðborgarsvæði.

## Ólík efnahagsþróun

Frá því á níunda áratugnum hafa málsvæðin haft víðtæka sjálfstjórn. Í flæmska hlutanum búa sex milljónir af hinum 10,5 milljónum íbúa Belgíu; um fjórar milljónir í Vallóníu og eitt prósent landsmanna í þýskumælandi hlutanum austast í landinu. Eingöngu Brussel er tvítungt svæði.

Ólík efnahagsþróun í landshlutunum á síðustu árum hefur gefið aðskilnaðarhugmyndum byr undir báða vængi í Flandri; nánast allur hagvöxtur sem á sér stað í Belgíu



KREFJAST SJÁLFSTÆÐIS Flæmskir sjálfstæðissinnar með kröfuspjöld við konungshöllina í Brussel er Yves Leterme skilaði stjórnarmyndunarumboðinu til konungs í lok ágúst.

NORDICPHOTOS/AFP

verður til í Flandri, þar er atvinnuleysi innan við helmingur af því sem það er í Vallóníu. Á síðustu árum hafa á bilinu 6-7 prósent af vergri þjóðarframleiðslu Flandurs farið í að standa straum af almannaþjónustu í Vallóníu, mörgum skattgreiðendum í Flandri til gremju.

Flæmingjar krefjast þess að heilbrigðismál, dómsmál og samgöngumál verði færð undir landshluta-stjórnirnar, en þessir málaflökkar eru meðal síðustu vígja sambandsstjórnarinnar í Brussel. Margir telja að rökrétt næsta skref væri fullt sjálfstæði. Enda hefur sjálfstæðissinnur í flokkunum Vlaams Belang og Nieuw-Vlaamse Alliantie sífellt aukizt ásmegin og sjálfstæðishugmyndir jafnframt hlotið æ meiri byr innan hefðbundnu meginstraumsflokkanna líka. Nýleg viðhorfskönnun VTM-sjónvarpsstöðvarinnar sýndi að 46 prósent flæmskumælandi kjósenda vildu sjálfstæði. Þetta hlutfall hefur aldrei fyrr mælt svo hátt.

## Frankvæmanleiki aðskilnaðar

„Að lifa saman í einu landi er ómöglegt ef minnihlutinn hindrar meirihlutann ár eftir ár í að láta það verða að veruleika sem hann telur mikilvægast,“ skrifaði nýlega Het Laatste Nieuws, útbreiddasta dagblað Belgíu.

## BELGÍA - 177 ÁRA KONUNGSRÍKI

Belgía varð til sem sjálfstætt ríki árið 1830, er það var stofnað sem stjórnarskrárbundið konungsríki á því landsvæði sem áður hafði verið Syðri-Niðurlönd. Það landsvæði hafði um aldri heyrt undir Habsborgara. Á mektarárum Napóleons Bonaparte voru Syðri-Niðurlönd innlimuð í Frakkland, en eftir að Napóleonsstríðunum lauk (með orrustunni við Waterloo árið 1815) urðu þau hluti af sameinuðu konungsríki Niðurlanda (með norðurhlutanum, Hollandi). Hinir kapólsku íbúar suðurhluta ríkisins urðu ósáttir við stjórnarhætti Vilhjálmis I konungs og eftir uppreisn gegn honum árið 1830 var konungsríkið Belgía stofnað með stuðningi Frakklands og Bretlands.

Framan af var franska allsráðandi sem ríkismál Belgíu. Það breyttist ekki fyrr en leið á 20. öld, er flæmska (hollenzka) varð jafnréttá. Þýzka bættist við sem þriðja opinbera tungumálið í landinu eftir að sneið af Þýskalandi (Eupen-Malmedy) var innlimuð eftir fyrri heimsstyrjöld.

Upp úr 1980 fengu landshlutarnir sjálfstjórnarréttindi og nú er Belgía sambandsríki þar sem landshluta-stjórnirnar hafa víðtæk völd. Heildaríbúafjöldi Belgíu er 10,5 milljónir. Flæmskumælandi eru yfir 6 milljónir, frönskumælandi um 4 milljónir og rúmlega 100.000 Belgar hafa þýzku að móðurmáli.



KONUNGSHJÓNIN „Límið sem heldur þjóðinni saman.“

NORDICPHOTOS/AFP

## „Engir Belgar til“

Að binda enda á tilvist Belgíuríkis með þessum hætti myndi setja punkt við þróun sem á sér langan aðdraganda, og má í raun rekja allt aftur til stofnunar ríkisins árið 1830.

Árið 1912 skrifaði Jules Destrée, einn af leiðtogum frönskumælandi sósíalista, Albert I konungi bréf, þar sem hann segir belgísku þjóðina „platþjóð“ sem endurspegladi með engu móti raunveruleikann. Flæmingjar og Vallónar væru algerar andstæður. „Það sem vekur áhuga eins stendur hinum nákvæmlega á sama um... Vallónar tilheyra rómönsku siðmenningunni, Flæmingjar hinum germanska menningarheimi. Í Belgíu eru Vallónar og Flæmingjar. Það eru engir Belgar til, herra.“



FRÉTTASKÝRING  
AUDUNN ARNÓRSSON  
audunn@frettabladid.is

Hvað er að fréttá?

www.euruni.edu

Tuesday 11th September at 17:00

Do your BBA / MBA in Barcelona

Information Session  
Hótel Radisson SAS Saga  
V/Hagatorg 1s-107 Reykjavík

- ✓ Small classes - All courses taught in English
- ✓ Top professors
- ✓ Excellent mix of theory and practice
- ✓ 4 starting dates per year
- ✓ International environment
- ✓ Transfer opportunities between our campuses in

Barcelona | Montreux | Geneva | Munich | Lisbon | Athens | Malta | Kazakhstan | Singapore | Damascus | London | St. Petersburg

eu  
european university  
CENTER FOR MANAGEMENT STUDIES

SANDØKER 70, 08021 BARCELONA - TEL: +34 93 201 81 71 - INFO.BCN@EURUNI.EDU

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám haustið 2007

## Menntun sem gefur þér forskot



Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðipjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa yfir 35.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á rúmu 21 ári. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Hagnýt verkefnastjórnun

Ef þú stjórnar verkefnum er þetta einstæða nám fyrir þig. Kennend er árangursrík verkefnastjórnun byggð á hinni vinsælu PRINCE2 aðferðafræði ásamt áætlanagerð og stjórnun verkefna með Microsoft Project forritinu. Unnin eru verkefni tengd starfi þátttakenda í náminu.

**Leiðbeinandi** er Halldór Kristjánsson, verkfræðingur og framkvæmdastjóri, en hann hefur mikla reynslu af stjórnun stórra og smárra verkefna og atburða og að kenna verkefnastjórnun. Hann hefur einnig aðstoðað fyrirtæki við að innleiða formlega verkefnastjórnun.

Námskeiðið er á föstudögum, kl. 9:00-12:00 og hefst 21. september '07.  
**Lengd:** 50 stundir/33 klst. **Verð:** 89.900

### Vefhönnun og myndvinnsla

Þetta skemmtilega nám er fyrir þá sem vilja ná þeirri færni sem þarf til þess að starfa við vefsíðugerð, vefhönnun og vefstjórnun. Kennend er að vinna vef frá fyrstu hugmynd og þar til hann er tilbúinn til birtingar á Internetinu:

- HTML kóðun
- Vefsíðugerð með Dreamweaver
- Myndgerð og myndvinnsla með Photoshop og Flash

Námskeiðið er á mánu- og miðvikudögum kl. 16:15-19:15 og hefst 19. september 2007.

**Lengd:** 90 stundir/60 klst. **Verð:** 99.900 • Allt að 5 ára lán

### Skrifstofunám

#### Hagnýtt bókhaldsnám

Bókhaldsnám sem borgar sig strax. Námið er fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á bókhaldi, t.d. sjálfstæða atvinnurekendur og þá sem vinna við bókhald.

Kennend er meðal annars fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisauka-skatti, grunnur launaútreikninga, afstemmingar, undirbúningur uppgjors og fleira

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

**Lengd:** 94 stundir/63 klukkust. **Verð:** 99.900

#### Skrifstofu- og tölvunám

Ef þú vilt verða liðtæk(ur) við margskonar skrifstofustörf og vinnu við tölvu þá er þetta hnitmiðaða skrifstofunám það rétta.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Access og Excel.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur

**Lengd:** 200 stundir/133 klst. **Verð:** 159.900

#### Skrifstofu- og bókhaldsnám

Þú verður í hópi eftirsóttustu starfskrafta ef þú menntar þig í bókhaldi, rekstri og skrifstofustörfum.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows, fingrasetning, Internetið, Word, PowerPoint, Outlook, Excel og Access.
- Almennar viðskiptagreinar og verslunarreikningur.
- Hagnýtt bókhald

*Vandað bókhaldskerfi innifalið í verði! \**

**Lengd:** 300 stundir/200 klst. **Verð:** 229.900

**Allt skrifstofunám er í boði á morgnana (9:00-12:00) eða á kvöldin (19:30-22:30)**

*\* Leyfið er takmarkað við eitt ár og einn notanda.*

### MCSA netstjórnun

MCSA (Microsoft Certified Systems Administrator) gráða Microsoft er mjög eftirsótt og er þetta nám mjög góður undirbúningur fyrir hana. Taka þarf fjögur MCP próf til þess að fá gráðuna og eru þau öll innifalin í verði námskeiðsins. Hægt er að taka námið í tveimur áföngum, annars vegar sem Netumsjón MCP og hins vegar sem Netumsjón MCP II.

Kennend er netfræði, TCP/IP, Windows XP Professional Sp2 (70-270), Windows 2003 Server R2 (70-290), Windows Server 2003 Network Infrastructure (70-291) og Windows Vista (70-620).

**Lengd:** 243 stundir/162 klst. **Verð:** 299.900. Kennend er á mánu- og miðvikudögum kl. 16:15-19:15.

### Góð byrjun

#### Almennt tölvunám

Ef þú hefur litla reynslu af tölvunotkun eða vilt fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum þá er þetta frábæra námskeið fyrir þig.

*Helstu kennslugreinar:*

- Windows, Word og Excel
- PowerPoint, Outlook og Internetið

**Lengd:** 90 stundir/60 klst.

**Verð:** 79.900 • Allt að 3 ára lán

#### Tölvupekking fyrir konur

Námskeið sem hefur slegið í gegn, ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölvu við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur

**Lengd:** 60 stnd./40 klst. kvöld

**Verð:** 47.900 • Allt að 3 ára lán

#### Tölvunám fyrir 50+

Ef þú hefur ekki ennþá lært á tölvu og ert komin(n) yfir fimmtugt er þetta rétta námskeiðið fyrir þig.

Þægilegur hraði, spennandi efni og frábær kennsla gerir þig að öflugum tölvunotanda.

*Helstu kennslugreinar:*

- Tölvugrunnur, Windows og Word
- Excel, Internetið og tölvupóstur
- Stafræn ljósmyndun og vinnsla

**Lengd:** 72 stnd./48 klst.

**Verð:** 59.900 • Allt að 3 ára lán

### .NET forritun

#### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgrípsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni.

Krafist er góðrar tölvupekkingar.

**Lengd:** 94 stundir/63 klst.

**Verð:** 139.900, kvöldnám hefst 24. sept.

### MCP netumsjón

#### Netumsjón MCP

Þetta ítarlega og gagnlega nám er fyrsti áfanginn að MCSA gráðu og er sniðið fyrir þá sem vilja sjá um netrekstur í fyrirtækjum og skapa þér ný tækifæri á vinnumarkaði. Ítarleg yfirferð á Windows XP Professional SP2 (70-270) og Windows 2003 Server R2 (70-290). 2 próf innifalin.

Kennend er mánu- og miðv. kl. 16:15-19:15.

**Lengd:** 121 stund/81 klst. **Verð:** 159.900

#### Windows XP Pro SP2

Frábært nám fyrir þá sem vilja verða sérfræðingar í Windows XP (próf 70-270).

**Lengd:** 60 st./39 klst. **Verð:** 89.900

#### Windows Server 2003 R2

Sérlega gott nám fyrir verðandi kerfisstjóra og þá sem vilja taka MCP próf 70-290.

**Lengd:** 60 st./39 klst. **Verð:** 99.900

#### Byrjendanámskeið

Windows, Word og Internetið • 22 stundir/verð 24.500

Internetið og tölvupóstur • 9 stundir/verð 10.900

Windows XP fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Windows Vista fyrir byrjendur • 9 stundir/verð 10.900

Fingrasetning - tölvuvérlitun • 6 stundir/verð: 6.900

#### Access

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • 22 stundir/25.900

Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • 18 stundir/34.900

Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 9 stundir/12.900

#### Word

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • 22 stundir/verð 24.500

Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 9 stundir/12.900

Word II: Framhald • 22 stundir/verð 26.900

Töflur og eyðublað í Word • 4 stundir/verð 6.900

Vinnsla langra skjala í Word • 13 stundir/verð 18.900

Dreifibréf og markpóstur í Word • 4 stundir/verð 8.900

#### Excel

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • 22 stundir/verð 24.500

Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 9 stundir/12.900

Excel IIa: Sérhæfð notkun • 18 stundir/verð 29.900

Excel IIb: Fjármál, bókhald og endursk. • 18 st./verð 36.500

Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • 32 st./verð 45.900

#### PowerPoint

PowerPoint I: Glærur og kynningar • 13 stundir/verð 16.900

PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 9 stund/12.900

PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • 9 stundir/verð 13.900

PowerPoint I + II • 22 stundir/verð 24.500

#### Outlook

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • 13 st./verð 16.900

Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/6.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

#### Publisher

Publisher: Bæklingar og kynningar • 13 st./verð 16.900

#### Vefsíðugerð

DreamWeaver 8 vefsíðugerð • 27 stundir/verð 29.900

Microsoft Expression Web • 27 stundir/verð 29.900

Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • 18 st/verð 24.900

#### Myndvinnsla og grafík

Ljósmyndavinnsla með Picasa • 9 stundir/verð 12.900

Stafræn ljósmyndun • 13 stundir/verð 16.900

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • 22 stundir/verð 29.900

Photoshop Elements • 13 stundir/verð 16.900

Visio: Viðskiptagrafík og teikning • 18 stundir/verð 24.900

#### Windows

Windows XP framhaldsnámskeið • 9 st./verð 12.900

#### Verkefna- og tímastjórnun

PRINCE2 verkefnastjórnun • 18 stundir/verð 49.900

Microsoft Project verkefnastjórnun • 22 st./verð 39.900

Tímastjórnun með Outlook • 6 stundir/verð 12.900

*Ný námskeið eru merkt með rauðum lit*

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símabjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** telur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitid nánari upplýsinga um kjör).

**Tölvunám TV til betri verka**

– hringdu núna í síma 520 9000

– og skoðuðu [www.tv.is](http://www.tv.is) til að fá meiri upplýsingar

– eða komdu í heimsókn, þú ert alltaf velkomin(n)!



Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 • 108 Reykjavík • Sími 520 9000 • tv@tv.is • www.tv.is

Stefnuleysi um framtíð miðbæjar Reykjavíkur.

## Ringulreið í Reykjavík

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Laugavegurinn hefur verið skörðóttur undanfarin ár. Þar eru hús rifin og ný rísa í staðinn. Ofarlega við Laugaveg er verið að grafa grunn að nýju húsi og umræðan um Laugaveg 4 og 6 sem samþykkt hefur verið að rífa og reisa ný hús í staðinn hefur líklega farið fram hjá fáum.

Fátt bendir til að þessar breytingar séu til bóta fyrir Laugavegin og það líf sem þar þrífst. Vissulega verður til nútímalegt verslunarhúsnæði þar sem óskandi er að viðskipti munu dafna. Ekki verður þó beinlínis séð að sú sérverslun sem einmitt einkennir Laugavegin dafni síður í eldra húsnæði en nýju.

Sérkenni þessarar óvenjulegu aðalgötu borgar eru hins vegar á undanhaldi. Smám saman munu fjögurra hæða hús sem stundum eru teiknuð á þann veg að þau hafi skírskotun í eldri byggingarhefð, en þó yfirleitt ekki, einkenna allt yfirbragð Laugavegarins. Þar með eru að hverfa þau einkenni sem gera Laugavegin að þeim sérstaka stað sem hann er.

Eftir munu, sem betur fer, standa flest þau hús sem glæsilegust þykja við Laugavegin. Sérkenni götunnar hefur þó einmitt falist í þessum lágreytu alþýðlegu húsum í bland við reisulegri byggingar, húsum sem undanfarið hafa iðulega verið nefndir kofar í orðræðunni. Og það er eftirsjá að þessum margbreytilegu litlu húsum, jafnvel þótt sum hver séu verulega lýtt bæði af vanrækslu og breytingum síðari ára. Þessi hús eru dæmi um þá húsagerð sem hér tíðkaðist eftir að torfbæjunum slegpti og full ástæða til að sýna þessum hluta sögu húsagerðar á Íslandi sóma.

Á sama tíma og verið er að sneypa Laugaveg sérkennum sínum eru kynntar metnaðarfullar tillögur að breyttri ásýnd reitsins í kringum Lækjartorg. Gert er ráð fyrir að húsinn sem brunnu fyrr á árinu verði endurbýggð með svipuðu sniði og þau voru og hugmyndin um að sú hryggðarmynd sem Lækjargötu-húsið frá áttunda áratugnum er, víki og þess í stað komi gamla Hagkaupshúsið úr Árbæjarsafni er góð. Hins vegar verður ekki séð hvers vegna ekki má reisa nýtt hús að fyrirmynd hins gamla í stað þess að fylgja húsið sem gegnir mikilvægu hlutverki í Árbæjarsafni aftur til baka. Úr því sem komið er hlýtur hús sem reist er frá grunnni með gamla húsið að fyrirmynd að geta þjónað sama tilgangi. Hugmyndin, sem reyndar er ekki ný af nálinni um að opna lækinn sem Lækjargatan er kennd við er framúrskarandi.

Óskandi væri að sama virðing við ræturnar og einkenna tilögurnar um breytta ásýnd Lækjargötu réðu ríkjum á Laugavegi. Miðbær höfuðborgar er ásjóna hennar. Miðbær verður ekki búinn til með því að rífa hús og byggja ný. Því síður verður hann fluttur eins og reglulega koma fram hugmyndir um í Reykjavík. Miðbærinn er ekki við Ármúla eða í Kringlunni þótt hugmyndir hafi verið um slíkt. Hann verður ekki heldur við ósa Elliðaána, þótt sú hugmynd kunni að líta vel út á teikniborði.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

### Framboðsfrestur

Ákveðið hefur verið að efna til allsherjar- atkvæðagreiðslu í VR við kjör fulltrúa á ársfund ASÍ og þing LÍV 2007. Kjörnin verða 74 fulltrúar og 26 fulltrúar til vara á ársfund ASÍ og 50 fulltrúar og 20 fulltrúar til vara á þing LÍV. Framboðslistar ásamt meðmælum 100 fullgildra félagmanna VR þurfa að hafa borist kjörstjórn á skrifstofu VR, Húsi verslunarinnar fyrir kl. 12 á hádegi fimmtudaginn 20. september nk.

Kjörstjórn.

Virðing Réttlæti

VR

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Í kjallaranum

Sú var tíðin að ungir lögmenn hjá Héraðsdómi Reykjavíkur skiptu með sér vöktum um helgar og mættu árla morguns niður á lögreglustöð sem þá var í gamla pósthúsinu í Pósthússtræti. Þar sátu þeir og gengu frá málum eftir óspektir næturinnar. Fyllir-raftar, smáþjófar og ofstopamenn höfðu þá legið þar í kjallaranum um nóttina, sumir sofandi úr sér, aðrir iðrast eða forherst.



#### Slökkvilið

Þetta var á þeim árum þegar það var sport manna um helgar að brjóta allar rúður á lögreglustöðinni og þegar verst lét þurfti að kalla á slökkviliðið til að kæla menn niður í gleðskapnum. Enginn var bjórinn þá nema smyglaður en nóg af amfetamíni í umferð, einkum frá togaramönnum sem sigldu á Þýskaland og Bretland. Stríðið var nýbúið og þar þurftu menn að keyra sig áfram við uppbyggingu og til að losa sig við stríðsdróm-ann.

#### Næturréttur

Nú hefur löggætt sett næturrett og vistar menn skamma hríð, bæði þá sem halda að það sé í lagi að lemja derhúfu af löggunni eða míga utanhúss hvar sem er. Hinir gömlu góðu dagar snúa aftur. Nú er mönnum settur réttur og þeirra mál afgreidd síðla nætur og snemma morguns. pbb@frettabladid.is



## Sjáið hér manninn

Kannski var Jón Gnarr að kleggja nafn Guðs við – uuu – síma í margumræddri auglýsingu um nýja gerð af þessum apparötum sem oft hafa þótt bjánaleg hjá Íslendingum eins og þeir þurfa nú á þeim að halda í fásinninu og einangruninni – alveg frá því að bændur riðu til Reykjavíkur að mótmæla lagningu símans í upphafi 20. aldar og til þess þegar farsímar urðu að tákni um uppskafningshátt undir lok aldarinnar.

Viðbrögð biskups og hans fólks eru skiljanleg: að gangur píslasögunnar hefði orðið annar ef Jesús hefði verið með farsíma? Heyr á endemi! Biskupsmenn hafa maldað í móinn og kveinkað sér en mildilega í raun: enginn þeirra hefur haft á orði að höfundur sé að brjóta boðorðið um að ekki skuli leggja nafn Guðs við hégóma – hvað þá að þeir hafi kallað yfir hann bannfæringu, eld eða brennistein.

Það er nefnilega langur vegur frá Kómeini til herra Kalla.

#### Sannlega segi ég þér...

Auðvitað veit Jón Gnarr fullvel hversu fáránleg hugmyndin er að baki auglýsingunni. Eins og þeir þekja sem hlustað hafa á hann í Tvíhöfða eða fylgst með öðrum verkum hans þá hefur hann sem listamaður unnið markvisst í gegnum tíðina með fáránlegar hugmyndir, gert hið venjulega absúrd og öfugt, dansað á mörkum snilldar og dellu: og verið fyndinn. Það er vert að gefa gaum að því sem Jón hefur sjálfur sagt um þessa auglýsingu: hann segist notfæra sér eiginleika þessara nýju síma til að varpa ljósi á eiginleika Krists.

Og sjá: auðvitað þurfti Kristur engar svona mannlegar græjur til að vita allt um brallið í Júdasi.



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í DAG | Símaauglýsingin

Með öðrum orðum: auglýsingin sýnir okkur ófullkomleika mannsins andspænis hinum fullkomna. Og hversu nýja græjan sem við erum svo barnalega stolt af er léttvæg andspænis sjálfum Frelsarannum. Þetta er sterk og einföld uppstilling. Rétt eins og auglýsingarnar um Lýð Oddsson sem Jón Gnarr hefur unnið með Þorsteini Guðmundssyni og sýna okkur bókstaflega hvernig margur verði að aurum api: venjulegur maður verður fyrir þeirri ógæfu að vinna í lottóinu og tapar sjálfum sér gersamlega í græjum og einskisverðu bauki: Lýður Oddsson er áhrifamesta tákmynd nýju íslensku auðmannanna sem enn hefur verið gerð.

Yfirleitt er það svo í auglýsingu um að eiginleikar eftirsóknarverðra gilda og kennda eru notaðir til að varpa ljóma á tiltekna neysluföru til þess að láta okkur kaupa hana. Jón Gnarr sýnir þessu við; hann notar eiginleika vörunnar til að varpa ljóma á hið raunverulega eftirsóknarverða. Og gerir það með því að fara út í fáránlegar ofgar: að við getum orðið eins og Jesús Kristur ef við kaupum okkur einhvern gema...

Á tímum Leonarda da Vinci, sem Jón Gnarr vísar einmitt til í auglýsingu sinni, störfuðu listamenn í þjónustu kirkjunnar við að útbreidda hugmyndafræði

sem þeir aðhylltust misjafnlega. Margar sögur eru til um togstreitu bæði Leonardos og Michelangelos við Kirkjuna, og leiðir þeirra til að lauma persónulegri sýn og jafnvel skilaboðum inn í stranglega niðurnjörvaða listina. Á okkar dögum ríkir almenn velvilð í garð Guðs og Jesús en hin raunverulega tignun er á Mammoni: einhver sterkasti vitnisburður sem við höfum fengið að sjá um það er Húsasmiðjuauglýsingin þar sem gospelkór Filadelfíusafnaðarins hoppar um í trúarhita og ákófu ákalli til Húsasmiðjunnar – eða er það Mammons? Manni verður að minnsta kosti hugsað til dansins kringum gullkálfinn.

Listamenn sem fyrrum voru í þjónustu kirkju við að útbreidda ríkjandi hugmyndafræði eru nú á dögum á auglýsingastofnum við að breidda út fagnaðarerindi neysluhyggjunnar: sjá allt þetta munt þú fá ef þú ferð út í búð og kaupir mig.

En auglýsing er aldrei bara um þá vöru sem hún auglýsir: Zero-át Kóka-kóla þóttist snúast um drykkinn – en í raun og veru var verið að markaðssetja kvenhatur. Og svo framvegis. Hugmyndirnar sem auglýsingarnar boða undir rós eru stundum verulega andstyggilegar en oftast hversdagslegar og jafnvel raunalegar, eins og sýklauglýsingarnar um konur sem sífellt eru að mæna ofan í klósettin hjá sér.

En í símaauglýsingunni er undirtextinn eindregnari en yfirleitt gerist. Þar erum við neydd til þess í miðju neysluæðinu og eignakapphlaupinu að minnast Manns-sonarins sem sagði: „Hvað stóðar það manninn, að eignast allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni“ (Markús 8:36-37).

## Gott hjá Lúðvík

#### UMRÆÐAN

Orkuveita Reykjavíkur

Ef Orkuveita Reykjavíkur verður seld þá er ekki aðeins verið að selja fyrirtæki sem framleiðir rafmagn heldur einnig fyrirtæki sem ræður yfir vatnsbólum og miðlar heitu vatni og köldu. OR er ábyrgðaraðili dýrmætra náttúruauðlinda. Vatn er dýrmætasta auðlind jarðar og um eignarhald á því munu standa mikil átök á nýrri öld.

Í þeim átökum eru annars vegar þau sem vilja styrkja einkaeignarrettinn í sessi og hins vegar hin sem vilja tryggja almennarétt. Tekist var á um nákvæmlega þetta á Alþingi þegar vatnalagafrumvarp þáverandi ríkisstjórnar kom fyrir þingið á síðasta kjörtímabili. Niðurstaðan varð sú að gildistöku þessa umdeilda frumvarps var frestað til 1. nóvember þannig að þinginu gæfist kostur á að taka málið upp að nýju að afloknum kosningum. Í stjórnarmeirihluta fyrri stjórnar voru eflaust til efasemdarmenn um ágæti þessa frumvarps og því ekki mótfallnir að taka málið upp að nýju. Nú hefur iðnaðarráðherra, Óssur Skarphéðinsson, lýst því yfir að hann hyggist endurskoða lögin og hef ég



ÖGMUNDUR JÓNASSON

fagnað þeirri yfirlýsingu enda er hún í samræmi við fyrri afstöðu hans.

Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins, Sigurður Kári Kristjánsson, reyndi að gera lítið úr þessari yfirlýsingu Óssurar Skarphéðinssonar. Í útvarpsfréttum 31. ágúst sl. sagði hann: „Ég get ekki betur séð en að iðnaðarráðherra sé hér einn á ferð og hér sé um að ræða einhverjar eftirhreytur frá því að hann var í stjórnarandstöðu.“ Þessu andmælti formaður þingflokks Samfylkingarinnar í sama fréttatíma á afgerandi hátt auk þess sem fréttastofa RÚV hafði eftir honum ummæli sem tóku af öll tvímæli: „Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir iðnaðarráðherra einn og svo einan á ferð. Afstaða þingflokks Samfylkingarinnar til nýrra vatnalaga hefði ekkert breyst. Stendur þá þingflokkurinn allur þétt að baki iðnaðarráðherra? Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar: Já, við gerum það...“

Það er mikilvægt að menn gangi ekki að því gruflandi hver afstaða Samfylkingarinnar er og var lofsvert hjá Lúvík Bergvinssyni að kveða skýrt að orði um þetta efni.

Höfundur er þingflokksformaður Vinstri grænna.





**Yfirmaður** japanska leikjaframleiðandans Square Enix Co Ltd, Yoichi Wada, kennir slæmri markaðssetningu um slapppt gengi Playstation 3. Hann bendir á að tölvan hafi fyrst verið kynnt sem fullkomin heimilisgræja en síðan skyndilega sem tölva. Telur hann að hægt sé að auka söluna með góðri markaðssetningu.

**Microsoft** og Siemens hafa ákveðið að sameina krafta sína í framleiðslu á nýjum afþreyingarkerfum og leiðsögutækjum í bíla. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem fyrirtækin sendu frá sér á föstudag. Áætlað er að tækin, sem munu byggja á hugbúnaði frá Microsoft, komi fyrir sjónir almennings árið 2009.



**Farsímanotkun** er óráðleg á spítölum, sérstaklega á herbergjum sjúklinga. Það þykir sýnt að þeir geta slökkt á loftræstitækjum eða truflað gangráða. Þetta er niðurstaða rannsakernda við Amsterdam-háskóla, sem skráðu niður 50 rafmagnstruflanir vegna farsíma á spítölum. Þeir flokkuðu 75 prósent þeirra hættuleg.

**GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...**

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚÍ NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLIÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfrír og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds

PGV ehf. | Bæjarhrauni 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími: 564 6080 | Fax: 564 6081 | www.pgv.is



Anna heldur hér á Epoq-heyrnartæki sem er svo nett að augað fær það varla greint. Engu að síður býr það yfir háþróaðri tækni. Epoq-heyrnartækin fást eingöngu í Heyrnatækni í Glæsibæ og útbúum þess um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR ÁRNASON

## Tengjast þráðlaust við hljóðgjafa með blátækni

*Epoq-heyrnartækin eru komin til Íslands en þau eru talin vera fullkomnustu heyrnartæki á markaðinum í dag.*

„Það sem er einstakt við Epoq-heyrnartækin er að þau búa yfir nýrri, þráðlausri tækni, sem gerir það að verkum að tvö tæki geta skipst á upplýsingum og samhæft allar stillingar. Fyrir vikið upplifir notandinn meiri víðuma skynjun fyrir hljóði en áður, í stað þess að tækin vinni sjálfstætt á hvoru eyra.“

Þetta segir Anna Linda Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur og starfsmaður fyrirtækisins Heyrnatækni, um Epoq-heyrnartækin sem eru nýjung á markaðnum og þykja algjör tæknibylting. Anna líkir breytingunni við stökkið sem varð þegar heyrnartæki þróuðust úr því að vera hliðræn yfir í stafræn, sem olli byltingu á sínum tíma.

Að sögn Önnu hafa heyrnartæki ekki áður unnið saman og heldur ekki á jafn miklum hraða. Í raun líki nýju tækin eftir hæfileika eyrna til að nema hljóð og vinna úr því.

„Í kjölfarið verður allt mun skýrara,“ útskýrir hún. „Menn átta sig betur á hvaðan hljóð koma. Til dæmis í margmenni. Tali einhver við þá eiga þeir auðveldara með að greina upptök hljóðsins.“

Eins og áður sagði búa tækin yfir eiginleikum til að tengjast þráðlaust og þá við öll tæki sem búa yfir blátækni. Það gerist í gegnum tækið Streymir sem lítur út eins og iPod og flytur boðin á milli tækjanna. Þannig má tengja heyrnartækin þráðlaust við farsíma, tölvur eða með snúru við aðra hljóðgjafa.

„Ég reyndi þetta sjálf um daginn,“ segir Anna. „Tengdi heyrnartækin við iPodinn minn og við það breyttust þau í þráðlaus heyrnartól. Það virkaði mjög vel. Það sama gildir um farsíma. Hljóð berast þráðlaust beint í farsímamann og talað er í Streymi þegar talað er í gemsann.“

Að lokum má telja upp útlit tækjanna, sem þykja listilega vel úr garði gerð. Létt og meðfærileg, svo þau sjást varla á bakvið eyra og eru því þægileg í notkun.

roald@frettabladid.is

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

## ÓDÝRUSTU 3G SÍMAR Á ÍSLANDI

<b>SonyEricsson K810i</b>	<b>SonyEricsson K610</b>	<b>LG KU250</b>	<b>Nokia 6120</b>	<b>Nokia N95</b>
<b>kr. 36.990</b>	<b>kr. 19.990</b>	<b>sá ódýrasti kr. 16.990</b>	<b>kr. 27.990</b>	<b>kr. 69.990</b>

**Farsimalagerinn.is**

MP3-spilarar geta verið varasamir þar sem þeir geta skaðað heyrn ef þeir eru of hátt stilltir. Betra er því að gæta hófs og hægt er að verða sér út um síur á heyrnartólin sem eyða bakgrunnshljóðum.



### Hvar er barnið?

SÍMAFRAMLEIÐENDUR DISNEY OG WHERIFONE BJÓÐA UPP Á ÞJÓNUSTU SEM STAÐSETUR SÍMAEIGENDUR NÁKVÆMLEGA MEÐ GPS.

Foreldrar geta nú vitað nákvæmlega hvar börnin þeirra eru á hverjum tíma með því að hafa staðsetningartæki í símunum þeirra. Disney og Wherifone lofa þó að vörn sé í staðsetningartækinu til þess að ókunnugir geti ekki misnotað slík tæki. Persónuverndarsinnar eru margir hverjir ekki hrifnir af þessu upp-tæki símaframleiðendanna en framleiðendurnir segja þetta leið til að halda viðskiptavinum sínum ánægðum.



Foreldrar geta með nýrri tækni staðsett börnin sín nákvæmlega ef þau eru með farsímann á sér.

- sig

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Er brotið ljós?  
Beyglað bretti?  
Ónýtur stýrisendi?  
Slitnir bremsuklossar?

**varahlutir.is**  
Smíðuvegur 8 (rauð gata) Kópavogi S: 511-2222

### STIGAR

Allar mögulegar gerðir eftir óskum hvers og eins - Sjá heimasíðu okkar

Erum einnig með glugga og hurðir Hagstæð verð og fljót afgreiðsla

Mex - byggingavörur  
Sími 567 1300 og 848 3215  
[www.byggingavorur.com](http://www.byggingavorur.com)

Ánægðir viðskiptavinir .....

**GLÓFAXI HE.**  
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**Handrið og stigasmíði**

Mikið úrval af handriðum inni sem úti. Stigar fáanlegir á lager - Gerum tilboð í sérsmíði.

Nýtt - glerpunkta-  
festingar 50mm

Q-Railing - Engin rafsviða -  
einfalt og snyrtilegt!  
Inni og úti handriða- og stigasmíði,  
304 og 316 ryðfrítt stál

**ATLANTSKAUP**

Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)  
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,  
112 Reykjavík S:533-3700.

Ormson. 3.590 krónur.

Apple. 14.990 krónur.



Penninn. 6.880

Ormson. 5.990 krónur.

Apple. 19.990 krónur.

Ormson. 3.690 krónur.

## Tölvurnar alltaf til taks

Svo auðvelt sé að fara með fartölvuna hvert á land sem er getur verið gott að eiga góða fartölvutösku.

Fartölvutöskur er hægt að fá í öllum stærðum, gerðum og litum, allt eftir smekk hvers og eins. Hvort sem viðkomandi vill hefðbundna svarta skjalatöskulega tösku undir

fartölvuna eða litríkan og léttan bakpoka ætti hann að geta fundið það sem hann leitar að. Í flestum verslunum er mikið úrval og um að gera að kynna sér það.

- eó

Penninn. 2.995 krónur.

Penninn. 9.490 krónur.



Apple. 6.900 krónur.

**Sigma linsur fyrir flestar gerðir myndavéla**



**FOLO VAL**

Myndavéla-  
viðgerðir  
Skípholti 50B  
Sími 553 9200

[www.fotoval.is](http://www.fotoval.is) • [mail:fotoval@fotoval.is](mailto:mail:fotoval@fotoval.is)

**Hvað er að fréttu?**



Beint í farsímann eða í vefpósti

[www.visir.is](http://www.visir.is)

**visir**



VELFAC

# Gluggar fyrir lífið

- Ál-tré gluggar
- Lágmarks viðhald
- Falleg og tímalaus hönnun
- Aukin vörn gegn innbrotum
- 15 ára reynsla á Íslandi
- 10 ára ábyrgð

www.formaco.is

Fossaleyri 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

formaco

# fasteignir

10. SEPTEMBER 2007

Stefán Páll Jónsson  
Löggiltur fasteignasali  
RE/MAX Fasteignir  
Engjateig 9  
105 Reykjavík

RE/MAX  
Fasteignir

## ATH ÞJÓNUSTA OFAR ÖLLU

**HRINGDU NÚNA**  
og skráðu eignina þína  
í sölu hjá okkur



**699 6165**



Bóas  
Sölufulltrúi  
699 6165  
boas@remax.is



Gunnar  
Sölufulltrúi  
899 0800  
go@remax.is



Tvílyft raðhús í fúnkis-stíl eru til sölu hjá fasteignasöluinni Húsakaupum.

## Nútímaleg fúnkis hús

Fasteignasalan Húsakaup hefur til sölu tvílyft raðhús byggð á skjólsælum stað á Arnarneshæðinni.

**N**útímaleg tvílyft raðhús í fúnkis-stíl með möguleika á fimm svefnherbergjum. Húsin eru ýmist klædd flísum eða báraðri álklaðningu sem tryggir lágmarksviðhald. Húsin eru alls 249 fermetrar með bílskúr og eru afhent tilbúin til innréttinga.

Arnarneshæðin er vel staðsett en hverfið er byggt í suðurhlíð og liggur vel við sól og nýtur skjóls fyrir norðanátt. Stutt er í helstu stofnbrautir og öll þjónusta í næsta nágrenni.

Hér er dæmi um lýsingu á endaraðhúsi: Aðalinnangangur er á neðri hæð. Gengið er inn í forstofu og út frá miðjugangi er sameiginlegt fjölskyldurými; eldhús, borð- og setustofa, alls rúm 50 fermetrar. Útengt er um stóra rennihurð út á verönd og áfram út í garð. Niðri er einnig baðherbergi, geymsla og 29 fm bílskúr sem er innangengt í. Á efri hæð eru þrjú mjög stór svefnherbergi þar af eitt með fataherbergi, baðherbergi, þvottahús og sjónvarpsherbergi (hönnun gerir ráð fyrir að loka megi þessu rými og nota sem fjórða herbergið). Á efri hæð eru tvennar svalir, frá hjónaherbergi til austurs og sjónvarpsherbergi til vesturs. Handrið á svölum eru úr hertu gleri.

Verð frá 55 milljónum en nánari upplýsingar má finna á [www.arnarneshaed.is](http://www.arnarneshaed.is) eða [www.husakaup.is](http://www.husakaup.is)

## Þannig er mál með vexti ...



... að það er hægt að létta greiðslubyrðina.

VEXTIR FRÁ  
AÐEINS  
**3,2%**

Míðað við myntkórfa 4,  
Libor-vextir 24.7.2007.

Reiknaðu út hvernig greiðslubyrði þín lækkar á [www.frjalsi.is](http://www.frjalsi.is) eða hafðu samband í síma 540 5000.

### SAMANBURÐUR Á LÁNUM

	MYNTKÖRFULÁN ***	BLANDAÐ LÁN **	ÍBÚÐARLÁN
LÁNSUPPHÆÐ	20.000.000	20.000.000	20.000.000
VEXTIR	3,9% *	4,9% *	5,95%
GREIÐSLUBYRÐI****	64.700	106.600	109.500

\* M.v. 1. mánaða Libor vexti 24.07.2007. \*\* 50% íbúðarlán/50% erlent lán í CHF og JPY.

\*\*\* Vextir á erlendra myntkórfa ráðast af veðsetningu og myntsamsetningu og eru á bilinu 3,2% til 4,3% m.v. myntkórfa 4.

\*\*\*\* Mánaðarlegar afborganir fyrsta árið, lánstími 40 ár, einungis greiddir vextir af myntkórfuláninu fyrstu þrjú árin, án verðbóta eða gengisbreytinga.

FRJÁLSI

# FRÍTT VERÐMAT

Erum að bóka núna



## RE/MAX

Torg

Bergsteinn Gunnarsson  
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali

Veldu framúrskarandi þjónustu fyrir þig og þína fasteign



- ▶ Eignin þín fær athygli
- ▶ Þú færð persónulega þjónustu
- ▶ Við sýnum eignina fyrir þig
- ▶ Traust og örugg þjónusta

**Hrönn Ingólfssdóttir**  
Sölufulltrúi  
692 3344  
ghronn@remax.is



**Óli Gísli**  
Sölufulltrúi  
822 8283  
oligisli@remax.is

692 3344

## HRINGDU NÚNA

822 8283



Hert gler  
...í milliveggi

**Íspan**  
GLER OG SPEGLAR

Smiðjuveg 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is



Innifalið er útveggja- og innveggjaeiningar, einangraðar og með rafmagnsdósum og börkum, glerjaðir gluggar og útihurðir, þakeiningar og efni, pallaefni og samþykktar teikningar (arkitekt, verkfræði og rafmagn). Flutningur, ráðgjöf, tollar og vsk. **Verð frá 5.569.000 kr.**



Verð frá 271.000 kr.



**Viltu léttast hratt og  
örugglega?**  
www.diet.is - www.diet.is Margrét s.  
699 1060.

5 mínútur í þynni þig. Frí líkamsgreining.  
Dagný Davíðsd. S.D.A. Herbalife  
897 7612

### Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www.  
dagamunur.is Asta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þynjast? Prófaðu  
Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn.  
Toyota Avensis 2006. Tek í akstursmat  
og hjálpa við endurtökupróf. S. 863  
7493 og 557 2493.

## HEIMILIÐ

### Heimilistæki

**RAF  
HEIMILIÐ**

Ryksugukerfi - Tilboð  
99.800 kr!  
Settu sjálfur upp kerfið í allt að 350fm  
(eldra) húsnæði á einni helgi. Auðveld  
uppsetning. 100% rykheinsun með  
9 m sogbarka. Pokalaus vél. Útblástur  
beint út. www.rafheimilid.is Uppl í s  
567 8909 & 863 8909.

**RAF  
HEIMILIÐ**

Gufustrauborð fyrir kröfu-  
harða!  
60% styttri strautími.  
Blástur, kælisög og hiti í borði. 2 lítra  
vatnankur. 3,8 bar gufuprýstingur.  
Professional straubolti. Tilboð 68.400 kr.  
Sendum um land allt. Símar 567 8909  
eða 863 8909. www.rafheimilid.is

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring  
-Barcelona, Costa Brava, Menorca,  
Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.  
helenjonsson.ws & www.spainpart-  
ments.ws

**Orlofsíbúð á Akureyri**  
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300,  
nefngang leo79@internet.is Leó.

### Fyrir veiðimenn

**Vandaðir slöngubátar!**

7 manna, lengd 4,20 m.  
5 ára ábyrgð.

RB veiðibúð, Skútuvogi 4  
Sími 581 2121, www.rbv.is

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**101 Reykjavík**

**Þú þarft bara að flytja  
inn með fötin þín**  
Herbergi með öllu til leigu frá  
september '07 til 15. maí '08.  
2 fullbúin eldhús, setustofa,  
fullbúin þvottahús, 4 sturtur, 3  
salerni, netið og Stöð 2.  
Uppl. í s. 897 1016.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á  
undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp  
Leigulístan. Kiktu inn á www.leigu-  
listinn.is eða hafðu samb. við okkur í  
s. 511 1600.

Herbergi í Vesturbænum við vesturbæj-  
arlag, aðgangur að WC, reyklaut. S.  
552 8238/863 1806

### Húsnæði óskast

**Reglusamt par með  
hund leitast að 2 her-  
bergja íbúð**  
Reglusamt par með hund  
leitast að 2 herbergja íbúð á  
Höfuðborgarsvæðinu. Skilvísun  
greiðslum heitið, Greiðslugeta  
70-100 þús. íbúðin verður að  
vera snyrtileg og helst með sér-  
innangi. Meðmæli ef óskað er.  
Áhugasamir endilega hafið  
samband í síma 868 1509  
Guðlaugur.

Húsnæði óskast til leigu í Reykjavík eða  
Kópavogi. Uppl. Guðmundur 694 5987.

Einstæð móðir óskar eftir 3ja herbergja  
íbúð í Hafnarfirði sem allra fyrst. Aðeins  
langtímaleiga kemur til greina. Skilvísi  
og reglusemi heitið. Uppl. í s. 698  
9122.

### Sumarbústaðir

Til sölu til flutnings 2 ný Sumarhús  
67 fm + 32 fm svefnloft. Fullbúin að  
utan, einangruð og plöstuð að innan.  
Teikningar fylgja með. Sumarhús.com  
S. 615 2500.

Áttu bústað - viltu leigja hann út?  
Skráðu bústaðinn þinn í Leigumíðlun  
sumarbústaða á sumarbastadur.is

### Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslublí 7, 10 og 17 m2.  
Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnað-  
armenn. Upphitað og vaktað. S. 564  
6500. www.гейmslaeitt.is

**Geymsluhúsnæðið  
Auðnum II, 190 Vogar.**  
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar ofl.  
Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

**Pantið tímanlega fyrir  
húsvagninn**  
Nýstandsett og upphitað hús á  
Eyrarbakka Stór hjólh. + húsb. 11.875  
p. mán. Lítil hjólh. + húsb. 9.375 p.  
mán. Fellih. 6.875 p. mán. í 8 mánuði  
S. 564 6500.

### Bílskur

Bílskur til leigu í Geitlandi, 108 Reykjavík.  
22 fm. uppl. í síma 6977551

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**ITR**

**Frístundaheimili**  
Starfsfólk óskast á frístunda-  
heimilin við grunnskóla  
Reykjavíkurborgar eftir hádegi á  
virkum dögum.  
Nánari upplýsingar á www.itr.  
is og í síma 411 5000.

**Kaffihús, Bakari**  
Bakarameistarinn Mjódd,  
Smáratorgi, Suðurverri,  
Austurverri, Glæsibæ &  
Húsgagnahölli óska eftir  
afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19  
& 13-19, 07-13, 08-16 & 15-19.  
Einnig laus helgarstörf. Góð  
laun í boði.  
Uppl. í s. 897 5470 til kl.17.00.  
Einnig umsókarýðublöð á  
www.bakarameistarinn.is

**„Viltu slást í hópinn með  
JÓA FEL ??“**  
Höfum í boði afgreiðslustörf í  
bakarínu okkar á Kleppsvegi.  
Einnig í boði helgarvaktir sem  
henta vel fyrir skólafólk.  
Uppl. fást hjá Lindu í síma  
863 7579 eða á staðnum  
Kleppsvegi. Bakarið Hjá Jóa  
Fel, Kleppsvegi 152

Spennandi tækifæri! Enginn áhætta,  
enginn útlagður kostnaður! ClaMal  
vantar duglega sölufulltrúa til að kynna  
falleg og vönduð dönsk kvenföt á hei-  
makningnum. Miklir tekjumöguleikar  
- góður sölutími framundan. Allar nánari  
upplýsingar gefur Jóna í síma 565 3900  
milli 10-14 eða inni á www.damal.is  
jona@damal.is

**Gler og lásar - neyðar-  
þjónustan.**  
Starfsfólk óskast strax, þarf að  
vera laghent, með bílpróf og  
hreint sakavottorð. Skila þarf  
sakavottorði í viðtali. Unnið  
er að hluta milli kl. 9-18 og að  
hluta á vöktum milli kl. 8-20 eða  
20-8. Starfsþættirnir eru, verslun,  
verkstæði, útköll, glerjun.  
Umsóknnum skal skilað á las@  
las.is

**MOSFELLS BAKAR**

**Mosfellsbakari**  
Mosfellsbakari á Háaleitisbraut  
58-60, Rvk. óskar eftir góðu  
fólki til starfa í afgreiðslu.  
Ýmsar vaktir í boði. Einnig vant-  
ar helgarstarfsfólk.  
Nánari upplýsingar veitir Ellisif  
í s. 660 2153 eða á staðnum.





### Aðstoðarverslunarstjóri

Subway óskar eftir jákvæðu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund í stöðu aðstoðarverslunarstjóra. Starfið felur í sér að vera hægri hönd verslunarstjóra, hjálpa til við uppgjör, talningu og ráðningar auk almennra afgreiðslustarfa og þrifs. Um er að ræða 100% starf í dagvinnu. Góð laun í boði. Hægt er að sækja um á [subway.is](http://subway.is).

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 18 ár.



### Ert þú að leita að skemmtilegri vinnu með skóla í vetur?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Hægt er að sækja um á [subway.is](http://subway.is) eða á viðkomandi stað.

Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530 7004. Aldurstakmark er 16 ár.



### Mosfellsbakari

Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólki til starfa í afgreiðslu eftir hádegis frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.

Nánari upplýsingar veita Áslaug í síma 566 6145 & 660 2155.

### Ert þú næturmanneskja?

Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í næturvinnu, unnið 7 nætur og 7 nætur frí. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Hægt er að sækja um á [subway.is](http://subway.is).

Nánari upplýsingar veitir verslunarstjóri í síma 696-7064 (Subway Hringbraut/N1). Aldurstakmark er 18 ár.

### Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?

Við óskum eftir að ráða matreiðslumann eða mann með góða reynslu. Þarf að hafa frumkvæði, drifkraft og geta unnið sjálfstætt.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Sophus í síma 893 2323 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

### Viltu vinna með skemmtilegu fólki hjá góðu og traustu fyrirtæki?

Okkur vantar hressan, jákvæðan og þjónustulundan starfsmann til þjónustustarfa. Fullt starf eða aukavinnu um helgar. Rótgróin rekstur. Lágmarksaldur er 18 ár.

Umsóknir á staðnum og á [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is) Uppl. um starfið veitir Sophus s. 893 2323.

### Leikskólakennari

Komdu að vinna á frábærum nýjum vinnustað. Ertu, glaður, metnaðarfullur, umhyggjusaumur og góður í samskiptum. Okkur vantar kennara til að sjá um barn með sérþarfir.

Leikskólinn Rauðhóll Vínáttá-Virðing-Velliðan  
S. 517 2566 & 693 9812  
eða [rauholl@leikskolar.is](mailto:rauholl@leikskolar.is)  
Norðlingaholt.

### NK Kaffi Kringlunni

Óskum eftir að ráða starfskraft í sal fullt starf. Einnig vantar fólk í helgarvinnu.  
Uppl. á staðnum og síma 568 9040.

### Pípulagnir

Faglagnir ehf óska eftir að ráða vana pípulagningamenn vegna mikilla verkefna. Uppl. í síma 824 0240, Steinar.

Starfsmann með bílpróf vantar Sóthreinsun og þríf óskar eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstipvott og sóthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til. [sott-hreinsun@sott-hreinsun.is](mailto:sott-hreinsun@sott-hreinsun.is) - [www.sott-hreinsun.is](http://www.sott-hreinsun.is)

### Símadömur óskast

Finnst þér gaman að daðra við karlmenn? Rauða Torgið leitar samstarfs við spennandi símadömur. Mjög góðir tekjumöguleikar. Vinsaml. leitið frekari uppl. á vef okkar, [www.raudatorgid.is](http://www.raudatorgid.is).

### American style Hafnarfirði

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Ertu með störf í kvöld- og helgarvinnu og einnig í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og frábært fólk. Komdu í fjórðinginn og sæktu um á [americanstyle.is](http://americanstyle.is)

### Hjólbarðavaktin - Rafgeymavaktin

Röska menn vantar í vinnu. Uppl. í s. 553 1055 & 897 1849 eða á staðnum. Gúmmivinnustofan SP Dekk, Skípholti 35.

Þjörnsbakari-vesturbæ óskar eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Íslenskukunnáttá er skilyrði. Helga gefur frekari upplýsingar í síma 699 5423.

Óskum eftir fólki til úthringinga á kvöldin. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar veitir Ingibjörg í síma 661 2826 eftir kl 12:00 eða [eli@tmi.is](mailto:eli@tmi.is)

### Rafvirkjar - Rafvirkjanemar

Rafvirkjar eða rafvirkjanemar óskast til starfa. Góð laun í boði og næg verkefni framundan. Upplýsingar í síma 660 0300.

Bifreiðastjórar með rútpróf óskast til akstur með fatlaða einsaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í síma 860 0761.

Óskum eftir rösku starfsfólki með ríka þjónustulund til eftirfarandi starfa: 1. Umsjón með brauðadeild, afgreiðslu 2. Deildarstjóra fyrir grænmetis & ávaxta-deild, afgreiðslu. 3. Afgreiðslustörf og áfyllingar. Heilsudags og hlutastörf. Getum einnig bætt við fólki kvöld og helgar. Frekari upplýsingar gefur versl. stjóri í s:551-0224 og í versluninni milli kl. 9-18. Melabúðin Hagamel 39, [mela-budin@thinverslun.is](mailto:mela-budin@thinverslun.is)

### Atvinna óskast

#### Vantar þig Smíði, múrara eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.  
Proventus starfsmanna-

þjónusta s. 661 7000.

Handlaginn 35 ára maður óskar eftir vinnu. Er með meirapróf, vanur véla-verkstæði, útkeyrslu og lagerstörfum. Uppl. í s. 844 0478.

### Einkamál



## Bifreiðastjórar með hóp bifreiðaréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.

Atvinna óskast

Smáauglýsing óskar eftir tímabundnu starfi við auglýsingar. Mikil reynsla og góð meðmæli. Uppl í síma. 550 5000

**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

[www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)

## Fjölbreytt störf í boði í Hafnarfirði og á Vífilsstöðum

Hrafnista er fjölskylduvænn vinnustaður sem býður fúsar hendur velkomnar til að sinna gefandi vinnu með góðum félögum. Á Hrafnistu er lögð áhersla á sveigjanleika í starfi.

**Hrafnista Hafnarfirði**  
Alma Birgisdóttir  
í síma 693 9564

**Vífilsstaðir**  
Ingibjörg Tómasdóttir  
í síma 664 9560



**HRAFNISTA**

Reykjavík | Hafnarfjörður | Vífilsstaðir | Viðines



FRANSK-ÍTALSKI HÖNNUÐURINN  
ELSA SCHIAPARELLI FÆDDIST  
PENNAN DAG ÁRIÐ 1890.

„Konur um allan heim  
klæða sig eins: Þær klæða  
sig til að fara í taugarnar á  
öðrum konum.“

Elsa Schiaparelli var dítin  
einn áhrifamesti fatahönnuður  
tuttugustu aldarinnar. Hún lést  
13. nóvember 1973.



## tímamót

tímatot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 10. SEPTEMBER 1908

## Fyrstu leynilegu kosningarnar

Á þessum degi árið 1908 var í fyrsta skipti kosið til Alþingis á Íslandi með leynilegri kosningu. Áður höfðu kjósendur þurft að kalla upp nafn þess frambjóðanda sem þeir vildu kjósa á kjörstað og höfðu margir því ekki þorað að nýta atkvæðisrétt sinn sem skyldi.

Kosningarnar 1908 reyndust þær harðskýttustu sem fram höfðu farið hérlandis og var kosningaþátttaka meiri en nokkru sinni fyrr, eða 75,7 prósent. Sambandslögin voru aðalkosningamálið og það sem hafði áhrif á afstöðu flestra kjósenda. Samkvæmt sambandslögunum yrði Ísland frjálst og fullvalda ríki en í konungssambandi við Danmörku. Áhugi almennings á málinu var gríðarlegur enda fannst honum hann hafa eitthvað að segja um mikilvægt þjóðarmál.

Í kosningunum fengu andstæðingar Sambandslaganna, sem kölluðu sig Sjálfstæðismenn, 4.677 atkvæði eða rúmlega 57 prósent og 24



ALÞINGI ÍSLENDINGA Nú þykir öllum sjálfsagt að hér sé kosið leynilega til Alþingis á fjögurra ára fresti. menn kjörna á meðan þeir sem voru fylgjandi lögunum fengu 3.496 atkvæði og tíu fulltrúa. Þennan sama dag var aðflutningsbann á áfengi einnig samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu.

### MERKISATBURÐIR

- 1898 Elísabet keisarynja af Austurríki er myrt 1898 af Luigi Lucheni.
- 1911 Styttta Einarssonar af Jóni Sigurðssyni er afhjúpuð við Stjórnarráðshúsið í Reykjavík (flutt á Austurvöll 1931).
- 1926 Alhvítt er að morgni dags í Reykjavík, en ekki er vitað til þess að snjó hafi fest fyrr að hausti en þá.
- 1942 Þýsk sprengjuvél skýtur á tvo bæi við Breiðdalsvík og að fimm vélbátum úti fyrir Austurlandi. Engan sakaði.
- 1974 Guinea-Bissau öðlast sjálfstæði frá Portugal.
- 1987 Osama bin Laden stofnar al-Kaída.
- 2002 Sviss gengur í Sameinuðu þjóðirnar.



LJÓSLIÐARAVERKEFNI GAGNAVEITUNNAR Frá vinstri: Rúnar Símonarson verktafi, Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Skagafjarðar, og Karl Jónsson verkefnastjóri.

## Ljósleiðari á Sauðárkrók

Fyrsta skóflustungan í ljósleiðaravæðingu heimila á Sauðárkróki var tekin á fimmtudag í Túnahverfi, sem er fyrsti verkstaður af fjórum í ljósleiðaravæðingu Gagnaveitu Skagafjarðar á Sauðárkróki. Áætlað er að ljúka framkvæmdum í Túnahverfi fyrir áramót, en að þeim loknum verður Hlíðahverfi tekið fyrir. Stefnt er að lokum ljósleiðaravæðingar heimila á Sauðárkróki árið 2009.

Gagnaveita Skagafjarðar var stofnuð í fyrra en tilgangur hennar er að leggja ljósleiðara inn á heimili á Sauðárkróki ásamt öðrum þéttbýlisstöðum í héraðinu, auk þess að byggja upp háhraðanet í dreifbýli Skagafjarðar. Eigendur Gagnaveitunnar eru Skagafjarðarveitur, Kaupfélag Skagfirðinga, Sveitarfélagið Skagafjörður, Bygðastofnun, Fjölnet, auk smærri aðila.

Fyrstu skóflustunguna tók Rúnar Símonarson hjá Vinnuvélum Símonar Skarphéðinssonar ehf., í viðrúð forsvarsmanna Gagnaveitunnar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar.



KONA VIÐ KONFEKTGERÐ Á afmælisráðstefnunni verður meðal annars tekið sérstaklega á jafnréttismálum.

HUNDRAÐ ÁRA ALÞJÓÐASAMTÖK: FULLTRÚAR ÍSLANDS HALDA TIL VÍNAR

## Verja hagsmunum verkafólks

Dagana 25.-27. ágúst árið 1907 var haldinn fundur í borginni Stuttgart í Þýskalandi þar sem hagsmunamál starfsmanna í almannaþjónustu voru rædd. Síðan eru liðin hundrað ár og af því tilefni fer fram hátíðarráðstefna í Vínarborg 24.- 27. september.

BSRB er aðili að Alþjóðasamtökum starfsmanna í almannaþjónustu og mun eiga nokkra fulltrúa á þinginu, en á þeim tíma sem liðinn er hafa Alþjóðasamtök starfsmanna í almannaþjónustu (Public Services International eða PSI), vaxið og eru í þeim nú um 20 milljónir félagsmanna í 651 aðildarsamtökum frá 154 löndum og svæðum um heim allan.

Samkvæmt fundarboði var tilgangur fyrstu ráðstefnunnar að efna til skoðanaskipta um laun, vinnuáðstæður og almenna velferð verkafólks, ryðja brautina fyrir samstöðu í launa-deilum og skapa sterkari alþjóðleg tengsl á milli verkafólks.

Þó að sitthvað hafi breyst í tímans rás eru áherslurnar enn svipaðar þó fjöldi aðila að samtökunum hafi vaxið mikið.

„Það er búist við um eitt þúsund þátttakendum alls staðar að úr heiminum á ráðstefnuna í ár,“ segir Páll H. Hannesson alþjóðafulltrúi BSRB og bætir því við að sambærilegar ráðstefnur séu haldnar á fimm ára fresti þó að vissulega sé afmælisráðstefnan öllu hátíðlegri.

„Á þinginu í ár verður lögð fram tilgáta að nákvæmri stefnu á átta meginsviðum sem varða meðal annars jafnrétti kynjanna, jafnræði og fjölbreytni, réttindi starfsfólks, hnatt-rænar stofnanir og stjórnsýslu þeirra og loks þróun verkalýðssamtaka og alþjóðleg samstaða,“ segir hann og tekur um leið fram að hagsmunir þeirra sem starfi í almannaþjónustu séu betur varðir með alþjóðleg sam-tök sem bakhjarl.

„Sem dæmi um þetta má nefna mikið baráttumál sem stóð árið 2004, en þá var reynt að koma á svokallaðri þjónustutillskipun sem innihélt meðal annars upprunaland regluna. Sú regla gekk, svo dæmi sé nefnt, út á að ef verkamaður ferðaðist frá einu landi til annars, þá áttu settar reglur í

hans heimalandi að fylgja honum yfir landamærin. Þannig hefði til dæmis pólskur verkamaður átt að sæta eftirliti pólskra yfirvalda þrátt fyrir að vera starfandi hér á landi og um leið hefði hann átt að starfa eftir pólskum launataxta og samkvæmt þeirra vinnureglum. Hefði þetta gengið eftir þá hefði Evrópa verið sett á hlið og allt skráfast niður á lægsta samnefnara,“ segir hann og tekur fram að við þetta hafi reynt á samstarf verkalýðsfélaga frá ýmsum löndum og að án samstöðu hefði æskilegur árangur aldrei náðst.

Á hundrað ára afmælisráðstefnunni verður meðal annars tekið sérstaklega á fólksflutningum og jafnréttismálum, en þó að mikið vatn hafi runnið til sjávar á einni öld virðist oft langt í land með að staða kynjanna sé jöfn á atvinnumarkaði.

„Farandverkafólk upplifir oft mikil vandamál og þá sérstaklega konur sem sæta stundum bæði misnotkun og harðræði, en hagsmunir þeirra verða ekki varðir nema með samhæfingu á milli margra landa,“ segir Páll að lokum.

margret@frettabladid.is

## Femínista hittingur



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR heldur erindi á fyrsta hitti Femínistafélagsins annað kvöld.

Femínistafélag Íslands heldur fyrsta „hitt“ vetrarins á Bertelstofu Thorvaldsen bars klukkan átta annað kvöld, en hitt Femínistafélags Íslands eru haldin mánaðarlega yfir vetrartímam og munu vera vettvangur fyrir femínista af báðum kynjum til að skiptast á skoðunum og ræða það sem er á döfinni hverju sinni.

Í fréttatilkynningu segir að ráðherra jafnréttismála og framkvæmdastýru Jafnréttisstofu verði á hittinu spurðar hvernig þær hyggist vinna að jafnrétti kynjanna, hvaða verkefni þær vilji setja í forgang og hvert þær sækja innblástur í starfi sínu að jafnrétti kynjanna.

Femínistar ætla einnig að leita svara við því hvert hlutverk stjórnvalda eigi að vera í jafnréttisbaráttunni og hvernig megi vinna að jafnrétti á þeim sviðum sem erfitt er að mæla, til dæmis kynfrelsi kvenna og virðingu fyrir störfum þeirra innan heimilis sem utan.

Á þessu fyrsta hitti vetrarins munu Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Kristín Ástgeirsdóttir, nýskipuð framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, einnig halda stutt erindi og að framsöguverindum loknum er opnað fyrir umræður, en dagskráin stendur í tvo tíma.

Fundarstýra verður Auður Magnús Leiknisdóttir, talskona Femínistafélags Íslands.



Elskulegur bróðir okkar og frændi,

**Júlíus Dalmann Friðriksson**  
áður bóndi Gröf, Svarfaðardal,

sem lést 29. ágúst á Dalbæ, Dalvík, verður jarðsönginn frá Dalvíkurkirkju þriðjudaginn 11. september kl. 13.30.

Systkini hins látna og aðrir aðstandendur



# C4

## Citroën C4 segir allt um hönnun Frakka

Franskur frakki og Frakki eiga það sameiginlegt að hvor um sig hlífir manni við óþægindum. Franskur frakki segir allt um hönnun Frakkans. Og þann sem í honum er. Sjáðu franska hönnun. Vertu í Citroën C4 Saloon. Komdu í Brimborg. Berðu saman bíla. Sjáðu verðið.

**Verð aðeins frá kr. 2.069.000**

Citroën C4 Saloon SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hð\*

Komdu í Brimborg í dag

  
visthæf skref  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is)  
og þú ert kominn af stað

Spurðu um hvað  
fyrirmyndarþjónusta Brimborgar  
þýðir fyrir þig

  
brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.citroen.is](http://www.citroen.is)

\*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**Salurinn**  
VERTU MED Á NÓTUNUM

SPK

WWW.SALURINN.IS ADALSTYRKJABILI.SALARINN SPAESJÓÐURINN

Auglýsingasími  
**512 50 50**

Mest lesið

**ÁST**

SÓNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

15.9.07 kl.20:00  
18.9.07 kl.14:00  
19.9.07 kl.14:00  
20.9.07 kl.14:00

Miðasala 568 8000  
www.borgarfeikhus.is

Vegna gífurlegra vinsælda – 4 sýningar í Rvík

28. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
29. september – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
12. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00  
13. október – IÐNÓ REYKJAVÍK kl. 20.00

Miðasala daglega í Iðnó í síma 562 9700 frá kl. 11 - 17 og á midi.is

**Pabbinn**

mið.is

THORSSON PRODUCTIONS

PABBINN Á TÖR UM LANDIÐ – ALLAR UPPLÝSINGAR WWW.PABBINN.IS

Hvað er að fréttu?

EIN ÓVÆNTASTA GRÍNMYND ÁRSINS!

frá stóttum foreldrum **THE 40 YEAR OLD VIRGIN**

**KNOCKED UP**

KETH ROZEN KATHERINE HEIGL PAUL RUDD LESLIE MANN

9. HVER VINNUR

SENDU SMS JA KNF Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, DVD MYNDIR, TÖLVULEIKIR OG MARGT FLEIRA!

FRUMSÝND 7. SEPTEMBER

Hringdu í síma  
**512 50 60**  
ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

**STUÐ MILLI STRÍÐA** Hlið milli vidda

JARPRÚÐUR KARLSDÓTTIR TALAR VIÐ SÓFABORÐIÐ



Ég var að fá nýtt sófaborð fyrir nokkrum vikum. Það er reyndar ekkert sérstaklega nýtt því ég keypti það notað. Ætli það sé ekki á aldur við mig og mér finnst ég ekkert sérstaklega ný. En hvað um það, ástæðan fyrir því að ég er að tala um sófaborðið er ekki út af því að það sé gamalt eða nýtt eða einhvers staðar þar á milli. Ástæðan fyrir því að ég er að tala um sófaborðið mitt er að síðan ég fékk það hefur ýmislegt undarlegt gerst. Ég er farin að hlusta á Símon og Garfúnnel út í það óendanlega og komin með óskiljanlegan pókeráhuga. Ég er búin að kaupa mér

heklunálar og farin að leita að þrjónamunstrum á netinu. Það er svo sem allt gott og blessað. Símon og Garfúnnel í bland við þrjónaskap hefur afskaplega róandi áhrif og þínu póker á kvöldin ætti ekki að gera mein. Það sem ég kann ekki alveg jafn vel við er að borðið virðist vera alltof gefið fyrir að láta hluti hverfa. Ég hef misst töluna á skiptunum sem ég hef lagt húsklyklana frá mér á borðið og svo ekki séd þá þar þegar ég er á leiðinni út. Þegar ég er svo búin að kempa alla íbúðina í leit að lykklunum birtast þeir allt í einu á miðju, og annars auðu, borðinu. Til að byrja með tók ég bara eftir þessu með lykklana en eftir að ég

fór að velta þessu fyrir mér er ég ekki frá því að það séu fleiri hlutir sem hverfa þarna, dagblöð, bækur, bollar. Í fyrradag fann ég bók þar sem ég kannast ekkert við. Getur það kannski verið að nýja borðið mitt sé hlið inn í aðra vidd? Ef ég prófa að setjast sjálf á það mitt þá enda ég kannski í einhverri hliðarvidd þar sem allir hlusta á Símon og Garfúnnel, þrjóna og spila póker. Ég veit samt ekki hvort það er það sem ég vil. Ég held það sé best að reyna bara að ræða við borðið. Semji um að ég þrjóni eina peysu á mánuði yfir pókerspili og borðið láti vera að fjarlægja annað en rusl og ryk. Já ég ætla að prófa það.

**myndasögur**

**Pondus**

Eftir Frode Øverli

Leikfimi-salur 3

Ég get svo...

svarið það...

Horro-púls 3!

Hægt og rólega...

Hefur þú mætt í svona tíma áður?

Já, já!

**Gelgjan**

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pétur getur giskað á hvað fólk borðaði í morgunmat út frá andardrættinum.

Prefaldur espressó og mars-stykki. Rétt, nórd.

Þetta er ótrúlegur hæfileiki. (\*Hnus!) Korn-fleks og hálfur banani, skolað niður með sóðavatni. Oh!

Hann gerir aldrei mistök! SNIF! SNIF!

Munnvatn. Ókei, það var nú gefið. Mm.

**Handan við hornið**

Eftir Tony Lopes

Í hreinskilni sagt er ég alveg tómur yfir þessu vandamáli þínu... Ég ætla að senda þig til annars barþjóns.

**Kjölturakkar**

Eftir Patrick McDonnell

Sögur af dýraheimilinu

Frá myrkum, köldum götum.

Í búr á dýraheimili.

Til „himnaríkis“

- kjöltunnar þinnar -maaaal-

Ólöf

**Barnalán**

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Hæ, Birna!

Jóna! Komdu inn!

Vá, Birna! Fæðingarstofur hafa svo sannarlega orðið huggulegri síðan ég eignaðist Hannes!

Þetta er næstum eins og fint hótél!

Já... fint

hótél með vaxningu annan hvern klukkutíma

Tími á brjóstgjöf!

## NÝJAR BÆKUR

Íritinu Encountering Foreign Worlds - Experiences at Home and Abroad, sem út er komið á vegum Háskóla-



útgáfunnar, gera norrænir sagnfræðingar grein fyrir rannsóknnum sínum á samskiptum Norðurlandabúa við aðrar þjóðir, reynslu manna ýmist heima eða erlendis af framandi menningu allt frá 18. öld til okkar daga. Fjallað er um hinar ýmsu hliðar framandleika (e. foreignness) og sjónum einkum beint að því hvernig fólk kemst í kynni við framandi fólk og aðstæður, hvernig það skynjar framandleika og býr sér til hugmyndir um hann. Í bókinni eru tíu ritgerðir eftir jafnmarga sagnfræðinga, en fjallað var um þetta viðfangs-



efni í einni af þremur aðalmálstofum á 26. norræna sagnfræðingapönginu sem haldið var í Reykjavík í ágúst 2007.

Íritinu Kvinnor och politik í det tidiga moderna Norden, sem út er komið á vegum Háskólaútgáfunnar eru birtar rannsóknir um konur og stjórnsmál á Norðurlöndum frá 16. öld og fram á 19. öld og er sérstök áhersla lögð á konur sem gerendur. Þetta viðfangs-efni hefur lítið verið rannsakað og eru því hér á ferðinni brautryðjendarrannsóknir. Í bókinni eru birtar níu ritgerðir eftir norræna sagnfræðinga sem ræddu þetta viðfangs-efni í einni af þremur aðalmálstofum á 26. norræna sagnfræðingapönginu sem haldið var í Reykjavík í ágúst 2007.

Frá sama útgefenda er komin út íritið Vänner, patroner och klienter i Norden 900-1800 en þar er fjallað um vináttu, óformleg samskipti og tengsl manna á milli á Norðurlöndum á fyrri öldum. Rannsóknunum sem hér eru birtar er ætlað að skapa mótvægi við hefðbundnar rannsóknir á ríkisvaldi, stofnunum og þjóðerni með því að beina athyglinni að samskiptum einstaklinga og hópa, og framferði þeirra í samfélaginu. Í bókinni eru tólf ritgerðir eftir norræna sagnfræðinga sem ræddu þetta viðfangs-efni í einni af þremur aðalmálstofum á 26. norræna sagnfræðingapönginu sem haldið var í Reykjavík í ágúst 2007.

Þessar þrjár bækur eru gefnar út í Ritsafni Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands og er Guðmundur Jónsson ritstjóri þeirra. Umsjón með útgáfunni hafði Halldór Bjarnason.

## Hvað er að fréttastjóri?



Beint í farsímann eða í vefpósti

www.visir.is

visir

## Umhverfi Undrabarna

Í gær var opnuð almenningi sýning á Þjóðminjasafninu sem kallast Undrabörn. Meðal þess sem þar má sjá eru ljósmyndir Mary Ellen Mark af nemendum og starfsmönnum í Öskjuhlíðarskóla, Safamýrarskóla og Lyngási og ljósmyndir Ívars Brynjólfssonar af umhverfi þessara skóla. Sýningu Ívars verður brugðið upp á Veggjum sem er sýningarrými innan Þjóðminjasafnsins.

Ívar hefur áður getið sér gott orð fyrir ljósmyndir sínar af umhverfi og mannvirkjum.

„Ég hef verið að taka myndir af mannlausu umhverfi í nokkurn tíma,“ segir Ívar spurður um tildrög þess að hann á myndir á sýningunni. „Í fyrria gaf ég út litla ljósmyndabók sem var dreift erlendis til að kynna verk mín. Mary Ellen Mark sá bókina og varð hrifin af myndunum og bað mig því að koma að sýningunni með mína nálgun á viðfangs-efni.“

Myndir Ívars á sýningunni lýsa umhverfi skólanna á skýran hátt. „Myndirnar sýna einfaldlega mannlaus herbergi, ganga og skólastofur,“ segir Ívar. Myndirnar gera starfsemina sem fer



LJÓSMYNDIR Skólaumhverfi - ein af myndum Ívars á sýningunni.

fram í skólunum sýnilega þrátt fyrir að starfsfólk og nemendur skólans vanti á þær. Ívar vill meina að umhverfi geti verið umhugsunarvert. „Ljósmyndir af umhverfi geta framkallað hjá okkur hugmyndir um fólk sem í því þrífst.“

Ljósmyndir Ívars eru afar ólíkar ljósmyndum Mary Ellen Mark þar sem hún tekur myndir af börnunum sjálfum. „Það er deginum ljósara að þarna er ekki sami ljósmyndarinn á ferð,“ segir Ívar og hlær. Á sýningunni skapast þó samspil á milli ljósmyndanna sem leyfa sýningargestum að virða fyrir sér hversdagsveröld fatlaðra barna frá tveimur ólíkum sjónarhornum.

Ívar vill þó ekki meina að sýningargestir geti lesið eina tiltekna merkingu úr myndum hans. „Ljósmyndin sjálf segir ekki neitt, hún fangar aðeins tiltekið augnablik. Hún hvorki lýgur né segir sannleika. Fólk er svo algerlega í sjálfsveld sett hvort og hvernig það túlkar ljósmyndir. Merking ljósmynda er þannig ekki hluti af myndunum sjálfum heldur sprottin úr túlkun þeirra sem myndirnar sjá.“

Í dag kl. 17 mun Mary Ellen taka á móti áhugasömum gestum á sýningunni og leiða þá um sýninguna og ræða verk sín. Sýningin stendur frá 9. september 2007 til 27. janúar 2008.

vigdis@frettbladid.is

## BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í DAG



## Norræna húsið:

Hádegisspjall  
Kl. 12.00 Kim Eclin  
Kl. 12.30 Ayaan Hirsi Ali

Pallborðsumræður  
Kl. 14.00 Sögulegar skáldsögur  
Tracy Chevalier  
Robert Löhr  
Daniel Kehlman



## Iðnó kl. 20.00 Uppllestur

Linda Vilhjálmssdóttir  
Daniel Kehlman  
Bragi Ólafsson  
Carla Guelfenbein  
Tracy Chevalier

Frá kr. 1.430.000  
**Getz**

- ABS með ESP hemlavörn
- Innbyggð árekstrarvörn
- 240/977 ltr. farangursrymi
- Geislaspilari / MP3 og 4 hátalarar
- Hiti í sætum (Getz Sport)
- Topplúga (Getz Sport)

Frá kr. 16.900 á mánuði\*

## Flottur er algjört skilyrði

Fáðu þér Getz og vertu á bíl sem uppfyllir öll skilyrði.



Frá kr. 16.900 á mánuði\*

- ✓ Flottur
- ✓ Rúmgóður
- ✓ Öruuggur

- ✓ Hagstæður
- ✓ Traust bílaumboð
- ✓ Góð þjónusta



Með bilinn handa þér

Bíll á mynd: Getz GLS 5 dyra á 16" álfelgum. Bílasamningur miðast við 80% lánslyttfall af kr. 1.430.000 í 84 mánuði og í erlendri myntkörfu, JPY 50%, CHF 50%.

**HYUNDAI** www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

## Gísli og Ólafur elta raðmörðingja

### > VISSIR ÞÚ?

Það þurfti þrjú leikara til að koma Darth Vader, Svarthöfða, á skjáinn. David Prowse lék Svarthöfða þegar hann var í búningnum, Sebastian Shaw var andlit hans þegar gríman var tekin af, og James Earl Jones ljáði honum margfrægu rödd sína.



# fólk

folk@frettabladid.is

Gísli Örn Garðarsson og Ólafur Darri Ólafsson munu leika aðalhlutverkin í sjónvarpsþáttunum Mannshvörf sem gerðir eru eftir bókum Viktors Arnars Ingólfssonar. Félagarnir úr Vesturportu munu leika tvo lögregluþjóna sem eru í kapphlaupi við tímann við að leita raðmörðingja. „Við erum búnir að semja við þá en reiknum síðan með að ganga frá fleiri leikurum í næstu viku þegar síðustu prufurnar eru yfirstaðnar,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson sem leikstýrir þáttunum. „Við erum aðeins byrjaðir að æfa en síðan fer þetta á fullt á næstunni,“ bætir hann við.

Mannshvörf verða gríðarlega umsvifamikill sjónvarpsþáttur, er rúmir tveir tímar af leiknu efni en tökuliðið verður á þeytingi út um allt land, frá Reykjavík til Akureyrar og þaðan til Mývatns og svo

aftur á mölina. „Þetta var eiginlega það sem heillaði mig, þessi spegill af samfélaginu öllu,“ segir Björn en Sveinbjörn I. Baldvinsson skrifar handritið eftir bókunum fjórum. „Auðvitað er sjónvarpsútgáfan alltaf eilítið öðruvísi en í bókunum og þannig er persóna Gísla til að mynda Vietnami í Aftureldingu. Það renna því nokkrar persónur saman og aðrar hverfa en við erum mjög ánægð með verk Sveinbjörns,“ útskýrir Björn.

Mannshvörf eiga að vera alvöru spennuþættir og þurfa lögreglumennirnir tveir að glíma við raðmörðingjann sem ofan á allt leggur á þá ýmsar þrautir. Og ef þeim tekst ekki að leysa þær þá týnir einhver lífinu. „Viktori tekst á skemmtilegan hátt að gera þessa sögu trúverðuga og það er ákaflega heillandi,“ segir Björn.



**LÖGREGLUMENN** Félagarnir Gísli Örn og Ólafur Darri eru í kapphlaupi við tímann að eltast við miskunnarlausan raðmörðingja.

**SPENNANDI** Björn Brynjúlfur leikstýrir spennuþáttaröðinni en Sveinbjörn I. Baldvinsson skrifar handritið.

## Skotin í McCartney


Leikkonan Rene Zellweger segist vera skotin í Bítilnum fyrrverandi, Sir Paul McCartney. „Ég er virkilega skotin í Paul McCartney. Ég fer dálítið hjá mér að segja



**ZELLWEGER**  
Rene Zellweger er skotin í Paul McCartney.

Á meðal fleiri kvenna sem hafa verið orðaðar við kappann að undanförunu eru fyrrsetan fyrrverandi Christine Brinkley og Elle Macpherson.

þetta vegna þess að ég hef ekki sagt honum það ennþá,“ sagði Zellweger, sem sá tónleika með McCartney í New York á dögunum. Héldu þá margir að þau væru byrjuð saman en talsmenn McCartney vísuðu því alfarið á bug.



Hljómsveitin Singapore Sling spilaði á tónleikunum við góðar undirtektir.



Ingibjörg Sólrún, Jóhann Axelsson og Hjörleifur Sveinbjörnsson voru á tónleikunum.



Jón Ólafsson, Sigrún og Addi létu sig ekki vanta.

## VEL HEPPNAÐIR TÓNLEIKAR

Tónleikar til styrktar tónlistar- og myndlistarmanninum Úlfi Chaka Karlssyni í veikindum hans voru haldnir í Iðná fyrir helgi. Úlfur og Sigrún Hólmgeirsdóttir, unnusta hans til margra ára, giftu sig sama dag í kapellu Landspítalans og tónleikarnir voru því einskonar brúðkaupsveisla.

# FLOTTUR ALLT ÁRIÐ!



# Sumartískan í New York

Tískuvikan í New York hófst á miðvikudag með fjölda sýninga. Viðburðurinn er einn sá stærsti í tískuheiminum, og fjöldi spekulanta flyktist til borgarinnar til að berja vor- og sumartískuna 2008 augum.



L.A.M.B.



ERIN FETHERSTON



ABAETE

CHARLOTTE RONSON  
NORDICPHOTOS/GETTY

ADAM LIPPES



## LÉTT OG LEIKANDI VOR OG SUMAR

Fyrsti dagurinn á tískuvíkunni í New York bendir til þess að sumartískan næsta árs verði mikið til í ljósum litum. Bæði Erin Fetherston og Charlotte Ronson héldu sig í dempuðum litum, með miklu af gráu og rjómalituðu. Adam Lippes var lítrikari, og hönnun Gwen Stefani fyrir L.A.M.B. var að mestu leyti svört og hvít. Venexiana sótti í rómantíkina, á meðan ABAETE sendi nútímalegar „pin-up“ stúlkur niður pallinn.

# Gainsbourg fékk heilablæðingu

Leik- og söngkonan Charlotte Gainsbourg, dóttir franska söngvarans Serge Gainsbourg og leikkonunnar Jane Birkin, fór í aðgerð vegna blæðingar inn á heila fyrr í vikunni.

Gainsbourg meiddist í sjóskíðaslysi í Bandaríkjunum fyrir nokkrum vikum og hafði verið með hausverk síðan en hélt ekki að þetta væri neitt alvarlegt.

Þegar Gainsbourg var send í aðgerðina var hún nýkomin aftur til Parísar eftir að hafa verið á frumsýningu nýjustu myndar hennar á kvikmyndahátíðinni í Fenejum. Það er myndin *I'm Not There*, sem fjallar um líf Bob Dylan sem skartar stórstjörnum á borð við Richard Gere, Cate Blanchett og Julianne Moore.

Að sögn talsmanna Gainsbourg gekk aðgerðin vel og hún er ekki í lífshættu.



**EKKI Í LÍFSHÆTTU** Leik og söngkonan Charlotte Gainsbourg fór í aðgerð vegna heilablæðingar í vikunni.



LEGACY

SUBARU



Subaru eigendur vita að veturnir geta oft verið harðir hér á landi. Það er því mikilvægt að vera með drif á öllum þegar keyrt er í hálkunni.

Boxer vélin liggur lárétt í vélarrýminu svo þyngdarpunktur bílsins er mjög lágur sem gerir hann miklu stöðugri í öllum akstri. AWD sídrifid tryggir að aflið dreifist jafnt og örugglega til hjólanna.

Þeir sem kaupa sér Subaru einu sinni halda áfram að kaupa Subaru. Þeir vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar.

Subaru hefur verið seldur á Íslandi í yfir 30 ár. Reynslan af bílnum við þær erfiðu og óvenjulega aðstæður sem hér eru

hefur gert Subaru að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Raunar er hvergi selt meira af Subaru miðað við höfðatölu en einmitt á Íslandi.

Subaru Legacy eru klárlega bestu kaupin í dag. Þú finnur varla bíl með þessa eiginleika í þessum verðflokki.

Það ætti því enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru Legacy. Spurðu bara Subaru eigendur. Þeir vita af hverju Subaru eru sennilega gáfulegustu bílakaup sem þú gerir.

**Svo er hann ekki bara flottur á veturna, heldur allt árið!**

Verð 2.680.000,-

SYMMETRICAL AWD

<b>Ingvar Helgason</b>	Sævarhöfða 2 Simi 525 8000	Opíð: Mán. 10 - 18, þri.-fös. 9 - 18, lau. 12 - 16.	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 464 7940	Njarðvík 421 8808	Höfn í Hornafirði 478 1990

www.SAMbio.is t 575 8900 midi.is

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“  
**KNOCKED UP**  
EIN ÖVANTASTA GRINMYND ÁRSINS

„Ég vildi óska þess að við gætum gert eitthvað slíkt en miðað við þá kjarasamninga sem eru í gangi núna þá er ekki útlit fyrir það.“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV. Í Blaðinu var greint frá því að samningur hefur tekist við leikarana í Fóstbræðrum um útgáfu á DVD með því skilyrði að allur ágóði myndi renna til góðgerðarmála. Flóknir réttindasamningar höfðu staðið slíkri útgáfu fyrir þrífum en með þessari lausn fékkst þetta í gegn.

Áramótaskaup Sjónvarpsins er hins vegar bundið mun flóknari kjarasamningum og því væri mjög dýrt og nánast ókleift fyrir RÚV

„Ég vildi óska þess að myndi gefa það út á mynddisk eða endursýna það í sjónvarpinu. „Við vildum svo gjarnan ná samningum við leikarafélagið um þessi mál og gera þannig fólki kleift að njóta þess efnis sem hefur verið búið til í sjónvarpi. En í þessum kjarasamningum er ekki þessi endursýningarrettur.“

útskýrir Þórhallur og bætir því við að Sjónvarpið sé í samninga- viðræðum við leikarafélagið um þessar mundir en þeir samningar snúist aðallega um það efni sem á að framleiða á þessu tímabili. „Þetta er auðvitað mjög leðinlegt og það væri gaman að geta opnað þetta. Við þurfum bara að finna lausnirnar og vonandi tekst það.“ segir Þórhallur. - fgg

**EKKERT SKAUP Á DVD**  
Kjarasamningar koma í veg fyrir útgáfu Skaupsins á DVD.

Erðu að fara að gefa þig? Þá viltu alls ekki lenda í honum!

FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA

Langmest sött myndir á Íslandi í dag

disturbia

LICENSE TO WED

BOURNE ULTIMATUM

ASTRÓPIA

ÁLFABAKKA		AKUREYRI	
KNOCKED UP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 6
KNOCKED UP VIP	kl. 5:20 - 8 - 10:40	VEDRAMÓT	kl. 8 - 10
DISTURBIA	kl. 8 - 10:30	ASTRÓPIA	kl. 6 - 8
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8 - 10:10	LICENSE TO WED	kl. 10
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10:10	KEFLAVÍK	
RATATOUILLE M/ENSKU TAL	kl. 8	KNOCKED UP	kl. 8 - 10:30
RATATOUILLE M/ISL TAL	kl. 5:30	ASTRÓPIA	kl. 8 - 10
TRANSFORMERS	kl. 5:20 - 10:10	SELFOSSI s. 482 3007	
KRINGLUNNI		BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:20
ASTRÓPIA	kl. 6:30 - 8:30 - 10:30	ASTRÓPIA	kl. 8
LICENSE TO WED	kl. 6 - 8 - 10:10	RUSH HOUR 3	kl. 10
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:40 - 8 - 10:20		

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

Frá leikstjóra „THE 40-YEAR-OLD VIRGIN“  
**KNOCKED UP**  
EIN ÖVANTASTA GRINMYND ÁRSINS

disturbia

BOURNE ULTIMATUM

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

KNOCKED UP	kl. 6 og 9	14
DISTURBIA	kl. 5.45, 8 og 10.20	14
THE BOURNE ULTIMATUM	kl. 5.45 og 10.20	14

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!

EIN ÖVANTASTA GRINMYND ÁRSINS

Ahrifarík og mögnuð ný íslensk stórmynd sem fjallar á óvæginn hátt um sífjaspell, ofbeldi og mannhvörf!

★★★★ - VJV, Topp5.is  
★★★★ - S.V, MBL  
★★★★ - S.G, Rás 2

Missið ekki af þessari!

14

Sagan sem mátti ekki segja.

Ef þér þykja margsesir krúttlegar og sætar... þá þekkir þú ekki Cody!

BRETTIN UPP!

ASTRÓPIA

BOURNE ULTIMATUM

MÍÐASALA OG DAGSKRÁ Á MIDLIS

53.000 manns

með íslenskum texta

SICKO

AWAY FROM HER

græna ljósið

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
VEDRAMÓT	kl. 8 - 10:20	SYNINGARTÍMAR GRÆNA LJÓSSINS	
KNOCKED UP	kl. 5 - 8 - 11	KL. 5.30 Away From Her	
KNOCKED UP LÚXUS	kl. 5 - 8 - 11	KL. 8 Sicko	
BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 4 - 6	KL. 10.30 Sicko / Shortbus	
BOURNE ULTIMATUM	kl. 8 - 10:30	VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20
THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 4 - 6	EVENING	kl. 5:30 - 8
THE SIMPSONS MOVIE ISL TAL	kl. 4 - 6	BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 6
RUSH HOUR 3	kl. 8 - 10:10	THE SIMPSONS MOVIE ENSKT TAL	kl. 8 - 10
HASKÓLABÍÓ Sími 530 1919		Sími 462 3500	
VEDRAMÓT	kl. 5:40 - 8 - 10:20	KNOCKED UP	kl. 5:45 - 8 - 10:20
BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 6	BRETTIN UPP ISL TAL	kl. 5:45
SURFS UP ENSKT TAL	kl. 8 - 10	DISTURBIA	kl. 8
ASTRÓPIA	kl. 6 - 8 - 10:10	BOURNE ULTIMATUM	kl. 10:10
BOURNE ULTIMATUM	kl. 5:30 - 8 - 10:30		

MÍÐASALA Á midi.is

## Ólíklegt að Skaupið komi á DVD

„Ég vildi óska þess að við gætum gert eitthvað slíkt en miðað við þá kjarasamninga sem eru í gangi núna þá er ekki útlit fyrir það.“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV. Í Blaðinu var greint frá því að samningur hefur tekist við leikarana í Fóstbræðrum um útgáfu á DVD með því skilyrði að allur ágóði myndi renna til góðgerðarmála. Flóknir réttindasamningar höfðu staðið slíkri útgáfu fyrir þrífum en með þessari lausn fékkst þetta í gegn.

Áramótaskaup Sjónvarpsins er hins vegar bundið mun flóknari kjarasamningum og því væri mjög dýrt og nánast ókleift fyrir RÚV

„Ég vildi óska þess að myndi gefa það út á mynddisk eða endursýna það í sjónvarpinu. „Við vildum svo gjarnan ná samningum við leikarafélagið um þessi mál og gera þannig fólki kleift að njóta þess efnis sem hefur verið búið til í sjónvarpi. En í þessum kjarasamningum er ekki þessi endursýningarrettur.“



EKKERT SKAUP Á DVD  
Kjarasamningar koma í veg fyrir útgáfu Skaupsins á DVD.

## ALDREI EINS AFSLAPPAÐIR

Skoska sveitin Franz Ferdinand heldur tónleika hér á landi næstkomandi föstudags- og laugardagskvöld. Steinþór Helgi Arnsteinsson spjallaði við bassaleikara sveitarinnar, Bob Hardy, um heimsóknina.

Hljómsveitina Franz Ferdinand þarf vart að kynna fyrir íslenskum tónlistarhugamönnum enda hefur ofurgripandi gítarpopp drengjanna notið gríðarlegra vinsælda hérlandis. Þriðja plata sveitarinnar hefur verið í burðarliðnum í dágóðan tíma en sveitin hefur til þessa verið þögl sem gröfin varðandi útgáfu plötunnar. Í september heldur sveitin nokkra tónleika til að prufukeyra nokkur ný lög, aðallega í Skotlandi en einnig í Tyrklandi og á Íslandi.

### Ný plata næsta sumar

„Okkur langaði að spila á nokkrum tónleikum til að prófa nýtt efni áður en við förum að taka upp. Skotland var augljóslega okkar fyrsti kostur þar sem þetta er jú okkar heimaland en einnig langaði okkur til Íslands því við skemmtum okkur svo vel síðast.“ útskýrir hinn hæglati Bob Hardy. Bob segir jafnframt að sveitin muni taka sér smá frí og eyða nokkrum dögum hérlendis en frí frá hverju? „Frá því að semja lög.“ Góðvinur sveitarinnar mun einnig slást með í för og taka upp á filmu förina og tónleikana. Segir Bob að upptakan muni jafnvel enda á DVD eða eitthvað af því tagi í nánustu framtíð.

Ýmsar getgátur hafa verið uppi um nýju plötuna en flestir virðast halda að hún muni koma út á þessu ári. Bob afsannar hins vegar allt slíkt í samtali okkar. „Við höfum eingöngu gert nokkur demó fyrir okkur sjálfa en erum ekki enn farnir í stúdíóið. Í raun erum við ennþá að semja en við erum næstum búnir. Við munum líklegast byrja að taka upp í nóvember eða desember. Allavega fyrir jól.“ Ekkert hefur enn verið ákveðið með upptökstjóra og segir Bob að nokkur nöfn komi til greina. Persónulega nefnir Bob sérstaklega Erol Alkan, sem vann með þeim að ábreiðu af lagi LCD Soundsystem, All My Friends. Þegar Bob er inntur eftir því hvenær platan komi þá út segir



FULLIR TILHLÖKKUNAR Franz Ferdinand hyggst prufukeyra nýtt efni af plötu sem er væntanleg næsta sumar á tónleikum sínum hér á landi um næstu helgi. Eldri slagarar munu þó að sjálfsgöngu fylgja með. Hluti ferðarinnar verður einnig festur á filmu.

hann að vonandi verði hún tilbúin í apríl eða maí. Sumarplatan 2008.

### Nýja efnið poppað og dansvænt

Pressan á meðlimi Franz Ferdinand hlýtur hins vegar að vera mikil enda sveitin í fararbroddi fyrir ákveðinn hóp hljómsveita auk þess sem fyrri plöturnar tvær þóttu afbragð. „Ég held að við höfum aldrei verið eins afslappaðir og núna. Okkur hefur alltaf liðið eins og „bara einhver sveit frá Glasgow“ en ekki þessi Franz Ferdinand risasveit. Við semjum alltaf fyrir sjálfa okkur þannig að við höfum alltaf verið afslappaðir og eðlilegir.“ Bob telur að tónlistin á nýju plötunni verði ennþá sú sem stúlkur geti dansað við, en það hefur lengi verið eitt af aðalmarkmiðum sveitarinnar. „Og vonandi að strákarnir geti dillað sér einnig.“

Bob finnst nýja efnið vera meira afturhvarf til fyrstu plötu sveitarinnar og segir efnið dansvænt og poppað. „Það verður líka mikið um hljóðgervla en við höfum verið að safna þeim undanfarnin ár frá öllum

heimshornum. Platan verður pottþétt poppaðri en síðasta plata. Við höfum verið í ágætu frí frá tónleikahaldi og ég held að það hafi gert okkur ferskari. Það er líka fjörið við að vera í þekktari hljómsveit, maður þarf ekkert að vera í alvöru starfi.“ segir Bob hlægjandi. Hann segist þó hafa verið duglegur þennan morguninn og vaknað klukkan tíu. „Það var fínt því ég var ekki þunnur í þetta skiptið.“

### Langar á Airwaves

Þegar Bob er spurður um uppáhaldssveitir í augnablikinu nefnir hann til dæmis The Horrors, Modest Mouse og Of Montreal en sú síðastnefnda spilar einmitt á Iceland Airwaves í ár. Þegar Bob fréttir það æsist hann allur upp og við byrjum að plana komu hans á hátíðina. „Ég hef heyrt trúlega hluti um hátíðina og langar virkilega að mæta.“ Fyrst á dagskrá er samt hinir umræddu tónleikar næsta föstudag og laugardag. „[...] og vonandi fáum við einhverja hugmynd um hversu góð nýju lög okkar eru.“

## Hörður syngur um höfnun

Hörður Torfason heldur sína árlegu Hausttónleika í Borgarleikhúsinu þann 14. september. Þetta er 32. árið í röð sem Hörður heldur þessa tónleika.

„Í gamla daga var maður einn í þessu vegna þess að maður neyddist til þess en núna er þetta orðinn lífsstíll.“ segir Hörður, sem hefur í nógu að snúast við undirbúninginn. „Þetta er gríðarlegur undirbúningur og venjulega eru fimm til sex manneskjur í svona undirbúningsstarfi. En það sem hjálpar manni er reynslan.“

Um tvenna tónleika verður að ræða eins og á síðasta ári. Þá var



HÖRÐUR TORFASON Tónlistarmaðurinn Hörður Torfason heldur sína árlegu Hausttónleika í Borgarleikhúsinu 14. september.

uppselt í bæði skiptin og komust færri að en vildu. Hörður ætlar á

tónleikunum að spila lög af væntanlegri plötu sinni Jarðsaga auk eldra efnis. „Þemað á plötunni er höfnun og hvernig strákurinn sigrast á henni. Platan byggir á minni lífsreynslu. Þetta er í raun og veru sjálfsskoðun með það þó að marki að allar manneskjur eru eins þegar upp er staðið.“

Platan er hluti af stóru verkefni Harðar sem nefnist Vitinn. Þegar hafa plöturnar Eldsaga og Loftsaga komið út í tilefni þess og lokahnykkurinn í verkefninu verður platan Vatnssaga. „Þetta er mikið og stórt ævintýri.“ segir Hörður.



## Ekki banvæn blanda

„Þetta er tæknilega ómögulegt,” segir Pétur Kr. Þorgrímsson, aðstoðarforstjóri Danól, um innihald tölvupósts sem gengið hefur manna á milli í nokkurn tíma og segir frá því að tíu ára brasilískur drengur hafi látist eftir að hafa lagt sér Mentos-töflur til munns og skolað þeim niður með Diet Coke. Danól er söluaðili Mentos á Íslandi. „Við höfum nú ekkert mikið verið spurðir út í þetta en fáum tölvupóstinn hins vegar mikið sendan. Fólk er greinilega vant því að sjá hitt og þetta á netinu og gleypir ekki allt hrátt.“

### TÆKNILEGA ÓMÖGULEGT

Aðstoðarforstjóri Danól segir ómögulegt að brasilískur drengur hafi látist eftir að hafa borðað Mentos og drukkið Diet Coke. Tölvupóstur þess efnis hefur gengið manna á milli í nokkurn tíma.



Á netinu, aðallega YouTube, er að finna fjölda myndbanda sem sýna hvernig gýs upp úr kókflöskum þegar Mentos-töflur eru settar ofan í þær. Samkvæmt fyrrgreindum tölvupósti á að hafa átt sér stað sprenging í maga brasilíska drengsins með þeim afleiðingum að hann kafnaði. „Það er efni í húðinni á Mentos-töflunum sem rekur kolsýruna úr gosi,” segir Pétur. „En það er ekki kolsýra í maganum, loftið fer strax upp í gegnum vélindað og út aftur. Það er hins vegar hægt að valda töluverðu gosi með því að láta töflurnar beint ofan í tveggja lítra gosflösku.“ Pétur segist ekki hafa orðið var við sveiflur í sölu Mentos vegna tölvupóstsins. „Nei, alls ekki. Þessar vörur hafa verið á markaðnum í áratugi og væru ekki þar ef þær væru hættulegar.“ - ssk

## Waits í annað sinn

Ákveðið hefur verið að halda aukatónleika til heiðurs bandaríska tónlistarmanninum Tom Waits. Fyrri tónleikarnir voru haldnir í Íslensku óperunni þann 23. ágúst síðastliðinn og komust þar færri að en vildu. Aukatónleikarnir verða að öllum líkindum í næsta mánuði og verða þeir haldnir í öðru húsnæði.

Að sögn skipuleggjandans Rakelar Garðarsdóttur hefur mikið verið spurt um hvort af aukatónleikum yrði, bæði af þeim sem sáu fyrri tónleikana og þeim sem misstu af þeim. „Það vilja allir gera þetta aftur enda fóru síðustu tónleikar fram úr björtustu vonum,” segir Rakel.

Á meðal þeirra sem trúðu upp í fyrra skiptið voru Daníel Ágúst,



**TOM WAITS** Bandaríski tónlistarmaðurinn Tom Waits verður heiðraður í annað sinn hér á landi á næstunni.

Krummi, Björn Hlynur Haraldsson, Pétur Ben, Sigtryggur Baldursson, Höskuldur Ólafsson og Sigrún Eyrún. - fb

### FRÉTTIR AF FÓLKI

#### Ralph Fiennes og Keira Knightley

hafa tekið að sér aðalhlutverkinn í búaingadramanu The Duchess. Myndin, sem er byggð á ævisögu Amanda Foreman, gerist á nítjándu öld og fjallar um ævi og ástir embættismanns, sem Fiennes leikur. Tökur á myndinni hefjast í London síðar í mánuðinum.



#### Rapparamir Kanye West og 50 Cent

ætla að mætast í kappæðum í bandarísku sjónvarpi á þriðjudag. Ætla þeir að metast um nýjustu plötur sínar, Graduation og Curtis, sem koma út þennan sama dag. Upphaflega ætlaði West að hunska kappæðurnar en honum snerist skyndilega hugur. Ætlar hann að láta kollega sinn fá það óþvegið, rétt eins og um harðvítugar stjórnmálakappæður væri að ræða.



#### Sjálfsvígstíraun gamanleikarans Owens Wilson

á dögnum var sú þriðja í röðinni. Samkvæmt kunningjum hans hefur hann lengi átt við þunglyndi og vímuefnafíkn að stríða sem hafa gert honum lífið leitt. Jafnframt er talið að hann hafi ekki reynt að drepa sig vegna sambandsslíta sinna við Kate Hudson heldur vegna þess að hann átti erfitt með að finna efni í nýjustu kvikmynd vinar síns. Vildi hann ekki valda honum vonbrigðum og ákvað því að kveðja þennan heim.



### Auglýsingasími

512  
50  
50



- Mest lesið

# VIÐ ERUM FLUTT!



## Klettagarðar 25



R. Sigmundsson, Vélasalan og Radiomiðun sameinuðust á síðasta ári undir nafninu R. Sigmundsson ehf.

Við bjóðum þig velkominn í nýtt og glæsilegt húsnæði okkar í Klettagarðum 25



**R. SIGMUNDSSON**

R.SIGMUNDSSON ehf - Klettagarðar 25 - 104 Reykjavík - Sími: 520 0000 - www.rsigmundsson.is

## > Jóhannes Karl í leikbann

Jóhannes Karl Guðjónsson, sem átti stórleik gegn Spánverjum á laugardagskvöldið, verður ekki með gegn Norður-Írum á miðvikudaginn. Jóhannes Karl fékk gult spjald á 36. mínútu fyrir brot á David Albelda en þetta var hans annað gula spjald í keppinni. Hann fékk einnig gult spjald eftir aðeins 3 mínútur í fyrsta heima-leiknum gegn Dönum í fyrrahaust. Sex leikmenn íslenska liðsins eru á hættusvæði í Norður-Íra leiknum því ef Arnar Þór Viðarsson, Emil Hallfreðsson, Grétar Rafn Steinsson, Hermann Hreiðarsson, Ívar Ingimarsson eða Ragnar Sigurðsson fá spjald í leiknum þá fara þeir í bann í leiknum við Letta í október.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## NÍNA BJÖRK GEIRSDÓTTIR SIGURSÆL Í SUMAR: VANN KAUPPINGSMÓTARÖÐINA MEÐ YFIRBURÐUM

### Búið að vera alveg ótrúlegt sumar hjá mér

Þetta var sumarið hennar Nínu Björk Geirsdóttur, 24 ára kylfings úr Kili í Mosfellsbæ, en hún vann Íslandsmótið í höggleið, varð stigameistari á Kaupþingsmótaröðinni og var í sigursveit Kjarar í Sveitakeppni GSÍ. Nína vann loka stigamótið í Vestmannaeyjum í gær sem þýddi að hún fékk 383 stigum meira en næsta kona á Kaupþingsmótaröðinni. „Þetta er búið að vera alveg ótrúlegt sumar hjá mér. Ég er búin að vinna þrjú mót og vera í öðru sæti í tveimur þannig að ég get ekki beðið um mikið meira. Það var líka mjög gaman að klára sumarið með því að vinna síðasta mótið,” segir Nína. En hver er lykullinn á bak við að Nína vinnur Íslandsmótið og mótaröðina í fyrsta sinn í ár. „Ætli lélegu högginn mín séu ekki bara orðin betri og svo er stutta spilið mitt búið að vera mjög fint. Ég er oft búin að reidda mér vel á vippum og þúttum sem hefur skipt öllu máli fyrir mig,” segir Nína Björk sem undirbjó sig líka vel í vetur. „Ég æfði rosalega vel í vetur og fór mikið erlendis. Ég fór meðal annars tvisvar út í æfingabúðir eftir áramót og

fyrir vikið var maður betur undirbúinn þegar maður kom inn í tímabilið,” segir Nína.

„Ég er búin að vera lengi í þessu og mjög oft í lokaholli í landsmótinu. Það er þvilk pressa að spila í því holti og maður er farinn að læra inn á þessar aðstæður og geta látið þær spila með manni. Ég hef yfirleitt verið mjög stöðugur spilari en nú er ég bara að spila á lægra skori,” segir Nína sem bjóst þó ekki við þessum yfirburðum.

„Ég átti ekki von á því að vinna með svona mörgum stigum en þetta er bara búið að ganga vonum fram- ar. Ég hef gert fá mistök og þetta snýst aðallega um að gera sem fæstu mistök. Ég hef náð því,” segir Nína sem ætlar að klára námið sitt áður en hún fer að láta sig dreyma um atvinnumennskuna.

„Ég ætla að klára skólann fyrst,” segir Nína sem er að læra lögfræði í Háskóla Íslands. „Kannski reyni ég við evrópsku mótaröðina eftir tvö ár,” segir Nína að lokum.



**FÉKK NÍU** Gunnar Heiðar Þorvaldsson var einn þriggja leikmanna sem fékk 9 fyrir leikinn gegn Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Einkunnagjöf landsliðsins:

## Langbesta frammistaðan

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið stóð sig frábærlega gegn Spánverjum og var aðeins fjórum mínútum frá því að vinna sigur á þessari miklu knattspyrnuþjóð. Frammi- staða leikmanna liðsins kristallað- ist líka í einkunnagjöf Fréttablaðsins.

Leikmenn liðsins fengu meðaleinkunn upp á 7,83 sem er það langhæsta sem liðið hefur fengið í fimm landsleikjum sínum í ár. Strákarnir hafa líka hækkað meðaleinkunn sína í tveimur leikjum í röð eða upp um 3,52, frá 4,31 í slæmu tapi gegn Svíum í júní.

- óóó

### MEÐALEINKUNN Í LANDSLEIKJUM ARSINS:

Spánn (0-1 tap)	6,33
Liechtenstein (1-1 jafntefli)	4,33
Svíþjóð (0-5 tap)	4,31
Kanada (1-1 jafntefli)	6,00
Spánn (1-1 jafntefli)	7,83

# Liðinu hefur vantað herslumuninn

Íslenska knattspyrnuliðið hefur komist yfir í fjórum síðustu heimaleikjum en ekki náð að halda út og vinna leikina. Í síðustu leikjum fékk liðið góð færi til að komast í 2-0 en tókst ekki að tryggja sigurinn.

**FÓTBOLTI** Íslenska knattspyrnuliðið hefur ekki unnið heimaleik undir stjórn Eyjólfssonar og vann síðast leik í Laugardalnum í vináttulandsleik gegn Suður-Afríku 17. ágúst 2005.

Það hefur samt aldrei munað eins litlu og gegn spænsku stór- stjórnunum í rigningunni á laugardagskvöldið. Íslenska liðið var manni yfir í 70 mínútur og marki yfir í 46 mínútur en Eyjólfur þarf að bíða í að minnsta kosti fjóra daga eftir fyrsta sigri sínum á Laugardalsvælinum. Til að sigurinn komi þarf landsliðsþjálfarinn að finna leiðir til þess að verja forskot.

Jöfnunarmark Andrés Iniesta fjórum mínútum fyrir leikslok stal stigi fyrir spænska landsliðið og var í fjórða skiptið í röð þar sem íslenska liðið nær ekki að verja forskot sitt á heimavelli. Íslenska liðið hefur byrjað síðustu heimaleiki af miklum krafti og hefur skoraði fyrsta mark leiksins í þeim öllum en í stað þess að bæta við og tryggja sigurinn hefur liðið misst forystuna.

Íslenska liðið hefur verið yfir í 99 mínútur í þessum fjórum heimaleikjum en uppskeran er þrjú jafntefli og eitt tap.

Arnar Þór Viðarsson kom



**STÓRGLÆSILEGT MARK** Jóhannes Karl Guðjónsson og Emil Hallfreðsson fagna hér marki þess síðarnefnda gegn Spáni sem kom eftir frábæra fyrirgjöf Jóhannesar.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Íslandi yfir eftir aðeins 6 mínútur gegn Svíum 11. október í fyrria en það tók Svíana aðeins mínútu að jafna leikinn. Svíar skoruðu síðan sigurmarkið í leiknum þegar hálf- tími var eftir.

Brynjar Björn Gunnarsson kom Íslandi yfir eftir 27 mínútur gegn Liechtenstein 2. júní í sumar. Gestirnir úr Ölpunum tryggðu sér hins vegar stig með því að jafna leikinn 42 mínútum síðar.

## Úrslitaleikur Reykjanesmóts karla í körfubolta í gær: Grindavík meistari

**KÖRFUBOLTI** Grindavík er Reykjanesmeistari í körfubolta í ár eftir öruggan 85-69 sigur á Stjórnunni í úrslitaleik að Ásvöllum í gær.

Grindavík átti ekki í miklum vandræðum með Garðbæinga en Stjarnan náði að bjarga andlitinu með því að vinna síðustu sjö mínúturnar 18-7. Garðbæingar voru mest komnir 73-45 undir í leiknum. Bæði liðin léku með alla sína menn en þó verður að viðurkennast að Steven Thomas, Kani Stjórn- amanna og fyrrverandi leikmaður Grindavíkur, þarf að koma sér í form ætli hann að nýtast nýliðunum eitthvað í vetur.

Jonathan Griffin skoraði 20 stig fyrir Grindavík, Páll Axel Vilbergsson var með 17 stig og 10 fráköst og Páll Kristinnson bætti við 12 stigum. Dimitar Karadzovski skoraði 15 stig fyrir Stjórnuna en besti maður liðsins var Guðjón Lárusson með 12 stig og 11 fráköst.

### MIKLU BETRI

Jonathan Griffin og félagar í Grindavík áttu ekki miklum vandræðum með Stjórnuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það vakti athygli að Reykjanes- bæjarliðin lentu í vandræðum á mótinu. Njarðvík endaði í 4. sæti eftir 71-67 tap fyrir Breiðabliki í leiknum um þriðja sætið og Keflavík varð í 5. sætinu eftir 95-83 sigur á Haukum.

-óóó

Forkeppni meistaradeildar kvenna í handbolta:

## Létt í lokaleiknum

**HANDBOLTI** Kvinnalið Stjórnunnar vann kypversku meistarana, 38-21, í lokaleik sínum í forkeppni meistaradeildar kvenna en Stjarnan var búin að tryggja sér sigur í riðlinum og sæti í

næstu umferð fyrir leikinn.

Sólveig Lára Kjærstedt skoraði 11 mörk og Ester Ragnarsdóttir skoraði sex en Stjarnan vann leiki sína í riðlinum með 10 mörkum að meðaltali.

-óóó



**ALLUR AÐ KOMA TIL** Guðjón Valur Sigurðsson er greinilega búinn að ná sér af meiðslunum.

NORDICPHOTOS/GETTY

Þýski handboltinn í gær:

## Tíu mörk Guðjóns dugðu ekki

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 10 mörk í 28-30 tapi Gummersbach fyrir Flensburg í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Alexander Petersson og Einar Hólmgeirsson léku báðir með Flensburg, Alexander skoraði tvö mörk en Einar fékk lítið að spreyta sig og komst ekki á blað.

Róbert Gunnarsson skoraði 4 mörk fyrir Gummersbach og var síðan rekinn í bað eftir að hann fékk sína þriðju brottvísun. Sverre Andre Jakobsson lék í vörn Gummersbach og fékk tvær brottvísanir og náði ekki að skora. Flensburg náði mest átta marka forystu en lærisveinar Alfreðs Gíslasonar náðu að jafna leikinn í lokin en lengra komust þeir ekki.

-óóó

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skreytið.

**NÝR SIMS 2 AUKADISKUR!**

PC DVD

**BT**

LENDIR 6. SEPTEMBER

SENDU SMS **BTC SBF** Á NÚMERIÐ **1900** OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru **The Sims 2 Bon Voyage**, DVD myndir og margt fleira.

9 hver vinnur



**REIÐI** Það eru margir ósáttir við Tim Donaghy í dag. Hér rífst Mike Bibby við hann í NBA-leik. NORDICPHOTOS/GETTY

## NBA-dómarinn Tim Donaghy: Er að missa allt

**KÖRFUBOLTI** Það gengur allt á afturfótunum hjá fyrrum NBA-dómararanum Tim Donaghy sem býður nú þess að fara fyrir rétt vegna þátttöku sinnar í veðmálum í kringum NBA-leiki sem hann dæmdi sjálfur.

Það er ekki nóg með að Donaghy sé búinn að missa starfið sitt, virðingu kollega sinna og hugsanlega frelsið, ef hann fer í fangelsi fyrir veðmálaskrá sinni, því kona hans til 12 ára hefur nú sótt um skilnað.

Hann á því hættu á að missa til viðbótar konu sína, húsið sitt í Flórída og umráðarétt yfir fjórum börnum sínum. Það öfunda því ekki margir Donaghy í dag. - 66j



**FÖGNUMUR** Andrés Iniesta hefur tekið fjögur stig af íslenska landsliðinu. NORDICPHOTOS/AFP

## Spánverjinn Andrés Iniesta: Dýrmæt mörk á móti Íslandi

**FÓTBOLTI** Andrés Iniesta tryggði Spánverjum stig gegn Íslandi á laugardagskvöldið með því að jafna leikinn fjórum mínútum fyrir leikslok.

Rúmum fimm mánuðum áður hafði Iniesta skorað sigurmörkið í leik þjóðanna á Mallorca og þá voru aðeins tíu mínútur til leiksloka. Þegar hann skoraði markað í fyrrakvöld voru Spánverjar ekki búnir að skora á Laugardalsvöllinum í heilar 289 mínútur eða síðan 1985.

Iniesta hefur aðeins skorað þrjú mörk fyrir spænska landsliðið og tvö þeirra hafa tekið fjögur stig af íslenska landsliðinu en þessi stig geta haft úrslitaáhrif í að hjálpa Spánverjum inn á Evrópumótið næsta sumar. - 66j



**MARACANA** Einhver frægasti íþróttaleikvangur í heimi. NORDICPHOTOS/AFP

## Norsk félagslið til Brasilíu: Íslendingar spila á Maracana

**FÓTBOLTI** Norsku úrvalsdeildarliðin Viking, Start og Stabæk munu í janúar næstkomandi taka þátt í alþjóðlegu æfingamóti í Brasilíu ásamt heimaliðunum Flamengo, America FC og Botafogo FC.

Úrslitaleikur mótsins verður spilaður á hinum sögufræga Maracana-leikvangi sem tekur 95 þúsund áhorfendur í sæti. Árið 1950, þegar HM var haldið í Brasilíu, komu 200 þúsund áhorfendur á úrslitaleik Brasilíu og Úrúgvæ og er það orðið frægt þegar mátti heyra þaumnál detta á leikvangnum er Úrúgvæ skoraði sigurmark leiksins.

Íslendingar leika með öllum þremur norsku liðunum. Hannes Sigurðsson og Birkir Bjarnason með Viking, Veigar Páll Gunnarsson með Stabæk og Jóhann Þór Harðarson með Start. - esá

McLaren vann tvöfaldan sigur í ítalska kappakstrinum á Monza-brautinni í gær:

## Öruggt hjá Fernando Alonso

**FORMÚLA EITT** Spænski heimsmeistarinn minnkaði forskot Bretans Lewis Hamilton í heimsmeistarakeppni öikumanna í þrjú stig þegar hann kom fyrstur í mark í Monza-kappakstrinum á Ítalíu í gær.

Alonso var á ráspól og hélt forystunni nánast allan kappaksturinn. Þetta var fjórði sigur Alonso á tímabilinu og hans nítjándi á ferlinum en hann er sá eini sem hefur náð í stig í öllum keppnum ársins.

McLaren vann tvöfaldan sigur í fyrsta sinn á Monza-brautinni, heimavelli Ferrari, því Hamilton kom annar í mark eftir dramatískan framúrakstur á úrslitastundu



**TVÖFALT** Fernando Alonso og Lewis Hamilton fagna fyrsta tvöfalda sigri McLaren á heimavelli Ferrari. NORDICPHOTOS/AFP

þegar allt leit út fyrir að Finninn Kimi Raikkonen hjá Ferrari ætlaði að tryggja sér annað sætið. Úrslitin eru mikil vonbrigði fyrir

Ferrari-menn því félagi Raikkonens hjá Ferrari, Felipe Massa, kláraði ekki keppnina vegna vélarbilunar.

Það er því orðið nokkuð ljóst að baráttan um heimsmeistaratitilinn stendur nú á milli McLaren-manna og Finnans Raikkonen þegar fjórar keppnir eru eftir. Næsta keppni fer fram í Belgíu strax um næstu helgi en síðan taka við þrjár keppnir í Japan, Kína og Brasilíu.

Kimi Raikkonen er nú 18 stigum á eftir Hamilton eftir að hafa komið þriðji í mark í gær en BMW-Sauber-mennirnir, Nick Heidfeld og Robert Kubica, voru síðan í 4. og 5. sætinu. - 66j

Iceland Express-deild kvenna:

## Aarica Ray-Boyd með KR

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR hefur fengið bandaríska leikmanninn Aaricu Ray-Boyd til að spila með sér í Iceland Express-deildinni.

Ray-Boyd er 23 ára og 183 sm framherji sem getur einnig spilað bakvörð. Ray-Boyd spilaði í fjögur ár með Louisiana Tech-háskólanum þar sem hún var með 7,5 stig og 2,8 fráköst að meðaltali í 119 leikjum en skólinn vann 83 prósent leikja sinna þessi fjögur tímabil og komst tvisvar í 16-liða úrslit háskólakeppninnar.

Ray-Boyd spilaði ekkert í fyrravetur en var með 14,2 stig og 4,5 fráköst á lokaári sínu. - 66j



# TVÖFALDAR MÖGULEIKA ÞÍNA AÐ HÆTTA AÐ REYKJA!



## PRÓFAÐU NICOTINELL NIKÓTÍNTYGGIGÚMMÍÐ FÆST MEÐ ÁVAXTA-, MINTU-, LAKKRÍS- OG NIKÓTÍNBRAGÐI

Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sem hjálparefni til þess að hætta eða draga úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar eru einstaklingsbundnir og eru ákvarðaðir eftir því hversu mikið er reykt, en þeir mega þó aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Leita skal til læknis eða lyfjafraeðings ef þörf er á frekari upplýsingum. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartaáfall nýlega, óstöðuga eða versnandi hjartaöng, alvarlega hjartsláttaröreglu eða heilablóðfall nýlega eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Börn undir 15 ára aldri, þunguðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknisráði. Lesið allan fylgiseðilinn áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Kirkjulundi 17, 210 Garðabæ.

## &gt; Bill Murray

Bill telur leikaralífið ekki eintóman dans á rósum. „Maður er alltaf að heiman. Það er enginn glamúr yfir því að vera fastur á hóteli mörg þúsund kílómetrum frá fjölskyldunni í allt öðru tímabelti. Maður er erfitt með að sofa, kveikir á sjónvarpinu um miðja nótt en skilur ekki orð af því sem sagt er og hringir heim þó það gefi manni ekki þá huggun sem skildi,“ segir Bill um reynslu sína. Hann leikur í *Lost in Translation* á Stöð 2 Bíó kl. 20.00.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR TEYGÐI BÁÐA ARMA Í AXLARHÆÐ

## „Petta er gott og við slökum á.“

Alla virka daga má hlýða á Halldóru Björnsdóttur hita upp og hressa hina lasburða, vanmáttugu eða bara gamla þegna landsins. Ólíkt mörgum öðrum svipuðum útsendingum, sem höfða helst til holdlegra dyggða, er þessi þáttur eins og sönnun á spekinni rómversku um heilbrigða sál og hraustan líkama. Frá frú Halldóru stafar stóísk ró, þótt mikið hljóti að brenna á henni að bjarga sem best líkamlegri heilsu þjóðarinnar. Hún hlýtur að vera ljúfasti leikfimmikennari í heimi.

Þjálfunin er hyggileg og við allra hæfi. Arm-beygjur eru til dæmis gerðar upp við vegg, í stað sóðapuðs á skítugu gólfinu. Æfingar fyrir sitjandann eru í mestu samræmi við manns-eðlið; sama hversu þétt við skulum spennu rasskinnarnar saman og draga rófubeinið undir okkur, eigum við umfram allt að slaka á, anda rólega frá okkur og draga svo djúpt inn andann.



HALLDÓRA BJÖRNSDÓTTIR  
ÍPRÓTTAFRÆÐINGUR

Þegar mikið liggur við sakar ekki að horfa beint fram, ganga ákveðið, jafnvel stappa niður í hverju skrefi. En meðalhófið er ætíð í öndvegi: „Og þeir, sem treysta sér til, reyna að lyfta beinum örmum upp fyrir aftan bak.“ Halldóra minnr á mikilvægi styrkra lærvöðva, „því sterkir færur forða falli,“ en áheyrundur finna að það er hún sjálf sem forðar fallinu.

Við höllum undir flatt eða fyllum lungun, lyftum öxlum upp að eyrum og slökum svo á, styrkjum kvíðvöðvana heimikið og lyftum okkur upp á táberg dagsins.

Í lok þáttar hressist píanótónlistin lítilega og við göngum á staðnum, létt og leikandi, hver og einn á sínum hraða. Halldóra kveður með hvatningu um að við göngum nú svöltið áfram og biður okkur svo vera sæl. Mikið er gott að liggja með henni í myrkrunu.

## EKKI MISSA AF



► **21.15** í nafni réttlætis  
SJÓNVARPIÐ



► **20.15** Heima hjá Jamie Oliver  
STÖÐ 2



► **20.00** *Lost in Translation*  
STÖÐ 2 BÍÓ



► **22.00** *Monk*  
SIRKUS



► **20.00** *Friday Night Lights*  
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**12.00 HM í fótbolta kvenna** Beint frá HM Kína. Í þessum fyrsta leik mótsins keppa lið Þýskalands og Argentínu.

**14.00 Hlé**

**15.25 HM í fótbolta kvenna** (1:15)

**17.05 Leiðarljós**

**17.50 Táknafréttir**

**18.00 Myndasafnið**

**18.01 Gurra grís** (56:104)

**18.06 Lítil prinsessa** (30:30)

**18.16 Halli og risaæðlufatan** (26:26)

**18.30 Víkonur** (51:52)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Grace Kelly - Örlög prinsessu** Frönsk heimildarmynd um bandarísku leik-konuna Grace Kelly. Nær eingöngu er fjall-að um tímabilið frá maí 1955 til maí 1956 og tilhugalf og brúðkaup hennar og Rainers fursta af Mónakó.

► **21.15** í nafni réttlætis (9:13) Bandarísk þáttaröð um lögregluáhrif sem vinna að því að fullnægja réttlætinu fyrir fólk sem hefur verið fangelsað saklaust.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Fjölskyldumaðurinn** (3:3) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum um Patrick Stowe og fern hjón sem til hans leita.

**23.20 Bráðavaktin** (8:23) Atriði í þáttum-um eru ekki við hæfi barna.

**00.05 Út og suður** (15:16) e.

**00.35 Kastljós**

**01.10 Dagskrárlök**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00** *Spy Kids 3-D: Game Over*

**08:00** *Just For Kicks*

**10:00** *The Five Senses*

**12:00** *Lost in Translation*

**14:00** *Spy Kids 3-D: Game Over*

**16:00** *Just For Kicks*

**18:00** *The Five Senses*

► **20:00** *Lost in Translation* Verðlauna-mynd. Bob Harris er staddur í Tókýó til að leika í auglýsingu. Aðalhlutverk: Bill Murray, Scarlett Johansson.

**22:00** *Gang Tapes*

**00:00** *Foyle's War 3*

**02:00** *Bordello of Blood* (e)

**04:00** *Gang Tapes*



**07:00** *Stubbarnir*

**07:25** *Kalli á þakinu*

**07:50** *Litlu Tommi og Jenni*

**08:10** *Oprah*

**08:55** í finu formi 2005

**09:10** *Bold and the Beautiful*

**09:30** *Wings of Love* (16:120)

**10:15** *Sisters* (3:24)

**11:00** *Whose Line Is it Anyway?*

**11:25** *Órlagadagurinn* (1:14)

**12:00** *Hádegisfréttir*

**12:45** *Nágrannar*

**13:10** *Sisters 4* (3:22)

**13:55** *A View From the Top*

**15:25** *Man's Work* (12:15)

**15:50** *S Club 7* (e)

**16:13** *Galdrastelpurnar* (24:26)

**16:33** *Beyblade*

**16:53** *Camp Lazlo 1*

**17:18** *Froskafjör*

**17:28** *Bold and the Beautiful*

**17:53** *Nágrannar*

**18:18** *Ísland í dag og veður*

**18:30** *Fréttir*

**18:55** *Ísland í dag, íþróttir og veð*

**19:40** *The Simpsons* (14:22) (e)

► **20:05** *Heima hjá Jamie Oliver*

**20:35** *Men In Trees* (13:17)

**21:20** *Saving Grace* NÝTT Spennandi þáttaröð með óskarsverðlaunaleikkonunni Holly Hunter í aðalhlutverki. 2007. Bönnuð börnum.

**22:05** *Weeds* (5:10)

**22:35** *Weeds* (6:10)

**23:05** *Les Miserables* Jean Valjean kemur sér áfram í þjóðfélaginu eftir að hafa afplánað langa fangelsisvist en lögreglufor-inginn Javert mun ekki láta staðar numið fyrr en hann hefur komið Valjean aftur í steininn. Aðalhlutverk: Liam Neeson, Geofrey Rush, Uma Thurman, Claire Danes. 1998. Bönnuð börnum.

**01:15** *NCIS NÝTT* (2:24)

**02:00** *Justice* (3:13)

**02:45** *Footballers' Wives* (6:8)

**03:35** *A View From the Top*

**05:00** *Heima hjá Jamie Oliver*

**05:25** *Fréttir og Ísland í dag*

**06:35** *Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVI*

## SYN besta sætið

**07:00** *NFL* (Bandaríski fótboltinn) Endursýning á leik San Diego Chargers og Chicago Bears sem fram fór í gærkvöld.

**15:30** *PGA Tour 2007* (Bandaríska móta-röðin) Sýnt frá lokahringnum á Cog Hill vellinum í Illinois sem fram fór í gær.

**18:30** *NFL* Endursýning á leik San Diego Chargers og Chicago Bears sem fram fór í gærkvöld.

**20:30** *David Beckham: New Beginnings* Heimildarmynd um nýtt upphaf Davids Beckhams í Bandaríkjunum en sem kunnugt er fluttist hann til Los Angeles í sumar til þess að leika með LA Galaxy.

**21:20** *Þýski handboltinn* Öll helstu til-þrifu úr þýska handboltanum þar sem allir okkar bestu leikmenn spila.

**22:00** *Meistaradeild evrópu fréttá-þáttur 07/08* Vandaður fréttáþáttur um allt það helsta sem er á döfinni í þessari sterku-ustu knattspyrnuvæðing heims.

**22:30** *David Beckham - Soccer USA* (7:13)

**23:00** *Heimsmótaröðin í Póker 2006*

## SYM2

**19:00** *Season Highlights* (Season Highlights 1996/1997) Allar leiktíðir Úrvals-deildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

**20:00** *PL Classic Matches* (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) (Crystal Palace - Blackburn, 97/98) Svipmyndir frá leik Crystal Palace og Blackburn leiktíðina 1992-1993.

**20:30** *PL Classic Matches* (Bestu leikir úrvalsdeildarinnar) (Man. Utd. - Sheffield Wednesday, 92/93) Svipmyndir frá leik Manchester United og Sheffield Wednesday leiktíðina 1992-1993. 21.00 Coca Cola mörkin 2007-2008 Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**21:30** *Premier League World* (Heimur úrvalsdeildarinnar) (Premier League World 2007/08) Nýr þáttur þar sem enska úrvals-deildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlutum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjórnm-arnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**22:00** *Premier League 2007/2008* (Sunderland - Liverpool) Útsending frá leik Sunderland og Liverpool.

## SKJÁREINN

**08:00** *Dr. Phil* (e)

**08:45** *Vörutorg*

**09:45** *Óstöðvandi tónlist*

**16:45** *Vörutorg*

**17:45** *Thick & Thin* (e)

**18:15** *Dr. Phil*

**19:00** *Giada's Everyday Italian* (e)

**19:30** *Andy Barker, P.I.* (e)

► **20:00** *Friday Night Lights* (4:22) Dramatísk þáttaröð um unginga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fót-boltaíðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Það er stórleikur framund-an gegn erkifjendum og bardaginn nær út fyrir völlinn. Nýi leikstjórnandinn sýnir hvað hann getur og Jason fær nýjan her-bergisfélag.

**21:00** *Raines* (3:7) Bandarísk þáttaröð með Jeff Goldblum í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumann sem rannsakir morð-mál og nær óvenjulegu sambandi við fórn-arlömbin. Heimilislaus kona er myrt í húsa-sundi og Raines kemst fljótt á spor.

**22:00** *C.S.I.: New York* (2:24) Banda-rísk sakamálaferia um Mac Taylor og fé-laga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Þrjár konur klæddar sem Holly Gollyghty úr myndinni *Breakfast at Tiffany's* fremja vopnað rán í skartgripaverslun sem endar með morði á starfsmanni verslun-arinnar. Annars staðar í borginni finnst lík í gömlu húsi sem verið er að rífa.

**22:50** *Jay Leno* Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.

**23:40** *George Michael: The Road to Wembley* (e)

**00:30** *Sleeper Cell* (e)

**01:20** *Bak við tjöldin - Vacancy*

**01:45** *Vörutorg*

**02:45** *Óstöðvandi tónlist*

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15** *Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4*. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

ÁSKRIFT: 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE



SPENNUÞÆTTIR MEÐ  
ÓSKARSVERÐLAUNA-  
LEIKKONUNNI HOLLY HUNTER  
**SAVING GRACE**  
FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD KL. 20:30

ÓDÝRARA Á NETINU  
Gakktu frá áskrift á Netinu  
og fáðu 30% afslátt af  
fyrsta mánuðinum.

**skemmtilegri**

## Í KVÖLD



STÖÐ 2 KL. 21.30

## Saving Grace

Í kvöld hefjast sýningar á spennandi þáttaröð með óskarsverðlaunaleik-konunni Holly Hunter í aðalhlutverki. Grace Hanadarko er lögreglukona sem er á góðri leið með að eyðileggja líf sitt þegar engill birtist henni og heitir að koma henni aftur á rétta braut. Í fyrsta þættinum verður alvarlegt bílslys til þess að Grace fær nýtt tækifæri til að lifa lífinu.

## ▶ GRACE KELLY

## Sjónvarpið kl. 20.10

Í kvöld verður sýnd frönsk heimildar-mynd um bandarísku leikkonuna Grace Kelly. Nær eingöngu er fjallað um tímabilið frá maí 1955 til maí 1956 og tilhugalíf og brúðkaup hennar og Rainers fursta af Mónakó. Grace Kelly lést 14. september 1982.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn  
07.05 Morgunvaktin  
09.05 Okkar á milli  
09.45 Morgunleikfimi  
10.13 Stefnumót  
11.03 Samfélagið í nærmynd  
12.00 Fréttayfirlit  
12.03 Hádegisútvarp  
12.20 Hádegisfréttir  
12.45 Veðurfregnir  
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
13.00 Vít og breitt  
14.03 Bak við stjórnunar  
15.03 Útvarpsagan: Vansæmd  
15.30 Dr. RÚV

16.13 Hlaupanótan  
17.03 Viðsjá  
18.00 Kvöldfréttir  
18.24 Auglýsingar  
18.25 Spegillinn  
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar  
19.00 Endurómur úr Evrópu  
20.00 Leynifélagið  
20.30 Vetur á Rás 1  
21.00 Framtíð lýðræðis  
22.15 Afsprengi  
23.10 Landnemasögur  
00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

18:30 Fréttir

19:00 Hollyoaks (10:260)

19:30 Hollyoaks (11:260)

20:00 The War at Home (20:22) Gam-anþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjólin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglöngana á heimilinu.

20:25 Most Shocking Hörkuspennandi raunveruleiki sem á engan sinn líkan. Hér er meðal annars fylgst með lögreglunni á þeirra mestu hættustundum og það er eins gott að halda sér fast. 2006.

21:15 Smallville (9:22) Sjötta þáttaröð-in um Ofurmennið á unglingsárunum. Í Smallville býr unglöngurinn Clark Kent. Hann er þrúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Leyfð öllum aldurshópum.

▶22:00 Monk (8:16) Fyrirverandi rann-sóknarlögregluþjónninn Adrian Monk snýr aftur í fimmta sinn og hann er enn að reyna að komast aftur að hjá lögreglunni. 2006.

22:45 The Tudors Dramatísk þáttaröð með gæðaleikaranum Jonathan Rhys Meyers í aðalhlutverki. Mayers er hér í hlut-verki Henrys VIII sem þekktur var fyrir ástar-sambönd sín ekki síður en konungstílinn. Stranglega bönnuð börnum.

23:40 The 4400 (9:13) Síðastiðin 50 ár hafa 4400 manns horfið frá heimilum sínum um gervöll Bandaríkin. Dag einn snúa þeir allir aftur þegar stór eldhnöttur fell-ur til jarðar frá geimnum. Sumir hafa ein-ungis verið týndir í nokkra mánuði en aðrir í nokkur ár. 2006.

00:25 Jake 2.0 (8:16) (e)

01:05 Joan of Arcadia (22:22) (e)

01:50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

## BBC PRIME

12.00 Down to Earth 13.00 Miss Marple 14.00 Passport to the Sun 14.30 Cash in the Attic 15.30 Small Town Gardens 16.00 As Time Goes By 16.30 My Family 17.00 Home Front 18.00 Silent Witness 19.00 Murder Prevention 20.00 Swiss Toni 20.30 I'm Alan Partridge 21.00 Silent Witness 22.00 Dad's Army 22.30 Murder Prevention 23.30 As Time Goes By 0.00 My Family 0.30 EastEnders 1.00 Silent Witness 2.00 Down to Earth 3.00 A Place in France 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Little Robots 5.10 Binka 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

## DR 1

12.00 Ægypten 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 TV Avisen med vejret 13.10 Dawson's Creek 14.00 Hjertefilmer 14.30 Snurre Snup som tryll-ekunstner 14.35 Skyland 15.00 Troldspejlet 15.30 Linus i Svinget 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Harry - med far i køkkenet 18.00 99 år og evig ung 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig - spejlbilleder 21.05 Seinfeld 21.30 OBS 21.35 Hush 4.30 Mira og Marie 4.35 Karlsson på taget 5.00 Charlie & Lola 5.15 Morten 5.30 NU er det NU 6.00 Pinky Dinky Doo

## NRK1

12.10 Med hjartet på rette staden 13.00 Fabrikken 13.30 Totalt genialt! 14.00 Gatefotball 14.30 Viva Pinata 14.40 Kid Paddle 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - Nyheter på samisk 15.25 Tid for tegn 15.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Barne-tv 16.25 Gjengen på taket 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Valg 07 - Valgnatt 21.00 Kveldsnytt 21.10 Valgnatta 21.30 Partilederrunden 22.00 Kort rik-soppsummering 22.05 Valgnatta 23.25 Valgnatta 23.30 Kulturmytt 4.25 Valg 07 - Valgmorgen

## SVT 1

11.50 Ministern 13.30 Andra Avenyn - castingen 14.00 Rapport 14.10 Gomorron Sverige 15.00 Globalisering 15.30 Krokamax 16.00 Nicke Nyfiken 16.25 Ebb och Flo 16.30 Allt om djur 16.55 Dr Dogg 17.00 Lilla sportspeglin 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn - castingen 18.30 Upp till kamp 20.00 Skadestånd 21.00 Rapport 21.10 Kulturmythema 21.20 Vita huset 22.05 Sändningar från SVT24 4.00 Gomorron Sverige



## Meistaránám í lyfjaskráningum

## NÁM SAMHLIÐA STARFI

Endurmenntun Háskóla Íslands býður upp á nýtt nám á meistarastigi í lyfjaskráningum í samstarfi við Rannsóknastofnun um lyfjamál og lyfjafræðideild HÍ.

Námið er bæði ætlað lyfjafræðingum sem starfa við lyfjaskráningar, eða vilja búa sig undir slík störf. Námið er einnig ætlað þeim sem hafa aðra háskólagráðu en lyfjafræði og hafa hug á að tileinka sér á hagnýtan hátt grundvallaratriði lyfjaskráninga. Forkröfur í námið er BS eða BA gráða eða sambærileg menntun.

Námið samanstendur af fjórum námskeiðum og er 12 einingar á meistarastigi:

Lyfjaskráningar I: Regulatory affairs

Lyfjaskráningar II: Regulatory affairs

Verkefnastjórnun

Verkefnanámskeið

Umsóknarfrestur er til 1. október. Kynningarfundur verður haldinn 25. september kl. 17:00 í húsnæði Endurmenntunar Dunhaga 7.

## Stutt námskeið í haust

- **Ný lyf á markaði á undanförunum árum.** Hefst 15. október. Námskeiðið er ætlað lyfjafræðingum.

- **Náttúruyf.** Hefst 12. nóvember. Námskeiðið er ætlað lyfjafræðingum og öðru heilbrigðisstarfsfólki.

Boðið verður upp á námskeiðin í fjárfundi ef næg þátttaka fæst.

ENDURMENNTUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDSNánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 [endurmenntun.is](http://endurmenntun.is)



„Ég hlusta voða mikið á íslenska tónlist eins og t.d. með Bjögga Halldórs, Stebba Hilmars, KK og Magga Eiríks og Bubba. Hann klikkar ekki.“

Ottó Magnússon matreiðslumeistari.

# Verðlaunuð á stuttmyndahátíð í Hollywood

Eyrún Eyleifsdóttir er grafískur hönnuður sem hefur búið í Los Angeles og stundað þar nám í eitt ár. Í sumar sendi hún útskriftarverkefni sitt úr Myndlistaskólanum á Akureyri, stuttmyndina *Midnight*, inn á stuttmyndahátíð í Hollywood. Myndin vann aðalverðlaun hátíðarinnar og hefur verið valin til sýningar á annarri stuttmyndahátíð í Englaborginni síðar í mánuðinum. „Það voru þó nokkuð margir sem tóku þátt. Hátíðin var öllum opin og bæði byrjendur og lengra komnir kepptu í sama flokki,“ segir Eyrún sem fékk ýmis hönnunarforrit í verðlaun. „Ég fór í viðtal hjá einhverri sjónvarpsstöð eftir verðlaunaafhendinguna og fyrsta spurningin var hvort ég þekkti Björk – þetta var mjög myndið allt saman.“

Eyrún er nýútskrifuð úr námi í hreyfifrafík og brellum fyrir kvikmyndir og sjónvarp og segist stefna á að búa í Los Angeles í framtíðinni. Hún segist vera að leita sér að föstu starfi

þótt hana skorti ekki verkefni. „Ég er að gera grafik fyrir sjónvarpsþátt, kvikmynd í fullri lengd og tvær auglýsingar. Önnur þeirra er fyrir álfaráðstefnu sem verður haldin í Philadelphiu í október ef einhver hefur áhuga á að mæta,“ segir hún og skellir upp úr. „En það er betra að hafa fasta vinnu svo ég geti fengið atvinnu-vegabréfsáritun og verið hérna lengur.“

Í Hollywood eru kvikmyndastjörnur á hverju strái en Eyrún segist hætt að kippa sér upp við að mæta þeim á götu. „Manni finnst þetta ekki eins merkilegt og fyrst. Ég fór reyndar á opnun á *Evan Almighty* í sumar í Universal-stúdíóinu. Það var þvítíkt upplifelsi að labba inn rauða dregilinn og sjá fólkíð hinum megin við grindverkið með myndavélarnar á lofti. Eftir sýninguna fórum við í partí þar sem ég stóð við hlaðborðið með David Hasselhoff, okkur langaði greinilega báðum í pylsu.“



GERIR GRAFÍK FYRIR KVIKMYND OG ÁLFARÁÐSTEFNU Eyrún Eyleifsdóttir hefur nóg að gera í Los Angeles þar sem hún vinnur meðal annars að grafik fyrir sjónvarpsþátt, kvikmynd og auglýsingu um álfaráðstefnu í Philadelphiu.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

**LÁRÉTT**

2. þurka út 6. hef leyfi 8. skref 9. kraftur 11. tveir eins 12. bein 14. útlit 16. rás 17. sefa 18. niður 20. 950 21. nabbi.

**LÓDRÉTT**

1. fyrirhöfn 3. tveir eins 4. tréspiritus 5. stefna 7. ákafur 10. snikjudýr 13. belja 15. hefðarkona 16. espa 19. tveir eins.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. afmá, 6. má, 8. fet, 9. afl, 11. tt, 12. kjúka, 14. ásýnd, 16. æð, 17. róa, 18. suð, 20. lm, 21. arða.

**LÓDRÉTT:**

1. ómak, 3. ff, 4. metanól, 5. átt, 7. áfjádúr, 10. lús, 13. kýr, 15. dama, 16. æsa, 19. óð.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Jóhannes Rúnar Jóhannsson.
2. Bókmenntahátíðin í Reykjavík.
3. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir.

**allt tilboð**  
Alla föstudaga

ÓTTAR M. NORÐFJÖRD: NÝRRI BÓK LÍKT VIÐ VIÐ DA VINCI LYKILINN

## Íslenskur Dan Brown fundinn

Bókaútgáfan Bjartur sendi á dögum frá sér tilkynningu þess efnis að forlagið hygðist leita að nýjum Dan Brown hér á landi, en Brown er sem kunnugt er höfundur *Da Vinci-lykilsins*, söluhæstu bókar allra tíma. Áætlað er að verðlaunabókin komi út næsta haust. Tómas Hermannsson, útgáfustjóri hjá bókaútgáfunni Sögur, segir hins vegar að hinn nýi Dan Brown sé þegar fundinn því margir hafi orðið til þess að líkja nýjustu skáldsögu Óttars M. Norðfjörð við verk Browns. Um er að ræða fyrstu glæpasögu Óttars, *Hnífur Abrahams*, og kemur hún út 20. október næstkomandi.

„Það virðast allir vera sammála um þetta,“ segir Tómas. „Við fórum að láta hina og þessa lesa bókina og bæði Katrín Jakobsdóttir og Práinn Bertelsson minntust á þennan skyldleika í umsögn sinni. Óttari tekst á ótrúlega flottan hátt að blanda sagnfræðilegum fróðleik inn í spennandi krimma. Ég trúði því ekki að ég væri að lesa bók eftir íslenskan höfund þegar ég las handritið. Ég held því fram að hér sé snillingur á ferð og það er ýmislegt að gerast í sambandi við erlenda útgáfu á bókinni. Þeir hefðu alveg getað sleppt því að vera með þessa keppni hjá Bjarti,“ segir hann og hlær, en Bjartsmenn hafa látið þau boð út ganga að sigurhandrit keppinnar verði kynnt í umfangsmikilli, alþjóðlegri herferð.

Óttar, sem er búsettur í Barcelona og vinnur þar að nýrri skáldsögu, segir samlíkinguna ekki koma sér á óvart. „Ég er vissulega undir áhrifum frá Dan Brown og er ekkert að fela það. Það er kannski klisja en hann opnaði augu mín fyrir ákveðinni tegund bókmenntahefðar sem ég hafði ákveðna fordóma fyrir. Þessi leit Bjarts að hinum íslenska Dan Brown er þess vegna svolítið myndin af því að fyrsta íslenska Dan Brown-bókin kemur út eftir mánuð hjá Sögum. Annars er svo mikið snobb í bókmenntastéttinni. Ég sem ungur höfundur hefði náttúrulega átt að fara í feluleik og þykjast ekki

**SAGT UM ÓTTAR**

„Óttar fer hér áður ótroðnar slóðir í íslenskum glæpasagnaheimi með nýrri menningarlegri glæpasögu þar sem sótt er á sömu mið og t.d. Dan Brown hefur róið og fiskað. Djörf og spennandi tilraun.“

Katrín Jakobsdóttir alþingiskona

„Hörkuspennandi bók með sagnfræðilegu ívafi. Dan Brown hefur eignast íslenskan keppinaut!“

Práinn Bertelsson rithöfundur



**SEGIR SÍNA BÓK ÁHUGAVERÐARI** Óttar segist ekki fela þá staðreynd að hann sé undir áhrifum frá Dan Brown. Hann segir sína bók þó áhuga-verðari að einhverju leyti þar sem hún fjalli um málefni nútímans, þ.e. árekstra kristni og íslam.



**HEFÐU GETAÐ SLEPPT KEPPNINI** Bjartur bókaútgáfa lýsti í vikunni eftir íslenskum Dan Brown. Tómas Hermannsson, útgáfustjóri hjá Sögum, segir leitina óþarfa þar sem hann sé þegar fundinn.

kannast við samlíkinguna,“ segir hann og hlær. „Það sem gerir mína bók áhugaverðari að einhverju leyti er að hún fjallar um árekstra kristni og íslam, það efni skiptir miklu meira máli í dag heldur en það hvort Jesús hafi eignast barn með Maríu Magdalenu eða ekki.“

sigrunosk@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Það er í nógu að snúast hjá tónlistarkonunni **Védisi Hervöru Árnadóttur**. Hún undirbýr nú útgáfu á sólóplötu sinni og er fyrsta lagið af henni komið í sölu á Tónlist.is. „Skellið ykkur á [www.tonlist.is](http://www.tonlist.is) og kíkið á gripinn. 149 krónur. Ódýrara en latté í Odda... koma svo! Styrkja fátæka náms- listamenn,“ skrifar Védis á blogg síðu sína. Verðsamanburðurinn við kaffið í Odda skýrist af því að Védis hefur nýhafið nám í mannfræði við Háskóla Íslands. Þar sækir hún tíma mánudaga til fimmtudaga en fær svo frí á föstudögum sem gerir henni kleift að skjótast til London um helgar til að vinna að plötu sinni.



**Brynjar Már Valdimarsson** heldur áfram sigurgöngu sinni í grísku útvarpi. Lag hans, *In My Place*, er nú komið í efsta sæti vinsældarlistans hjá útvarpsstöðinni Radio 1 þar á landi en lagið hefur klífrað hratt upp listann undanfarnar vikur. Brynjar Már starfar sem útvarpsmaður á FM957 en gerir tónlist sína undir nafninu BMV.



Kvikmyndaleikstjórinn **Reynir Lyngdal** bregður sér í ýmissa kvikinda líki. Auk aðalstarfsins hefur hann um langt skeið verið vinsæll plötusnúður en þess utan hefur hann einnig atvinnu af því að tala inn á auglýsingar. Reynir talar til að mynda inn á nýja og umdeilda auglýsingu Símans, Síðustu kvöldmáltíðina, sem **Jón Gnarr** er arkitektinn að. Reynir virðist vera talinn vel til þess fallinn að selja landsmönnum síma því þar á undan hafði hann talað inn á tvær auglýsingar fyrir Vodafone.



- hdm

## Bassaleikari selur barnaföt

Kári Jónsson, meðlimur hljómsveitarinnar 200.000 naglbítar, opnaði nýverið barnafata-, gjafavöru- og búshaldaverslunina Snúðar & snældur á Selfossi ásamt konu sinni Lovísu Guðmundsdóttur. „Við köllum þetta litríka fjölskylduverslun,“ segir Kári en hann hefur búið ásamt Lovísu og þrem-

ur börnum á Selfossi í eitt og hálf t.ár. Fjölskylduverslun er réttnefni því heimasíðan, [www.snudar.is](http://www.snudar.is), er hönnuð af Kára og föður hans auk þess sem tengdamamma og – amman leysa af bak við búðarborðið. „Okkur fannst vanta svona verslun hérna, sendum fyrirspurn til fyrirtækis í Danmörku um vörurnar þeirra og fengum jákvæð viðbrögð. Svo gerðist þetta furðulega hratt. Það tók bara um tvo mánuði að finna húsnæði og koma þessu á koppinn,“ segir Kári en í búðinni eru nú seldar vörur frá um tíu fyrirtækjum frá Svíþjóð, Frakklandi, Danmörku, Hollandi og Bandaríkjunum.

Kári segir að verslunin fari vel af stað en að frítími sé af skornum skammti því samhliða verslunarstörfunum vinnur hann sem rannsóknastjóri á Skjáeinum. „Það eru komnir þrír mánuðir síðan við byrjuðum og þetta lifir góðu lífi



LITRÍK HEIMASÍÐA Heimasíða verslunarinnar, [snudar.is](http://www.snudar.is), er hönnuð af Kára og þabba hans.

enn sem komið er. Maður situr til klukkan tólf öll kvöld að svara tölvupósti, leggja inn pantanir og raða í hillurnar. Það var greinilega fótur fyrir þessu hugboði okkar. Nú og ef þetta gengur ekki þá fá bara allir barnaföt og gjafavörur í jólapakkann næstu árin.“

- sók



OPNAÐI VERSLUN Á SELFOSSI Naglbíturinn Kári Jónsson opnaði verslunina Snúðar & snældur á Selfossi ásamt konunni sinni.

Hvað er að fréttu?




Bylting í amerískum heilsudýnum

# Nýjar *Chiropractic* 2007 heilsudýnur

**Sú besta**  
samkvæmt stærstu samtökum  
Kírópraktora í heimi



Mikið úrval af hágæða  
sængurverasettum í gjafaöskjum



Frí þrýstijöfnunarmæling  
sem greinir hvaða dýna  
hentar þér best



Veldu þinn stíl,  
hannaðu þitt eigið útlit!



Hágæða sængur frá Betty



Fallegir svefnsófar  
með góðum dýnum

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI



**Svefn & heilsa**  
★★★★★

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR



**Svefn & heilsa**  
★★★★★

REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150  
Ópið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)



## BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR


Ég er frjálsborinn Íslendingur

**Í VÍSINDASKÁLDSÖGUM** og kvikmyndum er það alþekkt þema að vélmenni með margfalda mannlega krafta snúast gegn skapara sínum, mannkyninu – og enginn nema Bruce Willis getur bjargað framtíð okkar á jörðu.

**Í VERULEIKANUM** eru það ekki vélmenni heldur óáþreifanlegar verur, hvorki lifandi né dauðar, sem hafa snúist gegn mannkyninu. Þessar verur sitja yfir hlut fólks, skammta því lífskjör, frelsi, ákveða smekk þess og ráða yfir fræðslu og afþreyingu.

**SKUGGAVERUR** þessar kallast fyrirtæki og þau grimmostu heita BANK, GROUP, HOLDING eða CAPITAL. Eitthvað höfum við reynt að skapa lagalegt umhverfi til að hafa hemil á þessum tröllauknu tilberum sem sjúga úr okkur alla nyt. En hvernig á að setja lög um nýja tegund af ómennskum risum? Stóru fyrirtækin drepa þau litlu sér til matar. Það er frjáls samkeppni. Þessum skuggaverum er ekkert heilagt. Þau óttast hvorki guð né menn og sýna það með því að nota guðlast í auglýsingaskyni til að hreykja sér. Það hneykslar mig ekki en ég óttast risafyrirtæki sem eru jafnheimsk og þau eru voldug. Þessir ómennsku risar hafa ekki kosningarétt en þeir hafa það vald sem peningum fylgir – vald sem er mun sterkara en kosningaréttur einstaklinga.

**FYRIRTÆKI** borga miklu lægri skatta en manneskjur. Einyrkjar þurfa að breyta sér í fyrirtæki til að komast undan skattþingi sem er talin mátuleg fyrir fólk sem lifir á vinnuframlagi sínu. Það er bæði löglæst og svívirðilegt ranglæti. MÉR blöskrar umhyggjuleysi stjórnálamanna fyrir þjóð sinni. Hvernig væri að slaka aðeins á í þeim metnaði að kaupa íslenskum embættismönnum háar stöður á alþjóðavettvangi og líta sér nær, hugsanlega með því að huga að stöðu litla mannsins, manneskjunnar sem fjórða hvert ár er kölluð kjósendi? Hvernig væri að kjósendur nyttu sömu velvildar stjórnvalda og fyrirtækin gera? Hvernig væri að hvíla sig á umræðunni um evru eða krónu fram að jólum og taka smá umræðu um hvers konar samfélag okkur manneskjurnar langar að móta? Ég er frjálsborinn Íslendingur og hef engan áhuga á að vera þræll eins eða neins.



## NISSAN NAVARA ER FULLKOMINN PALLBÍLL

NISSAN NAVARA er með sterka og þægilega sjálfskiptingu og eina aflmestu dísilvélinu í sínum flokki sem fer létt með að draga allt að 3ja tónna kerru.

NISSAN NAVARA er með þægileg sæti, rikulegan staðalbúnað og flotta innréttingu.

NISSAN NAVARA er sterkur og endingargóður pallbill á góðu verði.

- 2.5 lítra dísilvél „common rail“
- 174 hestöfl (403Nm)
- Hraðastillir „Cruise Control“ (LE)
- Tveggja svæða loftkæling
- Álfelgur
- 100% driflæsing í afturdrifi



NISSAN NAVARA sjálfskiptur SE  
Verð frá aðeins **3.390.000 kr.**

Bílar á myndum eru af LE gerð.

KOMDU OG REYNSLUAKTU



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 / Sími 525 8000 / www.ih.is / Opið: Mán frá kl. 10 - 18 og þri til fös frá kl. 9 - 18.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er mánudagurinn 10.  
sept., 253. dagur ársins 2007.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	6.35	13.25	20.13
Akureyri	6.16	13.09	20.01

Heimild: Almanak Háskólans